

# Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024



**Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu**

**TGJ**

**TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR**

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS



# Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 – 2024

Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu

Samþykkt í hreppsnefnd Helgafellssveitar 12. maí 2015



TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

## **Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 – 2024**

Verkkaupi: Hreppsnefnd Helgafellssveitar

Umsjónarmaður verkkaupa: Jökull Helgason byggingarfulltrúi Helgafellssveitar

Verktaki: TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur ark. faí.

Ábyrgðarmaður: Guðrún Jónsdóttir ark.fái.

Höfundar: Páll Jakob Líndal líffræðingur og doktor í umhverfissálfr. og

Guðrún Jónsdóttir arkitekt faí.

Framsetning korta: Ólöf Guðný Valdimarsdóttir ark. faí. og

Ragnheiður Ragnarsdóttir ark. faí.

Aðstoð við öflun gagna: Jökull Helgason byggingarfulltrúi Helgafellssveitar

Kápumynd: Helgafell ljósm. óp.

Myndir við upphaf einstakra kafla: Ljósrit af vatnslitammyndum og pennateikningum W.A. Collingwood.

Aðrar ljómyndir tóku: Guðrún Halla Gunnarsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Jóhannes E. Ragnarsson og Magnús A. Sigurðsson

Útgefandi: Helgafellssveit

© 2015 Helgafellssveit og höfundar

## Staðfestingarsíða

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 – 2024, skipulagsuppdráttur í m:1:50.000, greinargerð og umhverfisskýrsla, sem auglýst hefur verið skv. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt af hreppsnefnd Helgafellssveitar

Þann 12. maí 2015

---

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 – 2024, skipulagsuppdráttur í m: 1:50.000 og geinargerð var staðfest af Skipulagsstofnun samkvæmt 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Þann \_\_\_\_\_ 2015

Staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 og með fyrirvara um að gert verði ofanflóðahættumat skv. lögum nr. 49/1997 á deiliskipulagsstigi og við afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.



## Formáli

Síðastliðinn áratug hefur hreppsnefnd Helgafellssveitar unnið að mótun aðalskipulags fyrir Helgafellssveit í samvinnu við Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts. Þessi áætlun, sem sett er fram skv. skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og lögum nr. 105/2006 um umhverfismat, er fyrsta aðalskipulagsáætlunin, sem gerð er fyrir sveitarfélagið.

Áætlunin á að gefa til kynna þá framtíðarsýn sem sveitarstjórnin og íbúar sveitarinnar hafa fyrir okkar fallegu sveit. Lögð er áhersla á að taka tillit til sögulegra menningarminja, náttúru- og jarðfræðilegra minja, sem eru óvenju fjölbreytilegar, ásamt því er hugað að nýtingu svæðisins í takt við góða umgengni við náttúruna. Að hluta til er sveitin landbúnaðarsvæði og þess vegna er mikilvægt að varðveita náttúruna, ekki síst fyrir náttúruunnendur, útivistarfólk og erlenda ferðamenn, sem koma til að njóta hennar.

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024 verður góður vegvísir fyrir íbúa og aðra, sem stunda vilja atvinnu allt árið eða hluta úr ári í sveitinni. Skipulagið hjálpar til við að taka vandaðar ákvarðanir um skipulags- og byggingarmál sveitarinnar og ekki síður til að skynja sérstöðu og verndunarhlutverk okkar íbúanna gagnvart náttúrunni og lífríki sveitarinnar.

Maí 2015,

---

Sif Matthíasdóttir,  
oddviti Helgafellssveitar

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Landfræðilegt umfang aðalskipulagsins .....	2
Efnislegt umfang Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 - 2024.....	2
Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir .....	4
Framsetning efnis, kortagrunnur, skýringaruppdrættir og fleira .....	4
Vinnuferlið við aðalskipulagsgerðina .....	5
1. kafli. Forsendur – Náttúra .....	15
1.1 Staðhættir og landslag .....	16
1.2 Veðurfar .....	16
1.3 Náttúruvá .....	19
1.4 Jarðfræði .....	20
1.5 Vatnafar.....	22
1.6 Lífríki.....	22
1.7 Skógar, skógrækt og landgræðsla .....	25
1.8 Náttúruvernd .....	27
1.9 Niðurstöður .....	29
2. kafli – Forsendur: Samfélag.....	31
2.1 Sögu- og menningarminjar.....	32
2.2 Íbúáþróun og aldursskipting .....	41
2.3 Byggð .....	42
2.4 Atvinna .....	45
2.5 Samgöngur .....	47
2.6 Samfélagsþjónusta og rekstrarform .....	51
2.7 Veitur, lagnir og fjarskipti.....	52
2.8 Úrgangsmál .....	54
2.9 Helstu niðurstöður .....	55
3. Kafli. Umhverfisskýrsla .....	57
Samantekt .....	58
Umhverfisáhrif .....	58
Heildarniðurstaða .....	59
3.1 Inngangur .....	60
3.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats .....	61
3.3 Tengsl við aðra áætlanagerð .....	61
3.4 Heildarstefna hreppsnefndar .....	61
3.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins.....	62
3.6 Núllkostur .....	62
3.7 Umhverfisþættir .....	64
3.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf .....	64
3.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum.....	64
3.10 Umhverfismat .....	65
3.11 Greinargerð hreppsnefndar .....	81
4. Kafli. Skipulagsáætlunin - landnotkun og þróun byggðar .....	83
Inngangur .....	84
4.1 Landbúnaður .....	87
4.2 Íbúðarbyggð .....	88
4.3 Frístundabyggð og ferðamennska .....	90



4.4	Iðnaðarsvæði.....	97
4.5	Verslun og þjónusta .....	98
4.6	Samfélagsþjónusta .....	98
4.7	Náttúra .....	99
4.8	Minjavernd .....	101
4.9	Hverfisvernd.....	102
4.10	Vatnsvernd .....	104
4.11	Afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og opin svæði .....	105
4.12	Skógræktar- og landgræðslusvæði .....	106
4.13	Samgöngur .....	108
4.14	Veitur.....	109
4.15	Efnistökusvæði .....	110
4.16	Sorp og sorphirða.....	112
4.17	Náttúruvá .....	113
5.	kafli - Um mat á umhverfisáhrifum .....	115
5.1	Tilgangur og hlutverk mats á umhverfisáhrifum.....	116
5.2	Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum .....	116
5.3	Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum .....	116
6.	kafli. Framfylgd aðalskipulags og heimildir .....	119
6.1	Heimildir.....	122

## Myndir

Mynd 1.	Meðalhitastig hvers árs í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 - 2012 .....	17
Mynd 2.	Meðalhitastig hvers mánaðar í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 – 2012.....	17
Mynd 3.	Árúrskoma í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 - 2012. ....	17
Mynd 4.	Meðalúrskoma hvers mánaðar í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 - 2012.....	18
Mynd 5.	Tíðni vindátta (%) í Stykkishólmi á tímabilinu 1990 – 2012.....	19
Mynd 6.	Meðalvindhraði hvefrrar vindáttar í Stykkishólmi á tímabilinu 1990 – 2012. ....	19
Mynd 7.	Íbúaþróun á árunum 1998 - 2012.....	41
Mynd 8.	Aldursskipting íbúa á árunum 1998 og 2012.....	41
Mynd 9.	Þróun í fjölda starfandi eftir atvinnugreinum á tímabilinu 1998 – 2005.....	45
Mynd 10.	Fjöldi nautgripa, kúa og hrossa á árunum 1992 til 2012. ....	45
Mynd 11.	Fjöldi sauðfjár og áa á árunum 1992 til 2012. ....	46
Mynd 12.	Fjöldi gistinátta hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum á Vesturlandi á tímabilinu 1999 – 2012.....	46
Mynd 13.	Fjöldi gistinátta Íslendinga og erlendra ferðamanna á Vesturlandi eftir mánuðum árið 2012.....	47

## Töflur

Tafla 1. Yfirlit yfir samþykktar skipulagsáætlanir fram til 1. desember 2012 .....	4
Tafla 2. Skipting gróðurfars.....	23
Tafla 3. Svæði í Helgafellssveit, sem eru á Náttúruminjaskrá 1996.....	27
Tafla 4. Dýrleiki jarða 1702 og 1847.....	36
Tafla 5. Yfirlit um fjölda hjáleiga og meintra býla .....	37
Tafla 6. Tegundir fornleifa og fjöldi.....	38
Tafla 7. Friðlýstar fornminjar skv. Þjóðminjalögum nr. 107/2001 .....	39
Tafla 8. Friðaðar kirkjur í Helgafellssveit skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001 ....	41
Tafla 9. Yfirlit yfir eignarhald, búsetu og samþykktu landnotkun .....	42
Tafla 10. Yfirlit yfir fjölda íbúðarhúsa og frístundahús á einstökum jörðum .....	44
Tafla 11. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega.....	48
Tafla 12. Yfirlit yfir umferð á vegum .....	49
Tafla 13. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna íbúðabyggðar .....	65
Tafla 14. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabyggðar .....	67
Tafla 15. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða, íþróttasvæða og opinna svæða .....	69
Tafla 16. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ræktun skóga færi fram .....	71
Tafla 17. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna hverfisverndar .....	73
Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna jarðvangs (geopark) .....	75
Tafla 19. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna vatnsaflsvirkjana .....	77
Tafla 20. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum efnistöku .....	79
Tafla 21. Landnotkun jarða/jarðarspilda skv. Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024. ....	85
Tafla 22. Stærð og staðsetning svæða undir frístundabyggð .....	92
Tafla 23. Flokkun staða/svæða sem tillaga er gerð um að njóti hverfisverndar. ....	103
Tafla 24. Yfirlit yfir námur .....	111

## Skýringarkort

Skýringarkort 1. Friðland í Breiðafirði .....	28
Skýringarkort 2. Landnámsjarðir, mörk landnáms og mikilvægir sögustaðir á Þórsnesi .....	32
Skýringarkort 3. Áhugaverð svæði vegna jarðminja, náttúruminja og menningarminja.....	94
Skýringarkort 4. Friðlýst svæði samkv. Þjóðminjalögum nr. 107/2001 ásamt friðuðum kirkjum sbr. lög nr. 104/2001, friðlýst æðarvarp á Jónsnesi, svæði á Náttúruminjaskrá 1996, vatnsverndarsvæði Stykkishólms, friðlýstar fornminjar og hverfisvernduð svæði. ....	102

## Inngangur



W.A. Collingwood

Kónsbakki í Helgafellssveit

## Landfræðilegt umfang aðalskipulagsins

Helgafellssveit er á norðanverðu Snæfellsnesi. Aðliggjandi sveitarfélög eru: Grundarfjarðarbær í vestri, Stykkishólmsbær í norðri, Dalabyggð í austri, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur í suðri.

Aðalskipulagið tekur til alls lands í Helgafellssveit og er heildarflatarmál 243 km<sup>2</sup>.

Afmörkunin er:

- Seljafjörður og Gjafamúli í vestri.
- Álftafjörður í austri.
- Að sjó og sveitarfélagamörkum við Stykkishólm í norðri.
- Í suðri liggja sveitarfélagamörkin upp á fjallgarðinum að mörkum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar.

## Efnislegt umfang Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 - 2024

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 er unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Í 1. lið 2. gr. þeirra laga segir um aðalskipulag: „*Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.*“

Um markmið laganna er fjallað í 1. gr., en þar segir:

„*Markmið laga þessara eru:*

- a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.*
- b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.*
- c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.*
- d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana.*
- e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulags-áætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.*“

### Leiðarljós Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 - 2024

Við gerð Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 er haft að leiðarljósi að draga fram kosti sveitarfélagsins til búsetu, hvort sem um er að ræða til heilsársbúsetu eða búsetu í frístundum. Að því skal stefnt svo sem unnt er að tryggja þeim sem þar dvelja örugg, eftirsóknarverð og áhugaverð búsetuskilyrði.

Litið er á hið sérstaka landslag svæðisins, náttúrufar, sögu, búsetu- og menningarminjar sem auðlind, sem beri að taka mið af við skilgreiningu á landnotkun innan sveitarfélagsins. Miðað er við að nýting lands verði á forsendum sjálfbærrar þróunar. Í skipulagsáætluninni er miðað við að íbúum með lögheimili í hreppnum fjölgi á skipulagstímabilinu, að félagsleg heild eflist og sjálfsmynd íbúanna styrkist.

## Meginmarkmið Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 - 2024

### Félagsleg markmið

- Stefnt er að því að fjölga fólki með fasta búsetu í sveitarfélaginu til að styrkja hina félagslegu heild.
- Stefnt er að því að leggja aukna áherslu á íbúalýðræði, kynningu á rannsóknum, skipulagsáætlunum og því fjölmarga sem svæðið hefur upp á að bjóða.
- Stefnt er að því að styrkja félagslíf í sveitarfélaginu og tengsl milli þeirra sem hafa þar fasta búsetu og hinna sem þar hafa aðsetur hluta úr ári.
- Stefnt er að því að fjölbreytilegir möguleikar fyrir samveru fólks utan sem innan dyra séu fyrir hendi í hreppnum.

### Atvinna

- Stefnt er að því að skapa fjölbreyttari atvinnutækifæri í hreppnum meðal annars með því að nýta sérstöðu hans t.d. í sambandi við menningartengda ferðaþjónustu, margvíslega fræðslu og rannsóknir, veiðar og útivist.
- Stefnt er að því að efla og þróa landbúnað í hreppnum, vistvæna ræktun landbúnaðarvara og framleiðslu sérstakra afurða til matargerðar.
- Stefnt er að því að efla ferðaþjónustu bænda og handverk af ýmsu tagi.

### Umhverfismál og verndun menningarminja.

- Lögð verður áhersla á heilbriggt umhverfi, verndun og vöktun mikilvægra náttúrusvæða.
- Lögð verður áhersla á verndun menningarminja.
- Stefnt er að skráningu vatnsbóla og afmörkun vatnsverndarsvæða í hreppnum.
- Lögð verður áhersla á að umhverfisásýnd verði bætt með uppgræðslu rofsvæða og lítt eða ógróins lands og frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum.

### Umferðarmál, fjarskipti

- Lögð verður áhersla á endurbætur á vegakerfi og viðhald vega í sveitarfélaginu í því skyni að gera vegakerfið öruggara. Þá þurfa menn að vera meðvitaðir um vaxandi hjólreiðar um vegi landsins.
- Lögð verður áhersla á að bæta og merkja gönguleiðir.
- Lögð verður áhersla á góð fjarskipti.

### Rannsóknir

- Stefnt er að húsakönnun (mannvirkjaskráningu) í hreppnum í samvinnu við Húsafriðunarnefnd ríkisins.
- Stefnt er að því í samvinnu við Eyja-og Miklaholtshrepp að kannaðir verði möguleikar á því að koma á fót jarðvangi í þessum tveimur hreppum (og e.t.v. nágrannasveitarfélögum) til eflingar ferðamennsku.
- Stefnt er að eflingu rannsókna á sviði ferðamála.
- Leitað verður leiða og rætt við þar til bærar stofnanir um að úttektir og rannsóknir verði auknar í hreppnum á sviði náttúrufars almennt og sögu.

## Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Aðalskipulag fyrir Helgafellssveit 2012 - 2024 tengist Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 - 2015 (staðfestu 8. júlí 1997), Aðalskipulagi Stykkishólms 2002 - 2022 (staðfestu 9. júlí 2002), Aðalskipulagi Grundarfjarðar (staðfestu 12. febrúar 2010), Aðalskipulagi Dalabyggðar (24. ágúst 2009) og Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020 (samþykkt af sveitarstjórn 28. apríl 2014) . Staðfest 2014 .

Þá eru tengsl á milli skipulags hreppsins og staðfestrar Verndaráætlunar Breiða-fjarðar.

Hreppurinn er í umdæmi Vesturlandsskóga.

Tafla 1 sýnir yfirlit yfir staðfestar og samþykktar skipulagsáætlanir í Helgafellssveit fram til 1. desember 2012.

**Tafla 1. Yfirlit yfir samþykktar skipulagsáætlanir í Helgafellssveit fram til 1. desember 2012**

Jörð	Afgreiðsla	Skipulagsstig
Gríshóll (Lindárvirkjun)	samþykkt	deiliskipulag
Horn (miðlunarstífla við útfall Hraunfjarðarvatns)	samþykkt	deiliskipulag
Hólar	samþykkt	deiliskipulag
Hólar	samþykkt	deiliskipulag
Hólar (ferðaþjónusta)	samþykkt	deiliskipulag
Hrísar	samþykkt	deiliskipulag
Hrísar (virkjun í Svelgsá)	samþykkt	deiliskipulag
Innri-Kóngsbakki	samþykkt	deiliskipulag
Kársstaðir	samþykkt	deiliskipulag
Saurar (ferðaþjónusta)	samþykkt	deiliskipulag
Úlfarsfell	samþykkt	deiliskipulag

*Heimild: Skipulagsstofnun og oddviti*

## Framsetning efnis, kortagrunnur, skýringaruppdrættir og fleira

Skipulagsáætlunin er sett fram annars vegar í formi greinargerðar, þar sem einnig eru töflur, kort og myndir til glöggvunar við lestur og yfirferð. Hins vegar í formi aðalskipulagsuppdráttar í mælikvarða 1:50.000.

## Vinnuferlið við aðalskipulagsgerðina

Vinna við gagnasöfnun í tengslum við aðalskipulagsgerð fyrir Helgafellssveit hófst árið 2004. Í byrjun árs 2005 lá fyrir samningur um gerð aðalskipulagsins milli TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur og sveitarstjórnar. Í fyrstu var samið um að TGJ ynni aðalskipulag fyrir þrjú sveitarfélög á þessu svæði, en þau voru auk Helgafellssveitar, Eyja- og Miklaholtshreppur og Kolbeinsstaðahreppur.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 sameinaðist Kolbeinsstaðahreppur Borgarbyggð og var þar með ekki lengur aðili að samningnum.

Í samantekt yfir gang mála frá 1. nóvember 2006, sem TGJ tók saman að beiðni bæjarstjóra Borgarbyggðar segir m.a.: „Búið er að vinna upp kortagrunn frá Landmælingum Íslands og færa inn jarðamörk frá Nytjalandi. Kortagrunnurinn hefur verið sendur oddvitum og óskað eftir leiðréttingum bæði á jarðamörkum og öðrum villum sem þar kunna að vera. Vettvangsferðir hafa verið farnar, myndir teknar og rætt við þá landeigendur/ábúendur sem óskað hafa eftir viðtölum/heimsóknum. Þá voru landeigendum /ábúendum send kort af jörðum sínum og þeir beðnir um að gefa ákveðnar upplýsingar um hvað þeir hafa nú þegar gert og hvað þeir hyggjast fyrir í sambandi við landnotkun á jörðum sínum.“

Snemma á skipulagsferlinu var óskað eftir skýrslu um fornleifar í Helgafellssveit, en skv. ákvæðum þjóðminjalaga er skylt að slík skýrsla liggja fyrir áður en gengið er frá skipulagi. Þá var óskað eftir skýrslu um jarðfræði svæðisins og skýrslu um fuglalíf.

Fornleifaskýrslan liggur fyrir og kom hún út árið 2005. Hún var unnin af Fornleifastofnun Íslands. Hinar skýrslurnar bárust sem yfirlit yfir stærri svæði.

Fyrsti fundur með sveitarstjórnarmönnum á svæðinu var haldinn árið 2004. Þá voru lögð fram fyrstu drög að efnisyfirliti, drög að leiðarljósi og markmiðum fyrir vinnuna o.fl.

Þann 14. september 2005 var haldinn almennur fundur fyrir íbúa svæðisins, þar sem þeir voru m.a. inntir eftir framtíðarsýn fyrir svæðið og kort yfirfarin og leiðrétt. Fundurinn var haldinn í félagsheimilinu Breiðabliki. Þá hafa verið haldnir all margir fundir með oddvita og byggingarfulltrúa hreppsins. Þann 12. júní 2009 var haldinn fundur að Norðurási með sveitarstjórn og byggingarfulltrúa, þar sem ítarlega var farið yfir tillöguna, kort, greinargerð og umhverfisskýrslu.

Byggingarfulltrúi sendi eftir þann fund tillöguna á haustdögum út til umsagnar lögboðinna aðila. Svör bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands - 9. september 2009.
- Vegagerðinni - 9. september 2009.
- Siglingastofun Íslands - 10. september 2009.
- Orkustofnun - 10. september 2009.
- Fornleifavernd ríkisins - 11. september 2009.
- Landsneti - 17. september 2009.
- Húsafriðunarnefnd ríkisins - 24. september 2009.
- Landgræðslu ríkisins - 25. september 2009.
- Náttúrustofu Vesturlands - 28. september 2009.
- Flugstoðum - 5. október 2009.

- Veðurstofu Íslands - 13. október 2009
- Vesturlandsskógum - ódagsett.
- Umhverfisstofnun - 8.febrúar 1010.
- Skógrækt ríkisins - 12. apríl 2010.
- Sjávar- og landbúnaðarráðuneytinu - 1. október 2010.
- Breiðafjarðarnefnd - 16. október 2010.

Aðalskipulagstillagan var einnig send nágrannasveitarfélögum til kynningar. Svör bárust frá tveimur:

- Stykkishólmsbæ - 5. október 2009.
- Grundarfjarðarbæ - 16. febrúar 2010.

---

**Stutt samantekt yfir athugasemdir og hvernig komið hefur verið til móts við þær:**

### **1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**

- a. Athugasemd var gerð við að vatnsból og vatnsverndarsvæði í Svelgsárhrauni eru ekki sýnd á uppdrætti.  
*Komið var til móts við þessa athugasemd.*
- b. vatnsból vantar yfirleitt inn á uppdrátt.  
*Hvað varðar lið b) var ekki hægt að koma til móts við hann, vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir, en hreppsnefnd hefur sett sér tímamörk varðandi hnitasetningu vatnsbóla og skal því verki lokið í síðasta lagi árið 2016.*
- c. Nokkrar aðrar athugasemdir komu einnig fram.  
*Komið var til móts við þær athugasemdir.*

### **2. Vegagerðin**

- a. Athugasemd var gerð við vegaheiti á korti.  
*Komið var til móts við þessa athugasemd.*
- b. Athugasemd var gerð við að Berserkjahraunsvegur kemur ekki fram með númeri á korti.  
*Ástæða þessa er sú, að á korti eru einungis stofn- og tengivegir sérstaklega tilgreindir með númerum. Berserkjahraunsvegur er hins vegar landsvegur. Hans er getið undir aðrir vegir í greinargerð.*
- c. Athugasemd er gerð við að reiðvegir eru ekki sýndir á korti.  
*Komið var til móts við þessa athugasemd eins og frekast var unnt.*

### **3. Siglingastofnun**

Gerð var athugasemd við texta í kafla 1.3.3.  
*Komið var til móts við þessa athugasemd.*

### **4. Orkustofnun**

Orkustofnun vakti athygli á því í umsögninni að áhrifasvæði Múlavirkjunar næði til bæði Hraunsfjarðarvatns og Baulárvallavatns, þar sem þau eru notuð sem vatnsmiðlanir vegna virkjunarinnar og eru háð tilheyrandi vatnsborðsveiflum. Þessi stöðuvötn eru bæði að meirihluta innan marka Helgafellssveitar og ættu þau því að



skilgreinast innan iðnaðarsvæðis í því sveitarfélagi þótt virkjunin sjálf sé í öðru sveitarfélagi.

Fjallað er um nauðsyn þess að brunnsvæði, nærsvæði og fjarsvæði vatnsbóls Stykkishólms séu afmörkuð og yfirleitt verndarsvæði vatnsbóla í aðalskipulaginu.

Þessu atriði var mætt eftir föngum og ákvæði sett um að lokið verði við hnitasetningu vatnsbóla og að afmarka vatnsverndarsvæði fyrir þau í seinasta lagi árið 2016.

## 5. Fornleifavernd ríkisins

- a. Minnt var á að skylt er að skrá fornleifar áður en gengið er frá aðalskipulagi. Athugasemd gerð við að ekki séu allar 36 friðlýstar fornminjar í Helgafellssveit hnitsettar.

*Komið var til móts við athugasemdina með því að samþykka að fornminjar yrðu hnitsettar fyrir árið 2016.*

- b. Aðrar athugasemdir sem gerðar voru vörðuðu ýmsa landnotkunarflokka. *Búið er að byggja inn í 4. kafla greinargerðarinnar að framkvæmdir skuli vera í samræmi við 10. og 11. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.*

## 6. Landsnet

- a. Vakin var athygli á byggingarbanni og öryggisfjarlægðum.
- b. Athugasemd var gerð við kafla 4.12 um skógrækt.

*Komið var til móts við athugasemdirnar.*

## 7. Húsafriðunarnefnd ríkisins

Þar er bent á mikilvægi þess, að gerð sé könnun og greining byggðaumhverfis á vettvangi, þar sem stuðst er við upplýsingar um sögu og staðfræði við stefnumörkun um varðveislu byggðar í aðalskipulagi. Í því sambandi er t.a.m. spurt um varðveislugildi gamla skólahússins að Skildi, sem mögulega er byggt eftir teikningu Rögnvaldar Ólafssonar.

*Brugðist var við þessum ábendingum með því að sækja um fjárframlag til nefndarinnar til húsakönnunar. Auk þess sem gamla húsið á Skildi er sýnt hverfisverndað í aðalskipulagstillögunni.*

## 8. Landgræðsla ríkisins

- a. Tillaga var gerð um að í meginmarkmiðum yrði bætt við setningu þess efnis að umhverfisásýnd verði bætt með uppgræðslu rofsvæða, lítt eða ógróins lands og frágangi á fullnýttum efnistökusvæðum.
- b. Gerð var tillaga um að kafla 1.7 fengi heitið Skógar, skógrækt og landgræðsla og bætt þar við efni.
- c. Minnst var á að æskilegt væri ef bændur og aðrir landeigendur gerðu landnýtingaráætlanir fyrir jarðir sínar.
- d. Minnst var á að æskilegt væri að kafla 4.1.1 [nú kafla 4.12] um skógrækt fjalli um skógrækt og landgræðslu.
- e. Minnst var á að Landgræðslan fari með framkvæmd laga nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti og lagt var til að fram kæmi í greinargerð að öll efnistaka sé leyfis skyld.

*Komið var til móts við allar athugasemdirnar.*

### 9. Náttúrustofa Vesturlands

- a. Bent var á heimasíðu NVS varðandi frekari upplýsingar um rannsóknir, sem gerðar hafa verið á svæðinu á hinum ýmsu sviðum náttúruvísinda.
- b. Minnst á að umgengni um námur á svæðinu sé sums staðar ófullnægjandi.
- c. Vakin var athygli á því að Stykkishólmsbær hefur tekið upp flokkunarkerfi sorps í samvinnu við Íslenska Gámafélagið.

*Tillit var tekið til þessara athugasemda.*

### 10. Flugstoðir

Engar athugasemdir voru gerðar.

### 11. Veðurstofa Íslands

Gerðar voru athugasemdir í fimm liðum.

*Komið var til móts við allar athugasemdir.*

### 12. Vesturlandsskógar

Engar athugasemdir eru gerðar, en fjallað um val tegunda og hlýnun loftslags.

### 13. Umhverfisstofnun

Þegar tillaga að Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 var send til umsagnar var reiknað með því að öll svæði sem eru á Náttúruminjaskrá 1996 yrðu friðlýst. Í þeirri tillögu sem nú er samþykkt af hreppsnefnd fékkst ekki samþykki fyrir því og eru svæðin áfram á Náttúruminjaskrá 1996. Stofnunin hafði hins vegar í umsögn sinni sérstaklega glaðst yfir friðunaráformunum. Umhverfisstofnun gleðst í umsögn sinni yfir svæðunum í sveitarfélaginu, sem á að hverfisvernda, en þau áform standa óbreytt.

Þau atriði önnur sem stofnunin sérstaklega minntist á voru:

- a. Að tilgreind yrðu fleiri vötn í sveitarfélaginu en gert er.
- b. Fjallað var um upprunalegan birkiskóg Sauraskóg og bent á að slíkir skógar hylji aðeins 1,2 % af Íslandi eða um 1200 km<sup>2</sup>.
- c. Getið var um mikilvægi þess að sýna útbreiðslu náttúrulegra birkiskóga á uppdrætti.
- d. Bent á ýmis atriði sem tengjast frístundabyggð, athafnasvæðum/, iðnaðarsvæðum og efnistökusvæðum. Hvað viðkemur efnistökusvæðum var bent á að vegna sérstæðrar náttúru Helgafellssveitar væri mikilvægt að mati stofnunarinnar að haft sé samráð við hana við vinnslu og frágang efnistökusvæða.
- e. Minnst var á fjölda náma í sveitarfélaginu og fjöldi náma í Reykjavík tekinn til samanburðar og skort á stefnumörkun t.d. varðandi námur á mikilvægum náttúruverndarsvæðum s.s. í Berserkjahrauni. Sumum námum þurfi að loka og aðrar þurfi að sýna betur.
- f. Gera þyrfti grein fyrir námum á annan hátt en gert er í töflu yfir efnistökusvæði, en þar sé ekki gerður greinarmunur á gjallnámum og hraunnámum annars vegar og malarnámum hins vegar.

*Komið var til móts við ábendingar þessar í viðeigandi köflum. M.a. stendur í kafla 4.15 að stefnt sé að frágangi allra náma í sveitarfélaginu að vinnslutíma loknum sbr. reglur þar að lútandi frá 2002. Þá hefur hreppsnefnd einsett sér að setja reglur um*

*meðferð og umgengni náma á næstu árum og skulu þær reglur vera fullunnar í síðasta lagi 2016.*

*Hvað varðar athugasemd c) er rétt að fram komi að rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins vinnur nú að skógarkönnun, sem felur í sér endurkortlagningu náttúrulegra birkiskóga á Íslandi. Gert er ráð fyrir að þessu verkefni verði lokið 2014.*

#### **14. Skógrækt ríkisins**

- Fjallað var um trjátegundir og orðalag í texta í kafla 4.1.1 [nú kafli 4.12], sem talinn er geta verið íþyngjandi. Lagðar eru til orðalagsbreytingar í því sambandi.
- Athygli vakin á nokkrum þáttum skógræktar sem ástæða væri til að fjalla um sérstaklega og stuðlað geta að betra umhverfi og mannlífi í sveitarfélaginu.

*Komið var til móts við þessar athugasemdir.*

#### **15. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið**

Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna.

#### **16. Breiðafjarðarnefnd**

- Óskað var eftir að greint yrði á milli svæða á Náttúruminjaskrá 1996 og Verndarsvæðis Breiðafjarðar á annan hátt en gert er á uppdrætti.

*Komið var til móts við athugasemdina.*

- Spurt var hvort námur nr. 23 og 25 væru innan landsvæðis, sem sveitarfélagið hyggst friðlýsa.

*Námurnar eru utan þess svæðis sem nú er á Náttúruminjaskrá 1996.*

- Bent á mikilvægi þess að skrá fornminjar í fjörum og á eyjum.

*Tekið er undir þessi sjónarmið en fjármagn skortir til skráningarvinnu.*

#### **17. Stykkishólmsbær**

Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna.

#### **18. Grundarfjarðarbær**

Engar athugasemdir voru gerðar við tillöguna.

Þann 3. júlí 2010 var haldinn seinni lögboðni íbúafundurinn í félagsheimilinu Skildi. Áður en hreppsnefnd samþykkti tillöguna til auglýsingar þann 16. desember 2010 var búið að færa inn í greinargerð og á uppdrátt svör við athugasemdum umsagnaraðila, sem að framan er getið, svo og breytingar og viðbætur aðrar, sem óskað hafði verið eftir fram að þeim tíma.

Þann dag samþykkti hreppsnefnd Helgafellssveitar tillögu að Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2008 - 2020 með nýjum breytingum. Þann 25. janúar 2011 var síðan lokið við útfærslu á þeim og var sú greinargerð, uppdráttur og umhverfisskýrsla dagsett sama dag og send skipulags- og byggingarfulltrúa Helgafellssveitar.

Ný skipulagslög nr. 123/2010 tóku gildi þann 1. janúar 2011. Hreppsnefnd Helgafellssveitar skrifaði bréf til Skipulagsstofnunar 2. mars 2011 þar sem tillaga að Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2008 - 2020 var send Skipulagsstofnun til athugunar og óskað eftir heimild til auglýsingar. Tekið var fram að tillagan hefði verið samþykkt í

sveitarstjórn hinn 16. desember 2010 til auglýsingar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s. br.

Í svarbréfi Skipulagsstofnunar dags. 1. apríl 2011 við þessu erindi komu fram töluverðar athugasemdir við skipulagstillöguna. Ekki fékkst heimild til auglýsingar.

Í upphafi umsagnar stofnunarinnar frá 1. apríl 2011 kom fram að aðalskipulagið verði meðhöndlað skv. nýjum skipulagslögum nr. 123/2010. Stofnunin taldi þó óþarft að vinna lýsingu í þessu tilviki eins og kveðið er á um í lögnum vegna þess hversu langt vinnan við aðalskipulagið var komin þegar ný lög tóku gildi.

Þá gerði stofnunin athugasemd við hversu miklar heimildir væru fyrir íbúðarhúsum á jörðum í hreppnum og talið að rökstuðning vantaði fyrir svo mikilli íbúðarbyggð. Þá var tekið fram að margþætt og viðamikil áform væru um landnotkun á landbúnaðarsvæðum í skipulagsáætluninni og taldi stofnunin að fram þyrfti að koma í greinargerð að deiliskipulag þarf að vinna fyrir hverja jörð til að útfæra stefnuna.

Þessar athugasemdir voru yfirfarnar og texti gerður markvissari. Þá voru breytingar gerðar á tillögunni auk þess sem orðalagi og uppsetningu var breytt til samræmis við það, að tillöguna skyldi meðhöndla skv. nýjum skipulagslögum nr. 123/2010, en ekki eldri lögum. Bent var á m.a. að í inngangskafli greinargerðarinnar kæmu skýrt fram þau félagslegu markmið og markmið er varða þjónustu og atvinnu, sem hreppsnefnd hefur sett sér. Þar er fólksfjölgun efst á blaði.

Uppfærða útgáfu af skipulagstillögunni dags. 10. júní 2011 sendi sveitarstjórn til Skipulagsstofnunar með bréfi dags. 25. september 2011, þar sem m.a. var ítrekuð beiðni um heimild til auglýsingar. Svar barst frá Skipulagsstofnun 7. október 2011. Stofnunin gerði athugasemdir og óskaði eftir frekari lagfæringum á gögnum áður en stofnunin tæki afstöðu til heimildar til auglýsingar.

Í umsögninni 7. október 2011 var veigamesta athugasemdin aftur sú, að Skipulagsstofnun teldi, að nauðsynlegt væri að með rökstuddum hætti yrði grein gerð fyrir þörfinni fyrir íbúðarhúsnæði og íbúðarsvæði á skipulagstímabilinu og að mannfjöldaspá vanti. Þá var einnig getið um, að í aðalskipulagstillögunni væri heimild fyrir viðamikilli uppbyggingu á bújörðum, án þess að breyta þyrfti aðalskipulaginu. Taldi stofnunin að í aðalskipulagi þyrfti að skilgreina við hvaða aðstæður þessi ákvæði um uppbyggingu ættu við. Stofnunin ítrekaði einnig nauðsyn þess að vinna deiliskipulag fyrir jarðir til þess að stýra uppbyggingunni.

Þann 3. febrúar 2012 mætti oddviti Helgafellssveitar, Benedikt Benediktsson, á fund á TGJ til að ræða athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 7. október 2011. Samkomulag varð milli aðila um, að hann athugaði hljómgrunn fyrir því heima fyrir, að taka út úr tillögunni megnið af nýju íbúðarsvæðunum, sem þar voru sýnd en halda sig hins vegar við heimild um 4 íbúðarhús á jörðum (lögbýlum), sem væru 10 ha eða stærri og koma með þessum hætti til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Þann 3. mars 2012 mætti oddviti aftur á fund á TGJ. og var hann þá búinn að fá samþykki hreppsnefndar fyrir þessari breytingu. Þá var nánar farið yfir aðrar athugasemdir Skipulagsstofnunarinnar frá 7. október 2011 og ákvað oddviti að skipulagsráðgjafi ræddi við Skipulagsstofnun um svör við þeim. Sá fundur var haldinn

20. mars 2012 á Skipulagsstofnun. Fundinn sátu Guðrún Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Brynjar Halldórsson og Guðrún Jónsdóttir frá TGJ. Farið var yfir tillöguna og svör við athugasemdum.

Vorið 2012 urðu þær breytingar á sveitarstjórn Helgafellssveitar að Benedikt Benediktsson lét af störfum sem oddviti og hvarf úr sveitarstjórn, og við tók nýr oddviti Egill V. Benediktsson.

Þann 17. júlí 2012 samþykkti hreppsnefnd Helgafellssveitar aðalskipulagstillöguna til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þann 2. september sendi hreppsnefnd tillöguna, sem dagsett var 9. ágúst 2012, til Skipulagsstofnunar til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og með beiðni um heimild til auglýsingar.

Svar Skipulagsstofnunar til Helgafellssveitar við þessari beiðni er dags. 18. september 2012.

Í bréfinu lagði Skipulagsstofnun til breytingar hvað varða merkingu frístundahúsa og nokkur önnur atriði. Í niðurlagi bréfsins er þess hins vegar getið að stofnunin geri ekki athugasemdir við að tillagan verði auglýst þegar brugðist hafi verið við þeim athugasemdum sem getið hafi verið um í bréfinu.

Á fundum fyrrverandi oddvita og skipulagsráðgjafa vorið 2012 hafði komið fram að rétt væri að breyta gildistíma skipulagsáætlunarinnar úr 2008 - 2020 í 2012 - 2024. Þannig félli tillagan betur að efninu og einnig að nýjum lagaramma. Aðalskipulagstillagan hlaut því að endingu heitið Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024.

Enn var farið yfir tillöguna áður en hún var send að nýju til Skipulagsstofnunar og tók oddviti þátt í að upplýsa um nokkur skipulagssvæði sem hreppsnefnd hafði fjallað um og þurftu að fara inn í aðalskipulagsáætlunina. Miðað var við að reyna að ná inn gögnum sem samþykkt höfðu verið fyrir 1. desember 2012.

Að þessari vinnu lokinni óskaði TGJ eftir fundi með Skipulagsstofnun og var hann haldinn á Skipulagsstofnun 4. febrúar 2013.

Þann fund sátu Guðrún Halla og Ólafur Brynjar Halldórsson frá Skipulagsstofnun, og Guðrún Jónsdóttir og Páll Jakob Línal frá TGJ.

Í framhaldi af þessum fundi og í samræmi við niðurstöður hans gekk TGJ frá aðalskipulagsgreinargerð fyrir Helgafellssveit 2012 - 2024, ásamt umhverfisskýrslu og aðalskipulagsupprætti til auglýsingar. Gögnin voru dags. 1. mars 2013 .

Í lok apríl 2013 fékkst leyfi Skipulagsstofnunar til að auglýsa aðalskipulagstillöguna sem dagsett var 1. mars 2013 og skyldi greinargerð ásamt umhverfisskýrslu og upprætti auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Á auglýsingatímabilinu 22. maí - 3. júlí 2013 voru gögnin til sýnis hjá oddvita Helgafellssveitar, Birkilundi 43 í Stykkishólmi, hjá skipulagsfulltrúa Helgafellssveitar

Pórðargötu 18 í Borgarnesi, hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166 í Reykjavík og á heimasíðu TGJ, [www.tgj.is/frettir.html](http://www.tgj.is/frettir.html).

### **Athugasemdir á auglýsingartíma, efni þeirra og viðbrögð sveitarstjórnar við þeim**

Fimm skriflegar athugasemdir bárust áður en lögboðnu auglýsingaferli lauk þann 3. júlí 2013.

Þann 17. október 2013 tók skipulags- og byggingarnefnd Eyja-og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar athugasemdirnar fyrir á fundi sínum, sem haldinn var að Breiðabliki þann dag og afgreiddi svör sín við þeim.

Eftirfarandi texti er tekinn úr fundargerð:

1. Athugasemdir við Aðalskipulag Helgafellssveitar sem auglýst var 23. maí til 3. júlí sl.

**A) Nr. 1** Jörundur Svavarsson og Sif Matthíasdóttir eigendur Hrísakots.

Með bréfi dags. 3. júlí 2013 er því mótmælt að í aðalskipulagstillögunni sé gert ráð fyrir stækkun Svelgsárvirkjunar úr 655 kW í allt að 800 kW.

*Nefndin hafnar erindinu og þeim athugasemdum við aðalskipulagið sem fram koma í bréfinu.*

**B) Nr. 2** Elín Jóhannsdóttir f.h. eigenda Skjaldar og Ytri Drápuhlíðar.

Með bréfi dags. 27. júní 2013 kemur m.a. fram að landamæri séu ekki rétt milli jarða.

*Nefndin vill áreitta að aðalskipulagsgerðin markar ekki stefnu um rétt landamerki milli jarða og hafa landamerki í aðalskipulagi því enga lögformlega þýðingu.*

Þá kemur fram að sett hafi verið skógrækt inn á aðalskipulagstillögunna, sem ekki hafi verið óskað eftir, en óskað hafi verið eftir íbúðarbyggð á þeim stað.

*Nefndin telur að skógræktarreiturinn sé rangt staðsettur í aðalskipulagi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að láta leiðrétta skipulagsgögnin með tilliti til þess. Nefndin hafnar því að setja íbúðarbyggð inn á aðalskipulag ofan við veg 57\*. Þá kemur fram að óskað sé eftir íbúðarbyggð í landi Skjaldar, en nefndin hafnar þeim óskum.*

Loks kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir námu í aðalskipulaginu í Drápuhlíðafjalli<sup>†</sup> þar sem námur eru nú þegar til staðar.

*Nefndin samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta leiðrétta aðalskipulagsgögnin þannig að náman sé hluti af lista yfir námur í sveitarfélaginu.*

**C) Nr. 3** Frá Sigfús Jónsson f.h. eigenda Kljár.

Með bréfi dags. 10. júní 2013 var m.a. bent á að Kljá sé rangt staðsett á aðalskipulagskortinu.

*Nefndin samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta leiðrétta aðalskipulagsgögnin með tilliti til þessarar athugasemdar.*

---

\* Hér er um misritun að ræða í fundargerð - á að standa vegur nr. 577.

<sup>†</sup> Í fundargerð er talað um Drápuhlíðarfjalli en bréfitari ritar um Drápuhlíðarland í bréfi sínu.

Þá er því mótmælt að svigi sé utan um jarðarheitið Kljá, en svigi táknað eyðibýli. Nefndin samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta leiðrétta aðalskipulagsgögnin með tilliti til þessarar athugasemdar.

Bent er á að orðið Bjarnarhafnarfjall sé rangt stafsett á aðalskipulagskortinu. Nefndin samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta leiðrétta aðalskipulagsgögnin með tilliti til þessarar athugasemdar.

Bent er á að núverandi háspennulína sé sýnd óbreytt á aðalskipulagskortinu og þess krafist að háspennulínan verði sýnd í aðalskipulagskortinu á öðrum stað(ekki á bæjarhlaðinu) eða stefna sett um að línan verði lögð í jörð. Nefndin hafnar þessari kröfu eiganda Kljár en telur að vinna megi áfram í málinu í samstarfi við RARIK í framtíðinni.

Fram kemur að gamla fjósinu á Kljá hafi verið breytt í gestahús fyrir um 20-25 árum og er óskað eftir því að húsinu verði bætt á lista yfir frístundahús í aðalskipulagi. Nefndin telur sér ekki fært að skrá fjósið á lista yfir frístundahús í aðalskipulagi, nema fjallað hafi verið um breytinguna í skipulags- og byggingarnefnd.

Fram kemur athugasemd við töflu 22 á bls. 88 [nú bls. 90] í greinargerð aðalskipulagsins, en þar er heimiluð frístundabyggð. Óskað er eftir að einungis verði heimilað að byggja þar tvö sumarhús í stað átta eins og kemur fram í aðalskipulaginu. Nefndin samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að láta leiðrétta aðalskipulagstillöguna með tilliti til þinglýsts samnings um sölu á þessari spildu, en þar kemur fram að einungis megi reisa þar 2 sumarhús.

Þá er óskað eftir að í landi Kljár verði heimilað að reisa 6 sumarhús á jörðinni. Nefndin hafnar þessari ósk með vísan til stefnumörkunar aðalskipulagsins, en skv. aðalskipulaginu er tilgreint hvaða fjölda sumarhúsa má byggja á jörðum, án þess að aðalskipulagi sé breytt.

**D) Nr. 4** Frá Magnúsi Kr. Guðmundssyni og Guðrúnu K. Reynisdóttur á Gríshóli. Með bréfi dags. 18. júní 2013 var óskað eftir að reiðvegur í landi Gríshóls verði skilgreindur sem „vegur að Lindárvirkjun“ í stað „reiðvegar“. Einnig var óskað eftir að Fosslóð (landnr. 194800) verði skilgreind sem „frístundalóð“ í stað „þjónustulóðar fyrir veiðimenn“. Nefndin samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að láta leiðrétta aðalskipulagsgögnin með tilliti til þessara athugasemda.

**E) Nr. 5** Frá Jóhanni Guðmundi Hálfðánarsyni og Vilhelmínu Salbergsdóttur, eigendum Svelgsár. Með bréfi dags. 2. júlí 2013 er því mótmælt að í aðalskipulagstillögunni sé gert ráð fyrir stækkun Svelgsárvirkjunar úr 655 kW í allt að 800 kW. Nefndin hafnar erindinu og þeim athugasemdum við aðalskipulagið sem fram koma í bréfinu.

Eftir að breytingar/ leiðréttingar höfðu verið gerðar á greinargerð og uppdrætti Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 - 2024 í samræmi við framangreind svör sveitarstjórnar við athugasemdum, var tillagan tekin fyrir á fundi hreppsnefndar 6. október 2014 og rædd. Að lokinni umræðu var afgreiðslu frestað.

Á næsta fundi hreppsnefndar þann 11. nóvember stendur í 6. lið fundargerðar: „Aðalskipulag, kynning á stöðu mála og framhald. Ákveðið er að ljúka vinnu við aðalskipulagstillöguna, sem auglýst var 22. maí - 3. júlí 2013 með áður samþykktum breytingum, sem komu fram á því tímabili og óska eftir staðfestingu hennar hjá Skipulagsstofnun“.

TGJ gekk frá leiðréttri greinargerð og uppdrætti til staðfestingar Skipulagsstofnunar sbr. bókun hreppsnefndar 30. desember 2014.

Snemma árs 2015 fóru fram viðræður milli Skipulagsstofnunar og forsvarsmanna Helgafellssveitar um ýmis atriði er viðkomu áætluninni.

Á fundi hreppsnefndar 12. mars 2015 var samþykkt að afmörkun iðnaðarsvæðis fyrir Svelgsárvirkin skyldi vera sú sama og er í breytingu á deiliskipulagi fyrir virkinina, sem samþykkt var á sama fundi.

Á fundi hreppsnefndar 12. maí 2015 var samþykkt að breyta landspildu í landi Gríshóls, sem kölluð er Léttahlíð, úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði, sbr. umsókn landeiganda þar að lútandi.



## 1. kafli. Forsendur – Náttúra



W.A. Collingwood

Dritsker hjá Hofsstöðum

## 1.1 Staðhættir og landslag

Helgafellssveit liggur að Breiðafirði sunnanverðum. Hraunsfjörður er vestasti fjörðurinn í hreppnum, en sú austasti er Álftafjörður. Frátalið er svo það strandsvæði sem tilheyrir Stykkishólmi.

Ströndin er mjög vogskorin. Norðantil næst ströndinni er láglandi að undanskildum svæðum við Seljafell (229 m), Bjarnarhafnarfjall (575 m) og Úlfarsfell (245 m), en þau fjöll rísa mjög nálægt ströndinni.

Þá gengur Berserkjahraun, mikil hraunbreiða, niður í fjöru á kafla við Hraunsfjörð og Hraunsvík. Önnur stór hraunbreiða er austar í sveitarfélaginu og liggur hærra í landinu. Það hraun nefnist Svelgsárhraun og skiptist í tvær hraunkvíslar.

Landið hækkar til suðurs í átt að Snæfellsnesfjallgarðinum. Inn í fjallgarðinn ganga dalir, sem ár falla um allt frá sveitarfélgamörkum við Eyja- og Miklaholtshrepp og fram til sjávar. Fjöllin á suðurmörkum sveitarfélagsins eru mikil og mörg. Hér eru aðeins nokkur þeirra nefnd svo sem Tröllatindar (930 m), Elliðatindar (732 m), Kerlingarfjall (585 m), Hreggnasi (947 m) og Ljósufjöll (1063 m).

Þrjú stór stöðuvötn eru í hreppnum, Selvallavatn, Hraunsfjarðarvatn og Baulárvallavatn. Önnur vötn eru minni s.s. Sauravatn, Helgafellsvatn, Hofstaðavatn, Kothraunsvatn, Skjaldarvatn og Vatnsdalsvatn. Sjá nánar kafla 1.5.


## 1.2 Veðurfar

Í Helgafellssveit er engin veðurathugnarstöð. Þrátt fyrir það er svæðið nokkuð vel í sveit sett hvað varðar öflun veðurgagna, því veðuratugunarstöðvar eru víða í nágrenninu, svo sem mönnum skeytastöð í Stykkishólmi, auk sjálfvirkra stöðva í eigu Vegagerðarinnar í Kolgrafarfirði og á Vatnaleið, en sú síðarnefna var á Kerlingarskarði á árabílinu 1996 - 2001.

Skráning veðurfars í Stykkishólmi á sér langa sögu, og sem dæmi er hægt á vef Veðurstofu Íslands að nálgast hitatölur í Stykkishólmi, sem var þá hluti af Helgafellssveit, allt frá árinu 1830. Frá árinu 2002 hefur verið rekin sjálfvirk stöð í bænum.

Hafa ber í huga að veðurfar getur verið breytilegt innan svæðisins, vegna legu þess og landslags.

*Heimild: Veðurstofa Íslands*




Horft af Vatnaleið á Berserkjahraun, Bjarnarhafnarfjall og Breiðafjörð / ljósmynd G.J.

### 1.2.1 Hitafar

Mynd 1 sýnir meðalhita hvers árs í Stykkishólmi á árabílinu 1977 – 2012. Á umræddu tímabili var meðalhiti í Stykkishólmi hæstur árið 2003 eða 5,4°C, sem jafnframt er hæsti meðalhiti árs þar frá því mælingar hófust árið 1830. Lægstur var meðalhitinn hins vegar árið 1979, 2,3°C.

Hitafar í Staðarsveit og Arnarstapa<sup>‡</sup> er sýnt til viðmiðunar.




**Mynd 1.** Meðalhitastig hvers árs í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 - 2012. Staðarsveit og Arnarstapi til viðmiðunar.

Heimild: Veðurstofa Íslands

Mynd 2 sýnir meðalhitastig hvers mánaðar á tímabilinu 1977 – 2012. Þar sést að meðalhitinn í Stykkishólmi er hæstur í júlí (11,1°C) og ágúst (10,6°C) en lægstur í febrúar (-0,2°C).

Hitatölur frá Staðarsveit og Arnarstapa eru hafðar til viðmiðunar.




**Mynd 2.** Meðalhitastig hvers mánaðar í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 – 2012. Staðarsveit og Arnarstapi til viðmiðunar.

Heimild: Veðurstofa Íslands

### 1.2.2 Úrkoma

Í Stykkishólmi var magn úrkomu ár hvert á umræddu tímabili að meðaltali um 710 mm. Mynd 3 sýnir að mest var úrkoman 1.051 mm árið 1992, en minnst 435 árið 1998. Á myndinni eru úrkomumælingar á Hjarðarfelli í Eyja- og Miklaholtshreppi hafðar til viðmiðunar.


Mynd 1 sýnir meðalúrkomu hvers mánaðar í Stykkishólmi á árunum 1977 – 2012. Þar sést að úrkoma er minnst á tímabilinu apríl til júlí eða um 50 mm



**Mynd 3.** Ársúrcoma í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 - 2012. Hjarðarfell í Eyja- og Miklaholtshreppi til viðmiðunar.

<sup>‡</sup> Er hér um að ræða meðaltalshitastig fjögurra veðurstöðva. Veðurstöðvarnar eru Arnarstapi (1979 - 1982), Garðar (1989 - 1994), Böðvarsholt (1991 - 1998), Neðri Hóll (1994 - 1997) og Bláfeldur (1997 - 2012). Engar hitamælingar fóru fram á árabílinu 1983 - 1988)

í hverjum mánuði. Mest er úrkoman í nóvember, desember, febrúar og mars eða 80 - 85 mm að meðaltali. Á myndinni er Hjarðarfell haft til viðmiðunar.



**Mynd 1.** Meðalúrkoma hvers mánaðar í Stykkishólmi á tímabilinu 1977 – 2012. Hjarðarfell í Eyja- og Miklaholtshreppi til viðmiðunar.

### 1.2.3 Vindafar

Vindhraði, meðalvindur og hviður, hafa verið mæld með sjálfvirkum mælum á 3 stöðum í sveitarfélaginu og í nágrenni þess á mislöngu tímabili.

Sjálfvirku stöðvarnarnar mæla augnablikshviður og 10 mínútna meðalvindhraða og á mönnuðu veðurathugunarstöðinni í Stykkishólmi hafa verið mælingar á 10 mínútna meðalvindhraða um langt ára bil. Þegar litið er á mælingar yfir mesta meðalvind sést að hæstu gildin í Stykkishólmi voru frá árunum 1964, 1965 og 1981, eða um 35 m/s. Veðurstöð Vegagerðarinnar á Kerlingarskarði og á Vatnaleið eru í 180 og 226 m.y.s. og eru því vindhraðamælingar á þeim ekki alveg sambærilegar mælingum Veðurstofunnar vegna hæðar mæla yfir jörð. Eru vindhraðamælar Veðurstofunnar í 10 m hæð yfir jörð, en mælar Vegagerðarinnar nokkuð lægri.


Á sjálfvirku stöðvunum hafa mestu hviður mælst 37,9 – 45,4 m/s, hvassast á Vatnaleið þann 27. janúar 2008. Þó má ætla að hviður fyrir tíð sjálfvirku mælanna hafi í sumum tilfellum verið talsvert hærri.

*Heimild: Veðurstofa Íslands*

Horft inn Álftafjörð. Fjallið Hestur blasir við í fjarska á miðri mynd/ljósm. G.J.




Mynd 2 sýnir tíðni hvernar vindáttar í mannaðri athugunarstöð í Stykkishólmi á árabílinu 1990 – 2008. Eins og sést á myndinni er austanátt hvað tíðust eða í 16% tilfella, en norðaustlægar áttir eru einnig tíðar (um 10%). Norðvestlægar áttir eru aftur á móti sjaldgæfastar og norðvestanátt sjaldgæfast allra eða í innan við 2% tilfella.



**Mynd 2.** Tíðni vindátta (%) í Stykkishólmi á tímabilinu 1990 – 2008.

Mynd 3 sýnir meðalvindstyrk hvernar vindáttar í Stykkishólmi á árunum 1990 – 2008. Á myndinni sést að meðalvindstyrkur er hvað mestur þegar blæs af norðnorðaustri eða að meðaltali um 8 m/s. Sunnan- og suðvestanáttir koma þar á eftir, en meðalvindstyrkur þeirra átta er um 7 m/s.

Norðvestlægar áttir eru lygnustu áttirnar á svæðinu, en vindstyrkur þeirra er að meðaltali um 4 m/s.



**Mynd 3.** Meðalvindhraði hvernar vindáttar í Stykkishólmi á tímabilinu 1990 – 2008.

Heimild: Veðurstofa Íslands

## 1.3 Náttúruvá

### 1.3.1 Óveður

Hæstu vindhviður á svæðinu mælast í suðlægum áttum, enda eru þekkt svæði á norðanverðu Snæfellsnesi þar sem mikil óveður verða. Vettvangsathugun er nauðsynleg til að afmarka þessi svæði nánar, en þau eru oftast næst fjöllum og við fjallaskörð.

Heimild: Veðurstofa Íslands

### 1.3.2 Skriðuhætta og snjóflóð

Engin skriðu- eða snjóflóðahætta er fyrir hendi í sveitarfélaginu að mati heimamanna og í gagnagrunni Veðurstofunnar er ekkert skráð um slíkt. Snjóflóð geta þó fallið á svæðinu.

Heimild: Heimamenn og Veðurstofa Íslands

### 1.3.3 Vatns- og sjávarflóð

Ekki er vitað til að sjávarflóð hafi valdið tjóni á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að ströndin sé að breytast hér eins og annars staðar og sunnan á Snæfellsnesi eru miklar fjörur. Í skýrslu Siglingastofnunar Íslands um lágsvæði, sem er á heimasíðu stofnunarinnar, er sett fram sú regla að byggja ekki nær fjörukambi en 50 m. Munur

flóðs og fjöru í Stykkishólmi er á meðalstórstraumsflóði 4,41 m, en við sérstakar aðstæður, þar sem saman fer lágur loftþrýstingur og álandsvindur, getur flóðhæð farið í um 5 m.

*Heimild: Siglingastofnun*

Samkvæmt vatnafræðilegri flokkun vatnasvæða eru ár í Helgafellssveit skilgreindar sem jarðvegsmiðlaðar dragár. Það þýðir að flóð verða helst vegna þess að jarðvegurinn miðlar illa úrkomu og vatn leitar hratt út í ár og læki. Stærstu flóð verða í stórrigningum á haustin eða við snögg hlýindi á veturnum. Ekki liggur fyrir mat á flóðahættu á svæðinu.

*Heimild: Veðurstofan*

### 1.3.4 Jarðskjálftar og eldgos

Á svæðinu hafa ekki mælst umtalsverðir jarðskjálftar og ólíklegt að stórir skjálftar muni eiga sér stað. Enda er Helgafellssveit talin liggja utan við aðal jarðskjálftasvæði Íslands. Hafa verður þó í huga að hreppurinn er nærri virkum svæðum, eins og staðhættir gefa til kynna. Almennt er þó talin lítil hættu á eldgosum eða jarðumbrotum á svæðinu.

*Heimild: Veðurstofan*

## 1.4 Jarðfræði

Jarðmyndunum á Snæfellsnesi má auðveldlega skipta í þrjá floka í jarðsögulegu tilliti, það er tertíer (>3,1 milljón ára), ísöld (3,1 milljón ár – 10 þúsund ár) og nútíma jarðsögu (<10 þúsund ár). Jarðfræði svæðisins er óvenju fjölbreytt og fá héruð á landinu geta státað af viðlíka fjölbreytni. Hér verður aðeins tæpt á því sem allra merkilegast gæti talist, en óhætt er að segja að af mörgu að taka.

Ísland er jarðfræðilega ungt land. Eldvirknin hefur verið nær stöðug á öllu mótunartímabilinu. Gosvirknin hefur að því er virðist ávallt verið takmörkuð við eitt eða fleiri gosbelti, sem legið hafa frá suðvestri til norðausturs.

Vegna fergingar á gosbeltunum hallar eldri jarðlögum inn að þeim sitt frá hvorri átt og myndast þá svonefnd samhverfa.

Skáhallt yfir Snæfellsnes um Staðarsveit og Helgafellssveit liggur samhverfa sem nefnd hefur verið Snæfellsnessamhverfan. Hún sveigir svo til austurs um Hvammsfjörð. Þessi samhverfa er talin leifar forns rekbeltis sem var virkt á tertíer.

Þar mun stór hluti tertiera hraunlagastafla landsins hafa myndast. Öllum jarðlögum á Vestfjörðum, í Dölum og á Mýrum hallar inn að samhverfunni og eiga uppruna sinn þar. Aldur þeirra hækkar eftir því sem fjær dregur.

Elstu jarðlög á Vestfjörðum eru 13 – 15 milljón ára gömul, og þá þegar hefur Snæfellsnesrekbeltið verið í fullum gangi. Eldvirkni hélst þar til fyrir um 6 milljón árum en þá kulnaði hún og lá í dvala í 4 milljónir ára. Eftir að eldvirkni hætti á Snæfellsnesi náðu roföflin yfirhöndinni. Ár og seinna jöklar skófu mörg hundruð metra ofan af upphaflegum jarðlagastafla og mótuðu að miklu leyti núverandi landslag, ásamt eldvirkni, sem hefur verið í gangi síðustu tvær ármilljónirnar.

Snæfellsnesrekbeltið forna hefur ekki verið frábrugðið þeim beltum, sem virk eru í dag. Eldvirknin er bundin við megineldstöðvar og sprunguþyrpingar þeim tengdum.

Jarðfræði Setbergeldstöðvarinnar, er allvel þekkt. Sjálf eldstöðin er í nesinu milli Grundarfjarðar og Kolgrafarfjarðar, en ganga- og misgengabyrping liggur í gegnum hana og stefnir NA - SV. Öskjurimi Setbergeldstöðvarinnar sést einna best í suðvestanverðu Bjarnarhafnarfjalli.

Sýnilegt innskot í tertiera jarðlagastaflanum er hins vegar í Drápuhlíðarfjalli. Neðri hluti fjallsins að vestan og norðan er ísúrt fínkornað innskot.

Ljósufjallaþyrpingin er einstaklega merkileg frá jarðfræðilegu sjónarmiði, en fjallaþyrpingin, sem er um 90 km löng, teygir sig frá Kolgrafarfirði í vestri að Norðurá í austri í VNV-ASA stefnu. Á nútíma hefur þyrpingin gosið 23 sinnum. Á vestursvæðinu má auðveldlega rekja beltið. Vestast er Selfjall við Hraunsfjörð, þá taka við kúlurnar í Berserkjahrauni, en austar er Hafrafell, Kerlingarfjall, Grímsfjall og svo hver eldstöðin af annarri uns kemur að Ljósufjöllum. Ljósufjöll eru sjálf að mestu úr súru bergi, sem hefur myndast við gos undir jöklum síðasta jökulskeiðs.

Austan Ljósufjalla eru gosstöðvar dreifðari á nær 20 km belti og þar ná kvarteru jarðlögin ekki að mynda samfellda stafla eins og víðast á vestursvæðunum.

Saga hrauna á svæðinu er mjög merkileg. Hér skal aðeins stuttlega getið tveggja nútímahrauna í Ljósufjallaþyrpingunni. Þau eru Berserkjahraun, en þar hefur gosið þrisvar. Fyrst gaus í Kothraunskúlu og rann hraunið niður í Hraunsvík. Næst gaus í Rauðukúlu, upp undir Kerlingarfjalli og í Gráukúlu. Hraunið liggur frá Rauðukúlu að Selvallavatni og Smáhraunakúlu og liggur allt að Hraunsvík.



Berserkjahraun/ljósm. GJ

Síðar gaus í Smáhraunakúlu. Hraun frá henni umlykur Gráukúlu og þaðan allt í sjó fram í Hraunfirði.

Svelgsárhraun kemur úr mjög stórum gíg í Rauðukúlu, sem er skammt austan Jötunfells. Hraunið rennur niður í tveimur kvíslum. Eystri kvíslin rennur niður austan Drápuhlíðarfjalls og er um 2 km á breidd og endar á láglandi. Vatnsból Stykkishólmsbúa kemur undan jaðri þessarar hraunkvíslar. Vestari kvíslin er mjórri og kemur niður Hraundal vestan Írafells allt að dalsmynninu.

Það sem hér hefur verið sagt um jarðfræði Helgafellssveitar gefur til kynna að jarðfræðin er hér mikil auðlind, sem auðvelt er að nota til að upplýsa fólk og auka áhuga manna á svæðinu.

*Heimild: Haukur Jóhannesson-, „Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness“-2006*

### 1.4.1 Hagnýt jarðefni

Laus jarðlög frá ísaldarlokum og síðar eru mikilvæg til töku á byggingarefnum. Mest af þeim er í fornum sjávarkömpum og áreyrum. Sjá yfirlit yfir námur í kafla 4.15.

*Heimild: Haukur Jóhannesson-"Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness"-2006*

### 1.4.2 Jarðhiti

Í Helgafellssveit hefur einhvern tíma verið jarðhiti (fyrir nokkrum þúsundum ára) við Snorrastaði við Hraunsfjörð, en hann er nú kulnaður. Þar er allstór kísilhrúðurhella. Aftur á móti hafa með borunum fundist a.m.k. fjögur jarðhitakerfi. Þau eru við Hofsstaði, Arnarstaði, Staðarbakka og Kóngsbakka. Með borunum hefur náðst í heitt vatn bæði á Hofsstöðum og Arnarstöðum þótt engin merki á yfirborði hafi verið finnanleg. Vatnið er nýtt fyrir hitaveitu í Stykkishólmi síðan haustið 2000 og bæinn Arnarstaði frá árinu 2001.

*Heimild: Ræktunarsamband Flóa og Skeiða; Haukur Jóhannesson"Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness".2006*

## 1.5 Vatnafar

### 1.5.1 Vötn og vatnsföll

Nokkur fjöldi vatna er í sveitarfélaginu og voru þau helstu nefnd í kafla 1.1, en hér verður þeirra getið örlítið nánar.

Þeirra stærst er Hraunsfjarðarvatn, sem er austan við botn Hraunsfjarðar í um 207 m.h.y.s. Vatnið er 2,5 km<sup>2</sup> að stærð og um 80 metra djúpt, þar sem dýptin er mest. Úr vatninu rennur Vatnaá í Baulárvallavatn, sem er inn af Dufgusdal í um 190 m.h.y.s. Baulárvallavatn er heldur minna en Hraunsfjarðarvatn eða um 1,6 km<sup>2</sup> að stærð, og 47 m að dýpt, þar sem það er dýpst. Straumfjarðará fellur úr Baulárvallavatni og til sjávar í Faxaflóa..

Skammt norðan Hraunsfjarðarvatns er Selvallavatn. Vatnið sem er um 0,85 km<sup>2</sup> að stærð, er í 62 m.h.y.s. og fellur Fossá í það austanvert. Hraunslækur fellur úr vatninu til vesturs í Hraunsfjörð.

Önnur minni vötn í sveitarfélaginu eru eins og áður getur Helgafellsvatn, Hofsstaðavatn, Kothraunsvatn, Sauravatn, Skjaldarvatn og Vatnsdalssvatn.

Nokkrar litlar silungsár eru á svæðinu og tvær laxveiðiár. Stærstu árnar eru Svelgsá, Kársstaðaá, Bakkaá og Gríshólsá.

## 1.6 Lífríki

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki í Helgafellssveit.

Stærstu rannsóknarverkefni Náttúrustofu Vesturlands (NSV) hafa beinst að líffræði og stofnvistfræði minksins og hefur hluti þeirra rannsókna farið fram í Helgafellssveit. Einhver niðurstaða hefur birst um efnið í skýrslum sem finna má á heimasíðu NSV, en unnið er að úrvinnslu frekari gagna. Formlegar rannsóknir NSV á refum hafa verið gerðar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, en þær hafa enn sem komið er ekki náð til Helgafellssveitar. NSV stóð að lítilli rannsókn á hagamúsum við Þingvelli 2002, sbr skýrslu á heimasíðu NSV.



Sumarið 2002 voru nokkrar rannsóknir unnar á lífríki Selvallavatns og Baulárvallavatns. Rannsóknirnar voru að frumkvæði NSV, en nær að öllu leyti unnar af Náttúrufræðistofu Kópavogs og Líffræðistofnun Háskólans í samvinnu við Veiðimálastofnun. M.a. var aflað fjölbreytilegra gagna í gagnagrunn um íslensk stöðuvötn og unnin rannsókn á áhrifum laxfiska á dýrasvif. Þá má einnig telja líklegt að Veiðimálastofnun hafi upplýsingar um lífríki þessara vatna og einnig Hraunsfjarðarvatns, þótt ekki sé þess getið hér.

Um gróðurfar á Snæfellsnesi hafa ritað grasafræðingarnir Eyþór Einarsson (Árbók FÍ 1986, bls. 173 - 213) og Steindór Steindórsson (Flóra Snæfellsness viðaukar. Flóra, tímarit um íslenska grasafræði 6, bls. 41 - 43). Þá hefur Nytjaland unnið töflu yfir stærstu gróðurflokka í Helgafellssveit, sem hér fer á eftir, sjá töflu 2.

Hreppurinn státar af fjölbreyttu fuglalífi og hafa margir merkir vísindamenn kannað ýmsa þætti þess.

Auk þessa hafa farið fram kannanir á botndýralífi, fjörusvæðum, fjörudýrum og selum, enda svæðið stórmerkilegt hvað varðar öll þessi atriði.

Hvað varðar lífríki áa og vatna hafa engar athuganir verið gerðar, en veiði sem stunduð er í vötnum á svæðinu ætti að gefa einhverjar hugmyndir um slíkt, auk þess sem þekking hefur áunnist samhliða veiðinni.

### 1.6.1 Gróðurfar

Eftirfarandi kafli um gróðurfar byggir á gögnum frá Nytjalandi, verkefni sem miðaði að því að búa til samræmda jarðabók yfir allar bújarðir á Íslandi og var á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands (áður Rannsóknastofnun landbúnaðarins), Landgræðslu ríkisins, Bændasamtaka Íslands og Landbúnaðarráðuneytisins.

Við þessa vinnu notaði Nytjaland Landsat 7 og SPOT 5 gervitunglamyndir til að greina gróðurflokka á yfirborði landsins og þegar verkefninu lauk hafði ekki tekist að segja fyrir um 22 - 24% landsvæðis í Helgafellssveit með óyggjandi hætti, þar sem ský eða snjóhula torveldaði sýn. Þau svæði sem greind hafa verið, eru greind með 80 - 85% áreiðanleika.

Tafla 2 sýnir stærstu gróðurflokka í Helgafellssveit auk lýsinga á þeim samkvæmt skilgreiningum Nytjalands.

**Tafla 2. Skipting gróðurfars í Helgafellssveit.**

Gróðurflokkur	Hlutfall yfirborðs	Lýsing
Lítt gróið	24 - 28%	Lítt gróin svæði, þar sem gróðurþekja er ávallt undir 20% miðað við lóðrétt ofanvarp og einkennast þau svæði fyrst og fremst af urð og grjóti, klettum og sandauðnum. Sérkenni gróðurfars á svæðunum eru plöntur með víðtækt rótarkerfi og plöntueinstaklingarnir standa oft fjarri hver öðrum.
Hálfgróið	9 - 10%	Hálfgróin svæði þekja um 10 - 15% af yfirborði svæðisins. Þar er átt við land með litla framleiðslugetu og gróðurhulu sem þekur 20 - 50% landsins, annað er mold, sandur, grjót eða klöpp. Tegundasamsetning platna er breytileg og getur gróður bæði verið að nema land á þessum svæðum, en einnig getur verið um gróðurleifar að ræða í röskuðu landi.

Mosi	4 - 5%	Land telst til þessa flokks þar sem mosi þekur um eða yfir 2/3 hluta yfirborðsins og framleiðni annars gróðurs er takmarkaður. Með mosa vaxa oft grös, starir og smárunnar.
Rýrt mólendi	12 - 14%	Rýrt mólendi þekur um 30 - 35% þess svæðisins, sem hefur verið greint með nokkuð óyggjandi hætti af Nyttjalandi. Yfirleitt er hér um að ræða fremur þurrland móasvæði sem einkennast af lélegum beitarplöntum, á borð við lyng, þursaskegg og móasef. Oft er hér um að ræða svæði sem hefur hnignað verulega vegna beitar, eða svæði sem umhverfisaðstæður draga úr framleiðslugetu landsins, svo sem hátt til fjalla.
Ríkt mólendi	10 - 12%	Í ríku mólendi er uppskeran mun meiri en í rýru mólendi, vegna aukinnar hlutdeildar vinsælla beitarplantna (grasa og blómplantna) í gróðurþekjunni. Jarðvegur er yfirleitt þykkur og yfirborðið oftast þýft. Landið er mjög fjölbreytilegt hvað gróðursamsetningu varðar. Þar eru ýmsir smárunnar oft áberandi, sem og víðir. Alltaf er talsvert af grösom og oftast nokkur mosi í sverði.
Graslandi / ræktað land	2 - 3%	Grös einkenna graslandi, en í þennan flokka falla einnig svæði þar sem blóm eru ríkjandi og allan jafnan nefnast blómendi. Graslandi er alla jafna uppskeruríkt og er það einkum að finna þar sem umhverfisaðstæður eru hagstæðar gróðri. Jarðvegur er fremur þurr. Graslandi þekur oft stór svæði við brekkurætur og gróður ár- og lækjarbakka telst oft einnig til þessa flokks. Ræktað land, þar er fyrst og fremst átt við tún og önnur ræktað svæði, s.s. kornakra og grænmetisrækt.
Votlendi / Hálfdeigja	2 - 5%	Í flokkinn votlendi falla gróðurlendin mýri, hallamýri og flói, og er fjölbreytileiki þess mikill. Í þennan flokk falla gróðurlendin hálfdeigja, jaðar og framræst votlendi sem ekki er farið að bera augljós merki gróðurbreytinga yfir í þurrlandi (valllendi eða mólendi). Hálfdeigja einkennist af tegundum sem ýmist eru komnar úr votlendi eða af þurrlandi.
Skógur / Kjarrlendi	0%	Um getur verið að ræða náttúrulegan birkiskóg, lágvaxið kjarr eða ræktaðan skóg. Trjágróðurinn rís upp fyrir graslagið en getur verið mjög mishár. Mörkin á milli mólendis og kjarrgróðurs miðast við hnéháan kjarrgróður (víði og birki) og þekja hans þarf að vera 50% í lóðréttu ofanvarpi.
Vatn	1%	Í sumum tilvikum kann að koma upp spurning um flokka, hvort tjarnir í votlendi skuli teljast vatn eða sem hluti votlendisins. Í þessum flokki eru þær tjarnir og þau vötn sem ekki eru talin hluti votlendis.
Ský / snjór	22 - 24%	Í þennan flokk fara þau svæði sem ekki hafa enn verið greind með tilliti til gróðurfars. Ástæður eru ský á himni eða snjór á jörðu.

Heimild: [www.nyttjaland.is](http://www.nyttjaland.is)

### 1.6.2 Fuglalíf

Strendur Breiðafjarðar og grunnsævi eru óvenju tegundaríkar á íslenskan mælikvarða. Fjölbreyttar búsvæðagerðir á þessum stöðum hafa í för með sér meiri fjölbreytni smádýralífs og þörunga en annars staðar við Ísland.

Þetta hefur keðjuverkandi áhrif og myndar t.d. grunn að auðugu fuglalífi þar um slóðir.


Fjörur eru mikilvægar fæðuöflun fugla, en jafnframt fremur viðkvæmar fyrir röskun.

Í Helgafellssveit hafa Álfafjörður og Hofsstaðavogur alþjóðlegt mikilvægi fyrir fuglalíf sérstaklega álfir, margæsir og vaðfugla. Auk fjölda kannana virtra vísindamanna sem fram koma í heimildaskrá, skal hér minnst á óformlegar fuglaathuganir, sem hafa farið fram á svæðum Skógræktarfélags Stykkishólms, við Tíðás, í Vatnsdal og í

Sauraskógi allt frá árinu 1967. Á þessum svæðum hafa um 35 - 40 tegundir fugla sést og um 20 þeirra hafa orpið. Þá fór fram sumarið 2008 vettvangsskoðun á gróðri og fuglalífi vegna fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar í Svelgsá. Niðurstöður könnunarinnar sýndu fremur fábreytt fuglalíf á því svæði.

Rétt er að nefna að ernir eru óvída algengari en í Helgafellssveit og á eyjum úti fyrir ströndinni. Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar hinn íslenska stofn hafarnar og hefur NSV tekið virkan þátt í því verkefni frá árinu 2001.

*Heimild: Skógræktarfélag Stykkishólms, Verndaráætlun Breiðafjarðar, Róbert A. Stefánsson og Tómas G. Gunnarsson*



Horft af brúnni yfir Mjósund í átt til fjalla / ljósm. G.J.

### 1.6.3 Lífríki áa og vatna

#### Veiði

Talsverð veiði er í vötnum á svæðinu.

Í Hraunsfjarðarvatni er veiði jafnan góð en einungis urriði er í vatninu, sem gjarnan er vænn. Þá er einnig góð urriðaveiði í Baulárvallavatni og Selvallavatni. Veiði er heimiluð í Hraunfirði og er þar mikið af fiski, sjóbirtingi, sjóbleikju og laxi.

*Heimild: Veiðikortið og Veiðimálastofnun*

### 1.7 Skógar, skógrækt og landgræðsla

Sauraskógur er eini teljandi birkiskógurinn í Helgafellssveit. Hann er sérstaklega fallegur og skemmtilegur vitnisburður um gróðurfar eins og það líklega var fyrir árhundruðum, þar sem skiptast á blautir eða hálfblautir flóar á milli kjarrvaxinna ása. Þess skal getið hér að náttúrulegir birkiskógar þekja nú skv. upplýsingum frá Umhverfisstofnun aðeins um 1,2% af Íslandi eða 1.200 km<sup>2</sup>. Þrjú skógræktarsvæði eru á svæðinu. Öll á vegum Skógræktarfélags Stykkishólms. Skógræktarsvæðið í Sauraskógi er um 50 ha að stærð og hófst ræktun þar árið 1948. Landið er í eigu Skógræktar ríkisins, en Skógræktarfélag Stykkishólms leigir það. Í Vatnsdal, neðst í hlíðum Drápuhlíðarfjalls er 50 ha skógræktarsvæði og hófst skógrækt þar árið 1959. Umsjón með svæðinu hefur Skógræktarfélag Stykkishólms. Skógræktarsvæðið í

Tíðási er í landi Borgarlands og er rúmir 18 ha að stærð. Skógræktarfélag Stykkishólms hefur einnig umsjón með svæðinu, en félagið tók það á leigu til 25 ára, árið 1989, en það ár hófst skógrækt þar.

*Heimild: Skógræktarfélag Stykkishólms, Róbert Á Stefánsson.*



Frístundabyggð í landi Saura /ljósm. G.J.

Helgafellssveit er í umdæmi Vesturlandsskóga og eru ráðgjafar starfandi á Hvanneyri í Borgarbyggð. Í lögum nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni segir, að megingiltgangur og markmið þeirra sé að „skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf. Skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt, sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis fyrir neðan 400 m yfir sjávarmáli.“

Árið 2012 voru þrjár jarðir í Helgafellssveit með samning við Vesturlandsskóga:

- Saurar (29,9 ha)
- Svelgsá (61,6 ha)
- Helgafell (107 ha)

*Heimild: Vesturlandsskógar*

Í Helgafellssveit er ein landgræðslugirðing í umsjá Landgræðslu ríkisins. Um er að ræða 605 ha svæði í svokölluðum Stórholtum norðan Kerlingarfjalls. Þetta svæði var að stórum hluta ógróinn og óstöðugur vikurmelur, en grónir hlutar svæðisins voru og eru sundurskornir af vatnsrásum og rofi. Lúpínu var sáð innan girðingarinnar árið 2000 og þekur hún nú talsverðan hluta lands innan hennar. Fimm bændur í Helgafellssveit eru þáttakendur í verkefninu "Bændur græða landið (BGL)" og þeir hafa fyrir tilstyrk Landgræðslunnar um árabíl borið á tilbúinn áburð og sáð grasfræi í ógróið land. Árið 2009 voru 50 – 60 ha í uppgræðslu, aðallega melar. Auk þess er uppgræðslu lokið á talsvert stórum svæðum, sem unnið hefur verið við í BGL verkefninu.

*Heimild: Landgræðsla ríkisins*

## 1.8 Náttúruvernd

### 1.8.1 Náttúruminjaskrá 1996

Í Helgafellssveit eru fjögur svæði á Náttúruminjaskrá 1996, samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Tafla 3 sýnir umrædd svæði.

**Tafla 3. Svæði í Helgafellssveit sem eru á Náttúruminjaskrá 1996.**

Nr.	Svæði	Lýsing
227	Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn	(1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum. Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífauðugar fjörur, veiðvötn. Kjórið útivistarsvæði.
228	Fjörur í Hofstaðavogi	(1) Fjörur og grunnsævi í Hofstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka. (2) Miklar og frjósamar leirur. Mikil umferð farfugla.
229	Helgafell	(1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennileg klettaborg, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi.
230	Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði	(1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.

Heimild: Náttúruminjaskrá 1996

### 1.8.2 Verndun Breiðafjarðar

Lög nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar ná til vissra svæða í Helgafellssveit.

Í 1. gr. laganna segir eftirfarandi: „*Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.*“

Í 2. gr. sömu laga segir: „*Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.*“

Sjá afmörkun svæðisins á skýringarkorti 1.

### 1.8.3 Tillögum NÍ vegna Náttúruverndaráætlunar 2002


Í Tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002 (NÍ 02016) kom fram tillaga um friðlýsingu á Hofstaðavogi - Álftafirði.

Svæðið er að hluta til verndað með lögum nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar, en mörk þess eru: „*Frá Hafnareyjum í Tindsker í Kiðey og með strönd Þórsness yfir í Bæjarey. Þaðan í Ós og með strönd Álftafjarðar og Vigrafjarðar og ofan við 100 m stórstaumsflóðmörk á Þórsnesi. Yfir í Jónsnes og inn með Hofstaðavogi allt að Innri Kóngsbakka, þaðan í Hafnareyjar. Svæðið er alls um 70 km<sup>2</sup>.*“

Forsendur friðunar eru: „*Fjölbreytt fuglalíf, mikilvægur viðkomustaður farfugla, leira. Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Fuglar sem einnig hafa alþjóðlegt verndargildi fyrir utan margæs og rauðbrysting: Fellihópur álfta allt að 1.100 fuglar.*“

Heimild: Náttúrufræðistofnun Íslands

### Skýringarkort 1. Friðland í Breiðafirði



 Friðland í Breiðafirði

Afmörkn verndunarsvæðis við Breiðafjörð.

*Heimild: Verndaráætlun Breiðafjarðar*

#### 1.8.4 Friðlýst æðarvarp í landi Jónsness

Friðlýst æðarvarp er í landi Jónsness. Er varpið á öllu fastalandi jarðarinnar ásamt inneyjunum Háey, Efstuey, Miðey, Hrísey, Snorrahólma og úteyjunum Tveggjalambahólma, Stóruflögum, Blikaskeri, Hnífsey og Ólafsey. Friðlýsingin gildir í 10 ár frá birtingu hennar eða til 26. apríl 2017.

*Heimild: Sýslumaður Snæfellinga*



Helgafellssveit horft til austurs. Helgafell á miðri mynd / ljósm. J.E.R.

### 1.9 Niðurstöður

Jarðfræði svæðisins er mjög merkileg og gefur mikla möguleika á að efna í auknum mæli til fræðslu og skoðunarferða um svæðið. Sama má segja um marga aðra sérstaka náttúrufarsþætti, sem nefndir eru í kaflanum hér að framan. Hér eru því mörg sóknarfæri af ýmsu tagi m.a. í ferðamennsku (t.d. fuglaskoðun, selaskoðun), en einnig á sviði rannsókna og aukins hlunnindabúskapar. Ástæða gæti verið til að leita eftir samstarfi við Umhverfisstofnun um friðun svæða á Náttúruminjaskrá 1996, en slík aðgerð gæti auðveldlega orðið til þess að efla svæðið og fjölga störfum þar í framtíðinni bæði á sviði rannsókna og fræðslu.





## 2. kafli – Forsendur: Samfélag



W.A. Collingwood

Hofstaðir í Helgafellssveit

## 2.1 Sögu- og menningarminjar


Ólíkt því sem er í flestum sveitum landsins hafa margar fornleifarannsóknir verið gerðar í Helgafellssveit, lang flestar í lok 19. aldar og á fyrri hluta þeirrar 20. Eyrbyggja-saga var þarna gríðarlegur áhrifavaldur. Sagan er fjölbreytt og áhrifamikil og höfundar virðast hafa þekkt vel til staðhátta á Þórsnesi og þar í nágrenninu. Eyrbyggja sagan og fyrstu skrif um fornleifar í Helgafellssveit hafa allar götur síðan haft óumdeilanleg áhrif á hugmyndir manna um fornleifar þar og sett mark sitt á síðari rannsóknir. T.d. hefur fremur fát verið ritað um landbúnaðarminjar og almennar búsetuminjar á svæðinu, en áhersla hins vegar lögð á staðsetningu og lýsingu staða, sem getið er um í sögunni.

Árni Magnússon var fyrstur til að lýsa minjastað í Helgafellssveit árið 1702 og var það meint hoftóft á Hofsstöðum.

Í upphafi 19. aldar var mikill áhugi í Danaveldi á fornaldarminjum í konungsdæminu og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja þá skrá merkar minjar í ríkinu. Árið 1817 voru spurningarlistar sendir til presta og þeir fengnir til að annast skráninguna. Í Helgafellssókn eru í svarinu nefndir 10 staðir og tengjast 6 þeirra Eyrbyggju með einum eða öðrum hætti.

Danski fornleifafræðingurinn Kristian Kaalund er næstur til að kanna svæðið um 1870, en síðan taka við kannanir á vegum Hins íslenska fornleifafélags.

### Skýringarkort 2. Landnámsjarðir, mörk landnáms og merkir sögustaðir á Þórsnesi



Collingwood skoðaði sögustaði hér á landi um aldamótin 1900 og teiknaði myndir m.a. af Kóngsbakka, Hofsstöðum, Helgafelli og Þingvallaborg á Þórsnesi.

Brynjúlfur Jónsson fornfræðingur var þarna um svipað leyti við rannsóknir. Fleiri þekktir vísindamenn hafa rannsakað svæðið s.s. Þorleifur Jóhannesson, Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður, og fornleifafræðingarnir Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. Þá ritaði Guðbrandur Sigurðsson bóndi og hreppsstjóri á Svelgsá greinar um eyðibýli og sel í Helgafellssveit árið 1957 bæði í Árbók hins íslenska fornleifafélags og Breiðfirðing. Alls nefnir Guðbrandur 37 eyðibýli í sveitinni, sjá einnig aftar í kafla 2.1.1.

Þær minjar sem hafa fram til þessa verið friðlýstar í Helgafellssveit eru 36 að tölu og voru allar friðlýstar á árunum 1929 - 1936. Það er því nokkuð augljóst, að hér þarf að bæta um betur.

### 2.1.1 Helgafellssveit - nokkur sögubrot

Í Landnámabók segir að Auðunn stoti hafi numið land í Hraunfirði fyrir ofan hraun (Berserkjahraun) og mun landnám hans hafa verið hið minnsta á svæðinu.

Björn Ketilsson austræni nam land þar austan við, að Stafá, sem rennur milli Hraunháls og Kóngsbakka. Hann bjó í Bjarnarhöfn. Björn austræni var sonur Ketils flatnefs.

Á milli Landeyjar, norðan við Bjarnarhöfn, og tanga fyrir vestan, Kaupstaðartanga, er lítil vík er nefnist Kumberavogur (síðar verslunarstaður), þar er talið að séu minjar um skipsnaust Bjarnar og nefndist Bjarnarnaust. Talið er að hann hafi fundið önd vegis-súlur sínar þar reknar í vík.

Kjalleklingar voru mikil og völdug ætt komin af Kjallaki syni Bjarnar. Fremstur þeirra var Þorgrímur Goði sonur Kjallaks, er náði hluta af Þórsnesingagoðorðinu. Sonur Þorgríms, sem kallaður var Vermundur í Bjarnarhöfn, er sagður hafa þáð gjöf af Hákonu jarli, tvo berserki, sem voru honum svo erfiðir, að hann lét þá til bróður síns Styr (Víga-Styr), sem þurfti að yfirvinna þá með brögðum. Hann lofaði þeim að annar þeirra myndi fá dóttur sína ef þeir ryddu veg yfir hraunið út til Bjarnarhafnar, leggja hagagarð milli landa hans og Vermundar og gera fjárbyrgi fyrir innan hraunið. Er þeir luku við verkið voru þeir svo lúnir að Styr gat drepit þá og dysjað í hrauninu við veginn. Þessi vegur er mikið genginn af ferðamönnum í dag og nefnist Berserkjagata.

Þriðji landnámsmaðurinn var Þórólfur Mostraskegg, sem nam land árið 884 við Þórsnes, þar reisti hann bæ við Hofsvog og nefndi Hofsstaði. Hann var mikill blótsmaður og Þórsdýrkandi. Hann tók niður hof sitt í Noregi og flutti með sér til Íslands. Yst á nesinu þar sem ein öndvegissúlan hafði lent, setti hann héraðsþing sem varð mjög svo heilagur staður, að menn máttu ekki ganga örna sinna þar, heldur var til þess ætlað sker er nefnist Dritsker. Í Eyrbyggju segir frá bardaga, sem orðið hafi er menn vildu ekki ganga örna sinna í Dritsker. Talið er að eftir blóðugan bardaga hafi mönnum fundist staðurinn vera orðinn saurgaður og flutt þingið skömmu eftir dauða Þórólfs að Þingvöllum og var þinghald þar lengi. Það hét Þórsnesþing. Talið er að Þórólfur hafi verið heygður á Haugsnesi fyrir vestan Hofsstaði. Lítið sem ekkert er til minja um haug eða þingstað Þórólfs en Dritsker þekktist enn með sínu gamla nafni.

Þórólfur lagði mikla helgi á fjall á Þórsnes, þangað mátti enginn óþveginn líta né neinu lífi þar granda. Þetta fjall nefndi hann Helgafell. Hann trúði því, að hann myndi þangað fara þá er hann dæi og allir á nesinu hans frændur. Má af því telja að sveitin hafi verið nefnd Helgafellssveit eftir fjallinu.

Sonur Þórólfs Mostraskeggs, Þorsteinn Þorskabítur, reisti fyrstur bæ á Helgafelli um 935. Hann átti tvo syni, Þorgrím, sem Gísli Súrsson vó og Börk hinn digra, sem mest sóttist eftir lífi Gísla. Börkur kvæntist systur Gísla, Þórdísi Súrsdóttir, sem hafði áður verið gift Þorgrími. Þau bjuggu á Helgafelli, þar til Þórdís veitti banamanni bróður síns, Eyjólf Gráa, tilræði með sverði. Eftir þann atburð skildu þau og Börkur fór á brott frá Helgafelli. Við búi tók sonur Þorgríms Þorsteinsonar, Snorri goði forfaðir Sturlunga.



Horft frá Bjarnarhöfn yfir til Helgafells / ljósm. G.H.G.

Í Eyrbyggju er þess getið, að Snorri hafi verið vanur að ganga upp á Helgafell er hann þurfti að ráða framúr vandamáli og taldi að þau ráð myndu síst bregðast. Einnig er þar getið að Snorri hafi reist kirkju á Helgafelli árið 1000. Árið 1008 skipti hann á bústöðum við Guðrúnu Ósvífursdóttur. Flutti hún að Helgafelli og bjó þar til æviloka. Talið er að leiði hennar sé norður frá miðri núverandi kirkju, utan kirkjugarðs, á svipuðum stað og klaustrið stóð. Sjálfur flutti Snorri í Sælingsdalstungu. Við flutning Guðrúnar Ósvífursdóttur og fjórða manns hennar Þorkels Eyjólfssonar að Helgafelli verður staðurinn miðdepill Laxdælu og tengdur Gísla sögu Súrssonar. Guðrún og Þorkell og síðan niðjar þeirra búa að Helgafelli þar til klaustur er flutt þangað úr Flatey 1184. Guðrún Ósvífursdóttir var fyrsta nunna á Íslandi og einsetukona. Guðrún andaðist að Helgafelli og þar hvílir hún. Þess má geta hér að Ari fróði (d. 1134) ólst upp á Helgafelli með afa sínum Gelli Þorkelssyni, en langamma Ara var

Guðrún Ósvífursdóttir. Það má því segja, að Helgafell hafi verið tengt við sagnaritun frá upphafi fræðikannana á Íslandi.

Í Laxdælu segir að í lok 12. aldar hafi verið stofnað munkaklaustur af Ágústínusarreglu í Helgafelli. Neðst í fjallbrekkunni þar sem svo kallaðir Klausturhólar eru, má enn í dag sjá tóftir, þar sem talið er að klaustrið hafi staðið.


Uppi á fellinu er tótt, sem er hlaðin úr hellugrjóti og er talið að það sé rúst af kapellu munga.

Klaustrið að Helgafelli var mennta- og höfuðstaður bóklegrar iðju á Vesturlandi og þar var bókasafn með 120 bókum.

Þótt munkar hafi aldrei verið þar margir voru eignir klaustursins orðnar gríðarlega miklar á 14. öld og var það m.a. vegna þess, að þangað safnaðist próventufólk sem gaf klaustrinu jarðir sínar, en fékk í staðinn að setjast að í klaustrinu. Sem dæmi eignaðist klaustrið Fáskrúðarbakka með þessum hætti. Upp úr 1550 var klaustrið lagt niður og 1565 verður Helgafell venjulegt prestsetur.

*Heimild Snæfellsnes II Helgafell saga höfuðbóls og klausturs. Höf. Hermann Pálsson 1967.*

Árið 2005 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands um svæðisskráningu menningarminja í Helgafellssveit FS 281-05091. Var þessi skýrsla undanfari að vinnu við gerð Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012-2024. Þar kemur m.a. fram yfirlit það sem hér fer á eftir og mikið efni annað.



Helgafellsklukkan frá 1547 / ljósm. Myndið

**Tafla 4. Dýrleiki jarða í Helgafellssveit 1702 og 1847.**

Jörð	Dýrleiki 1702 í hdr.	Dýrleiki 1847 í hdr.
Árnabotn	óviss	óviss
Fjarðarhorn	óviss	óviss
Hraunsfjörður	12	12
Horn	12	12
Selvellir	-	-
Litlu Seljar	12	í eyði
Stóru Seljar	24	20
Akureyjar	24	24
Bjarnarhöfn	óviss	óviss
Efrakot	-	-
Neðrakot	-	-
Guðnýjarstaðir	12	í eyði
Ámýrar	-	-
Kothraun	12	12
Berserkjahraun	12 (prestur heimtir tíund af 33 hdr.)	12
Hraunháls	-	-
Kóngsbakki	16	16
Kljá	12	12
Staðarbakki	30	30
Gríshóll	12	12
Drápuhlíð	40	30
Arnarstaðir	óvíst	
Hofsstaðir	líklega 20 hdr.	20
Jónsnes	óvíst, sennilega 16 hdr.	16
Þingvellir	-	-
Helgafell	Í gamalli tíð talið fyrir utan Þingvelli og Arnarstaði 60 hdr.	
Valabjörg	-	-
Undirtún	-	-
Dældarkot	-	
Saurar	24	24
Hólar	12	12
Svelgsá	20	20
Hrísar	30 eða 40	30
Hrísakot	-	-
Úlfarsfell	12	12
Örlygsstaðir	12	12
Kársstaðir	16 eða 20	20

Óvenju margar selrústir virðast í sveitinni og er eðlilegasta skýringin talin sú að eyjar á Breiðafirði áttu oft selstöðu á landi gegn verstöðu landjarða í eyjum.

*Heimild: Fornleifastofnun Íslands FS 281-05091 Reykjavík 2005*

**Tafla 5. Yfirlit um fjölda hjáleiga og meintra býla í Helgafellssveit**

Númer	Nafn býlis	Í byggð
SN-241:017	Þórólfsstaðir / Þórustaðir	Getið á 14. öld, í eyði á 17. öld (tók af skriðu)
SN-242:014	Snorrastaðir	Óvíst
SN-245:015	Litlu-Seljar	Í byggð 1702 (skriðuhætta)
SN-247:021	Hallskot (sama og Neðra-Kot)	Í byggð 1702, komið í eyði um miðja 19. öld
SN-247:022	Steindórskot (sama og Efra-Kot?)	Í byggð 1702
SN-247:025	Guðnýjarstaðir	Getið á 14. öld – u.þ.b. 1830
SN-247:027	Skemma	Óvíst
SN-247:039	Sjávarhús	Óvíst
SN-247:049	Brúarholt (þurrabúð)	Óvíst (byggt upp um 1900, í eyði 1910)
SN-247:076	Hafnareyjar	Fóru í eyði upp úr 1870
SN-247:084	Efra-Bjarnarhafnarkot	Í byggð um 1850
SN-251:010	Níelsarbær (þurrabúð)	Byggt 1890
SN-252:035	Kot	Óvíst
SN-254:007	Efra-Kot (þar sem nú er Innri Kóngsbakki)	Í eyði upp úr 1800
SN-254:062	Neðra-Kot	Í eyði 1702
SN-254:063	Hóp	Byggt um 1890
SN-256:021	Bakkakot	Í eyði fyrir 1919
SN-256:022	Vindás	Óvíst – talið fornt býli
SN-256:025	Gautsstaðir	Óvíst – talið fornt býli
SN-258:007	Innri-Drápuhlíð	
SN-258:026	Hólkot	Óvíst
SN-258:037	Þorbeinsstaðir	Óvíst
SN-270:012	Teitstóftir	19. öld
SN-270:023	Þingvallakot/Ásgerðarkot	Óvíst
SN-270:051	Þingvallatangi (sama og 0:23?)	Óvíst
SN-271:026	Vallstakksey	Byggð í lok 17. aldar
SN-271:033	Bygg hamar (þurrabúð)	19. öld, í eyði 1888
SN-271:046	Sólheimar	Óvíst
SN-271:057	Gata (þurrabúð)	Óvíst
SN-271:063	Skjöldur	Byggt 1850
SN-274:009	Brettingsstaðir	Löngu komið í eyði 1702
SN-274:027	Þórleifsstaðir	Óvíst – talið fornt
SN-275:033	Hólakot	Óvíst
SN-276:025	? (hjá Tóftavelli)	Óvíst
SN-276:035	Brennistaðir	Óvíst – talið fornt
SN-276:039	? (undir Svelgsárborg)	Óvíst – talið fornt
SN-277:010	Mosvellir	Óvíst – talið fornt
SN-277:014	Illugatraðir	Óvíst
SN-277:017	? (hjá Tröllkonufossi)	Óvíst – talið fornt
SN-277:018	Á Tóftum	Óvíst – talið fornt
SN-278:010	Hvammur	Bústaður Þórólfs – vafasamt
SN-278:017	Spágilsstaðir	Óvíst
SN-279:004	Bólstaður	10. öld?
SN-280:008	Hella	Getið á 14. öld

Að auki voru nokkur grasnytjalaus býli og verbúðir í eyjum. Í skýrslu Fornleifastofnunar segir orðrétt (bls. 21): „Eins og sjá má af þessu virðast sum svæði í Helgafellssveit hafa verið býsna þéttsetin einhvern tíma í fyrndinni. Hæpið er að draga miklar ályktanir af þessu þar sem vettvangskonun hefur enn ekki farið fram. Þó vekur sérstaka athygli svæðið austan við Þórsnes og inn í Álftafjörð, frá Saurum til Hrísa. Þar virðist mikið af fornlegum rústum.“

### 2.1.2 Friðlýstar fornleifar

Alls hafa verið skráðar 1013 fornleifar á 37 jörðum í Helgafellssveit. Tafla 6 sýnir tegundir fornleifa á svæðinu.

**Tafla 6. Tegundir fornleifa og fjöldi í Helgafellssveit.**

Tegundir fornleifa	Fjöldi	Tegundir fornleifa	Fjöldi
Bústaðir	42	Varnargarðar	2
Býli	54	Legstaðir	13
Akur	10	Kirkjur	2
Áveitur	9	Hálfkirkja	6
Kálgarður	30	Bænhús	3
Útihús (ótilgreind)	143	Landamerki	12
Fjánhús	26	Eyktarmörk	2
Lambhús	5	Skotbyrgi	2
Hesthús	14	Refagildrur	4
Fjós	11	Brunnar	11
Túngarðar	17	Þvottastaðir	6
Skemma	1	Vatnsból	4
Hlaða	21	Hjallar	16
Hrútakofi	1	Sjóbúð	1
Smiðjur	6	Naust	18
Mylla	1	Uppsátur	3
Stekkir	40	Lendingar	27
Sel	24	Verbúðir	3
Réttir	12	Áfangastaðir	2
Kvíar	29	Leiðir	93
Beitarhús	2	Vöð	13
Smalakofar	4	Brýr	3
Nátthagar	7	Traðir	8
Fjárskýli	4	Þingstaðir	3
Mógrafir	39	Huldufólksbústaðir	9
Torfristustaðir	9	Draugar	5
Kolagrafir	11	Álagablettur	1
Vörslugarðar	6		

*Heimild: Fornleifastofnun Íslands FS281-05091 Reykjavík 2005*

Samkvæmt Skrá um friðlýstar fornleifar 1. útgáfu 1990 eru nú þegar friðlýstar fornleifar á einum 15 stöðum í Helgafellssveit, alls 36 að tölu. Tafla 7 greinir frá þeim. Allar voru þær friðlýstar á árunum 1929 – 1936.



**Tafla 7. Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 í Helgafellssveit**

Staður	Lýsing	Friðlýsingarár
Afréttarland	Grímshellir í austanverðu Kerlingarfjalli	1929
Berserkjahraun	„Kirkjutóft Styr“; svo nefnd, uppi á brekkunni fyrir neðan bæinn (tóftin að öllum líkindum horfin).	1929
	Skálatóft (?) mikil á túnjaðrinum við lækinn.	1929
	Gerði í krika, sem gengur inn í hraunið fyrir vestan lækinn gegnt túninu.	1929
	Krossrjett, forn fjárrétt neðar í hraunjaðrinum.	1929
	Berserkjagarður, á landamerkjum í hrauninu milli Berserkjahrauns og Bjarnarhafnar	1929
Bjarnarhöfn	Bjarnarnaust, beint niður frá bænum	1929
	„Hamarnaust“, ruddur bás við sjóinn dálítið vestar.	1929
	Búðatanga-rústir (leifar af verslunarbúðum).	1929
	Hamarnaust, fornt naust undir hamri á landi uppi, suðaustur frá Búðartanga.	1929
Drápuhlíð	Fornar tóftir, þar sem er eyðibýlið Hólkot á mýrunum norður frá bænum.	1929
Gríshóll	Forn fjárrétt í Hraundal: er hún í hraunhvammi neðarlega í dalnum.	1929
Helgafell	„Leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur“, svo nefnt.	1929
	Tóft lítill, hlaðin úr grjóti, uppi á Helgafelli, nefnd „Kapellan“, 4 m. á hvern veg að utanmáli.	1936
Hofsstaðir	Hofgarður, svo nefndur, brot af forni girðingu á háum fjörubakka.	1929
Hrísar	Leifar af haugi Þórófs bægifótar framan til í Þórsárdal miðjum, austan árinna, um 50m. frá henni (í landi Hrisakots).	1929
	Fornar rústir, þar sem nefnt er „á Tóftum“ í Hrisanesi.	1929
	Rústir eftir fornt býli, er nefnist Mosvellir, úti við Svelgsá, við hraunið.	1929
	Rústir eftir fornt býli neðar með Svelgsá við Tröllkonufoss.	1929
Kársstaðir	Grjótrústir tvær fornar, önnur kringlótt, hin sporöskjumynduð, í hlíðarhalla norður frá bænum.	1929
	Girðing fornleg í norðvestur frá bænum, neðst í hlíðinni.	1929
Saurar	Rústir tvær fornar, þar sem verið hafa Þorleifsstaðir, fyrir ofan Saura, við innri enda Skjaldarvatns, norðan undir klettaás.	1929
	Gruflunaust, svo kallað, við lítinn vog, er gengur vestan í Sauranes.	1929
	Smátóftir sex á grashól hjá vog einum innarlega í Sauranesi.	1929
Staðarbakki	Leifar eyðibýlisins Gautsstaða, neðst í Stórholtum, vestanvert við lítinn læk, er fellur ofan í Gautsstaðagróf.	1929
	Eyðibýlið Vindás, á svo kölluðum Skeiðum.	1929
Svelgsá	1) Forn tóft og garður fyrir austan bæinn og utantil við túnið og litlu sunnar 2 smátóftir.	1929
	Fjórar tóftir utanvert og þjett við hinn forna garð, en beint norður frá bænum.	1929
	Fornt hringmyndað mannvirki, hlaðið mestmegnis úr grjóti á móabörðum norður frá bænum.	1929

	Fornar bæjarrústir suðvestan undir Svelgsárborg, svo nefndri. Fornar bæjarleifar, þar sem nefnist Brennistaðir austan undir Drápuhlíðarfjalli.	1929
	II) Hringmynduð grjótrúst, um 12 m. að þverm., uppi á Svelgsár- borg, (Stekkjarsborg öðru nafni).	1936
Úlfarsfell	Bólstaður við Vaðilshöfða, rústir tvær. Leifar Arnkelshaugs. Leifar Þórólfsaugu og þvergarður á Bægifótshöfða.	1929 1929 1929
Þingvellir	Fornar þingbúðatóftir og öll önnur mannvirki á hinum forna Þórsnessþingstað.	1929
Örlygsstaðir	Leifar fornbæjarins Hellu, rétt fyrir austan Örlygsstaðaá, þar sem er yngri stekkjartóft.	1929

Heimild: Fornleifavernd ríkisins

Eini stórfelldi fornleifauppgröfturinn sem fram að þessu hefur farið fram í Helgafellssveit er uppgröftur á Bólstað við Álftafjörð árið 1931. Þá rannsóknannaðist Matthías Þórðarson. Um hann má fræðast í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1932. Mikið verk er því óunnið í Helgafellssveit varðandi fornleifauppgröft.

Fornleifastaðir geta verið afar upplýsandi og áhugaverðir m.a. fyrir ferðamenn. Strax má sjá fjölda staða, sem hægt væri að nýta til kynningar í tengslum við útivist og ferðamennsku. Auk þess sem Helgafellssveit í heild sinni hefur mikið rannsóknargildi á sviði menningarminja í margvíslegu tilliti.

Tekið skal fram að vettvangsathugun hvað varðar fornminjar þarf ávallt að fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags og framkvæmdir m.a. vegna efnistöku, skógræktar, frístundabyggðar og mannvirkjagerðar yfirleitt. Í þessu sambandi er vísað í 10. og 11. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001 og gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

### 2.1.3 Húsafriðun

Í 1. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001 segir: „Tilgangur þessara laga er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi.“

Í 6. gr. segir eftirfarandi: „Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd [...] ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Húsafriðunarnefnd skal innan 4 vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar.“



Bjarnarhafnarkirkja /  
ljósm. G.H.G.

**Tafla 8. Friðaðar kirkjur í Helgafellssveit skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001**

Kirkja	Byggingarár	Húsgerð	Forsmiður	Friðun
Helgafellskirkja	1903	Timburhús	Sveinn Jónsson	1. jan 1990
Bjarnarhafnarkirkja	1856-1858	Timburhús	Sig. Sigurðsson	1. jan 1990


Heimild: Húsafriðunarnefnd ríkisins

Um Bjarnarhafnarkirkju segir ennfremur á kortasjá heimasíðu Húsafriðunarnefndar: „Í upphafi var þak gaflsneitt við austurstafn og strýtumyndaður þakturn við vesturstafn, sem fauk um aldamótin 1900.“ Engin formleg húsakönnun hefur farið fram á svæðinu og því ekki vitað hvort á svæðinu eru önnur hús uppstandandi, sem ástæða væri til að hverfisvernda eða óska eftir friðun á. Í umsögn Húsafriðunarnefndar frá 24. september 2009 er bent á mikilvægi þess að gerð sé könnun á vettvangi þar sem stuðst er við sögu og staðfræði við stefnumörkun um varðveislu byggðar í aðalskipulagi. Í því sambandi er t.a.m. spurt um varðveislugildi gamla skólahússins að Skildi, núverandi félagsheimilis, sem mögulega er byggt eftir teikningu Rögnvaldar Ólafssonar. Bæði hérlendir og erlendir aðilar hafa vaxandi áhuga á húsakönnun. Þá skal bent á að Húsafriðunarnefnd ríkisins hefur veitt sveitarfélögum styrki til að standa straum af slíkum könnunum.

## 2.2 Íbúapróun og aldursskipting

### 2.2.1 Þróun íbúafjölda

Fjöldi íbúa í Helgafellssveit þann 1. desember 2012 var 57 og hafði þá fækkað um 12% síðan árið 1998. Á tímabilinu 1998 – 2012 var fjöldi íbúa í Helgafellssveit lægstur árið 2004 eða 47. Karlar hafa verið ívið fleiri en konur á tímabilinu eða að meðaltali um 55% á móti 45% kvenna. Mynd 4 sýnir þróun heildarfjölda íbúa, karla og kvenna í sveitarfélaginu á umræddu tímabili.




**Mynd 4.** Íbúapróun í Helgafellssveit á árunum 1998 - 2012.

Heimild: Hagstofa Íslands

### 2.2.2 Aldursdreifing íbúa

Meðalaldur íbúa Helgafellssveitar hefur farið hækkandi á síðastliðnum árum. Mynd 5 sýnir skiptingu eftir aldri árin 1998 og 2012. Þar sést að rúmlega 30% fækkun hefur orðið í yngsta aldurshópnum, þ.e. 0 – 19 ára, á tímabilinu. Þá hefur fækkað um 30% í aldurshópnum 60 – 79 ára. Á móti hefur fjölgað um 5% í aldurshópnum 20 – 39 ára en sami fjöldi er í hópi 40 – 59 ára þegar árin eru borin saman.



**Mynd 5.** Aldurskipting íbúa Helgafellssveitar á árunum 1998 og 2012.

Heimild: Hagstofa Íslands

## 2.3 Byggð

Í töflu 9 er yfirlit yfir jarðir og jarðarspildur í Helgafellssveit samkvæmt Fasteignaskrá þann 1. desember 2012. Í töflunni er einnig yfirlit yfir eignarhald, fasta búsetu og hvort stundaður er hefðbundinn búskapur á jörð eða jarðarspildu. Ennfremur er greint frá landnotkun sem gildandi lög eða samningar kveða á um eða hefur fengið formlega afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Þá er getið í töflunni afmörkunar jarðarluta og lóða sem samþykktar hafa verið í sveitarstjórn fyrir 1. desember 2012 en ekki er getið um í Fasteignaskrá.

**Tafla 9. Yfirlit yfir eignarhald, búsetu og samþykka landnotkun\* á einstökum jörðum eða jarðarspildum stærri en 10 ha í Helgafellssveit sem þá voru skráðar í Fasteignaskrá og undir sumum jörðum er yfirlit yfir jarðarluta og lóðir sem ekki voru skráðar í Fasteignaskrá þann 1. desember 2012.**

Jörð	Eignarhald	Föst búseta	Hefðb. búskapur	Landnotkun önnur en landbúnaður
Arnarstaðir	Einkaeign	já	já	aðveitustöð, borhola (heitt vatn)
Álfgeirsvellir <sup>1</sup>	Einkaeign			
Árnabotn	Einkaeign			
Berserkjahraun	Einkaeign			fornleifar, náttúruminjaskrá
Bjarnarhöfn	Einkaeign	já	já	verslun, endurvarpsstöð, fortleifar, kirkja, kirkjugarður, náttúruminjaskrá
Borgarland	Einkaeign		já	endurvarpsstöð
- Tíðás **	Helgafellssveit			skógræktarsvæði
Brettingsstaðir <sup>2</sup>	Einkaeign			
- Helguvík***	Einkaeign			
Drápuhlíð innri/Efrihlíð	Helgafellssveit			
- Vatnsdalur**	Stykkishólmur			skógræktarsvæði
Drápuhlíð ytri	Einkaeign			fornleifar
Fjarðarhorn	Einkaeign			
Gríshóll	Einkaeign	já	já	fornleifar, virkjun
Hamrar <sup>3</sup>	Einkaeign			
Helgafell	Einkaeign	já	já	fornleifar, kirkja, kirkjugarður
- Helgafell 3***	Einkaeign			stök lóð
- Lyngholt***	Einkaeign			
- Systrasel***	Einkaeign			stök lóð
- Vatnsás***	Einkaeign			stök lóð
Helgafell 1 <sup>4</sup>	Einkaeign			
Helgafell 2 <sup>5</sup>	Einkaeign			Vesturlandsskógar
Hofsstaðir	Einkaeign		já	fornleifar
Hólar	Einkaeign	já	já	stök frístundahús
Hólar 1 <sup>6</sup>	Einkaeign			Afþreyingar og ferðaþjónustusvæði
Horn	Einkaeign			Náttúruminjaskrá
Hraunháls	Einkaeign	já	já	
Hraunsfjörður	Einkaeign			
Hrísakot	Einkaeign		já	fornleifar

Hrísanes	Einkaeign			fornleifar
Hrísar	Einkaeign			vatnsból, vatnsverndarsvæði
- Helluland***	Einkaeign			fornleifar
- 20 ha spilda***	Einkaeign			
Jónsnes	Einkaeign			fríðlýst æðarvarp
Kársstaðir	Einkaeign	já	já	stök frístundalóð, fornlifjar, veiðihús
Kljá	Félag		já	fornminjar
Kóngsbakki innri	Félag		já	íbúðarsvæði, stök frístundalóð
Kóngsbakki ytri	Félag			
Krókengi	Helgafellssveit			
Saurar	Einkaeign	já	já	fornminjar, Vesturlandsskógar, stakt frístundahús
- Birkilundur****	Einkaeign	að hluta		íbúðarbyggð, frístundabyggð
- Norðurás****	Einkaeign	já		stök íbúðarhúsaloð
- Sauraskógur**	Skógrækt ríkisins			skógræktarsvæði
Seljar	Félag			Náttúruminjaskrá
Selvellir	Einkaeign			Náttúruminjaskrá
Skjöldur	Einkaeign		já	
Sólbakki/Staðarbakki	Einkaeign	já	já	fornminjar
Svelgsá	Einkaeign		já	fornminjar, Vesturlandsskógar, vatnsverndarsvæði
Úlfarsfell	Einkaeign			fornminjar
Vellir	Einkaeign			
Þingskálanes I <sup>7</sup>	Einkaeign			fornminjar
Þingskálanes II <sup>8</sup>	Einkaeign			
Þingvellir	Einkaeign	já	já	fornminjar
Örlygsstaðir	Einkaeign			fornminjar

Heimild: Skipulags- og byggingarfulltrúi Helgafellssveitar, oddviti og [www.skra.is](http://www.skra.is)

\* Með samþykktri landnotkun er átt við landnotkun sem gildandi lög eða samningar kveða á um eða hefur fengið formlega afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

\*\* Í gildi samningar við Skógræktarfélag Stykkishólms.

\*\*\* Samþykkt af sveitarstjórn Helgafellssveitar.

\*\*\*\* Hefur fengið formlega afgreiðslu Skipulagsstofnunar og var skráð í Fasteignaskrá 1. desember 2012.

<sup>1</sup> 22,3 ha úr landi Gríshóls.

<sup>2</sup> 53 ha úr landi Saura.

<sup>3</sup> 17,7 ha úr landi Saura.

<sup>4</sup> 174 ha úr landi Helgafells.

<sup>5</sup> 216 ha úr landi Helgafells.

<sup>6</sup> 12,4 ha úr landi Hóla.

<sup>7</sup> 53 ha úr landi Saura.

<sup>8</sup> 10 ha úr landi Saura.

Þann 1. desember 2012 voru í Helgafellssveit 36 íbúðarhús á 24 jörðum og 25 frístundahús á sjö jörðum. Tafla 10 sýnir yfirlit yfir fjölda þeirra á hverri jörð.

**Tafla 10. Yfirlit yfir fjölda íbúðarhúsa og frístundahúsa á einstökum jörðum í Helgafellssveit 1. desember 2012**


Jörð	Fjöldi íbúðarhúsa	Fjöldi frístundahúsa	
Arnarstaðir	1		
Bjarnarhöfn	3		
Borgarland	1		
Gríshóll-Léttahlíð		3	Frístundahús með stöðuleyfi* stakt frístundahús
Gríshóll - Fosslóð		1	
Hamrar	1		
Helgafell	1		
Helgafell 2	1		
Hofsstaðir	1		
Hólar	1	2	stök frístundahús**
Hraunháls	2		
Hrísakot	1		
Hrísar	1		
Jónsnes	1		
Kársstaðir	1	1	stakt frístundahús
Kljá	1		
Kóngsbakki innri	4	1	stakt frístundahús
Kóngsbakki ytri	1		
Saurar	1		
- Birkilundur	7	14	staðfest deiliskipulag
- Norðurás	1		
- Saurar		1	stakt frístundahús
Skjöldur		1	stakt frístundahús
Sólbakki/Staðarbakki	1		
Svelgsá	1		
Úlfarsfell		1	stakt frístundahús
Vellir	1		
Þingvellir	1		
<b>Samtals</b>	<b>35</b>	<b>22</b>	

\* Til er óstaðfest deiliskipulag sem nefnist Léttahlíð og eru húsin staðsett innan marka þess

\*\* Til er óstaðfest deiliskipulag fyrir Hóla og eru húsin innan marka þess og því ekki sýnd sem stök frístundahús á aðalskipulagsupprætti

## 2.4 Atvinna

Í árslok 2005<sup>§</sup> var meðalfjöldi starfandi einstaklinga í Helgafellssveit um 30. Mynd 9 sýnir þróun í meðalfjölda starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum á árabilinu 1998 til 2005. Á myndinni má sjá að meðalfjöldi starfandi einstaklinga í landbúnaði var nokkuð stöðugur yfir tímabilið eða um 10. Fjöldi í iðngreinum var mestan hluta tímabilsins um 10. Mestur fjöldi starfaði við þjónustugreinar á tímabilinu og á árabilinu 2001 - 2004 var fjöldi þeirra um 20. Á öðrum tímum var hann um 10 starfandi einstaklingar.



**Mynd 6.** Þróun í fjölda starfandi eftir atvinnugreinum í Helgafellssveit á tímabilinu 1998 – 2005.

Heimild: Hagstofa Íslands.

### 2.4.1 Landbúnaður


Samkvæmt tölum Hagstofunnar störfuðu að meðaltali um 10 einstaklingar við landbúnað á árabilinu 1998 – 2005. Landbúnaður hefur töluvert dregist saman á svæðinu á síðustu árum, líkt og annars staðar á landinu, samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands. Á tímabilinu 2011 – 2012 var búfjárhald á 15 lögbýlum og er eftirfarandi grófleg flokkun á búum eftir bústofni:

- 1 blandað bú, það er bú með fleiri en 5 kýr og fleiri en 40 kindur.
- 2 kúabú, það eru bú með fleiri en 5 kýr og færri en 40 kindur.
- 6 sauðfjárbú, það eru bú með yfir 40 kindur og færri en 5 kýr.
- 6 bú með annan bústofn en greindur er hér að ofan.

Heimild: Matvælastofnun

Mynd 7 sýnir þróun í fjölda nautgripa frá árinu 1981 – 2011. Mikill breytileiki hefur verið í fjöldi þeirra á tímabilinu en flestir voru þeir árið 1990 eða 357 en fæstir árið 2011 eða 90.

Mynd 7 sýnir einnig fjölda hrossa á tímabilinu. Hefur fjöldi þeirra verið nokkuð stöðugur yfir tímabilið eða að meðaltali í kringum 100 hross. Á síðustu árum hefur fjöldi þeirra heldur aukist.




**Mynd 7.** Fjöldi nautgripa, hrossa og geita í Helgafellssveit á árunum 1981 til 2011.

Heimild: Matvælastofnun

<sup>§</sup> Hagstofa Íslands hefur ekki gefið út nýrri atvinnutölur fyrir sveitarfélagið en hér greinir frá. Allar tölur eru námundaðar að næsta tug, þannig að ef meðalfjöldi starfandi einstaklinga er t.d. 10, þýðir það í raun að fjöldi þeirra er á bilinu 5 – 14.

Um 55% fækkun hefur orðið á sauðfé á því tímabili sem hér um ræðir. Árið 1991 var fjöldi sauðfjár um 3.500 gripir, en á síðustu árum hefur fjöldi þeirra gjarnan verið undir 1.700 gripum. Mynd 8 sýnir þróun í fjölda sauðfjár á tímabilinu.



**Mynd 8.** Fjöldi sauðfjár og áa í Helgafellssveit á árunum 1981 til 2011.

Heimild: Matvælastofnun

Til fróðleiks má geta þess að margt bendir til að búskapur í Helgafellssveit hafi verið fjölbreyttari áður fyrr en nú er og má í því sambandi minna á örnefni eins og Akranes í túninu í Drápuhlíð, Bygghamar í túninu á Helgafelli, Akurreinar í túninu á Svelgsá.

Þessi nöfn og nokkur fleiri benda til að þarna hafi verið stunduð kornrækt. Þá eru á svæðinu örnefni, sem benda til að geitur hafi verið búsmali svo og að svínarækt hafi verið stunduð í Helgafellssveit og nægir að nefna nöfnin Hafrafell, Kiðey, Gríshól og Purkey í því sambandi.

#### 2.4.2 Iðngreinar

Í sveitarfélaginu er stunduð mannvirkjagerð, s.s. bygging sumarhúsa.


#### 2.4.3 Þjónusta

Mynd 6 sýnir að fjöldi þeirra sem starfaði við þjónustu hvers konar á árabílinu 2002 til 2004, jókst úr um 10 einstaklingum í um 20 einstaklinga.

#### Ferðaþjónusta

Þjónusta af ýmsum toga hefur farið vaxandi á undanförunum árum í Helgafellssveit, enda atvinnugreinin í hröðum vexti hér á landi. Engar tölur eru til um þróun í fjölda ferðamanna í sveitarfélaginu og er því leitast við að taka saman upplýsingar sem gætu varpað einhverju ljósi á þessa stækkandi atvinnugrein.

Eitt af því sem gefur vísbendingu um fjölda ferðamanna er fjöldi gistinguátta. Mynd 9 sýnir þróun í fjölda gistinguátta á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum frá 1998 – 2006 og á Vesturlandi og Vestfjörðum á tímabilinu 2007 til 2012.



**Mynd 9.** Fjöldi gistinguátta hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum á Vesturlandi\* á tímabilinu 1998 – 2012.

\* Til ársins 2007 tekur svæði einnig til Suðurnesja og Vestfjarða en eftir það einungis til Vesturlands og Vestfjarða.

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 10 sýnir fjölda gistinguáttanna hjá Íslendingum og erlendum ferðamönnum, eftir mánuðum árið 2012.

Í Helgafellssveit er ferðapjónusta stunduð á 6 stöðum.

## 2.5 Samgöngur

Þegar talað er um samgöngur í Helgafellssveit má nefna þætti sem skapa svæðinu sérstöðu frá fyrri tíð hvað vegagerð varðar. Fyrst skal tilgreint að fyrsta brú á Íslandi, sem byggð var yfir fjörð er brúin á Mjósundi. Hún var byggð árið 1961. Þá má vekja athygli á því, að á síðustu árum 10. aldar var ruddur hestfær vegur yfir Berserkjahraun og voru það berserkirnir Halli og Leiknir, sem það gerðu. Þeir voru húskarlar Styrts bónda á Hrauni að því er Eyrbyggja greinir frá. Þetta er fyrsta vegagerð hér á landi, sem sögur greina frá og vitað er um hverjir unnu. Vegurinn er enn við lýði lítið breyttur og dys vegagerðarmanna (Berserkjadys), sem við veginn stendur.

### 2.5.1 Samgöngur á landi


Stykkishólmur er í næsta nágrenni við Helgafellssveit, 46 km eru til Grundarfjarðar, en 86 km vegalengd til Búðardals. Milli Borgarness og Stykkishólms er vegalengdin heldur meiri eða 98 km, ef farið er um Vatnaleið.

Vegurinn milli Borgarness og Stykkishólms um Vatnaleið er með bundnu slitlagi. Sama á við um veg til Grundarfjarðar. Aðrir vegir eru malarvegir.

#### *Flokkun vega og umferðartölur*

Samgöngur til og frá mörkum Helgafellssveitar eru í nokkuð góðu ástandi og í flestum tilfellum er greiðfært.

Tafla 11 sýnir heiti, flokkun, lengd og staðsetningu helstu vega í Helgafellssveit.



Mynd 10. Fjöldi gistinguáttanna Íslendinga og erlendra ferðamanna á Vesturlandi og Vestfjörðum eftir mánuðum árið 2012.

Heimild: Hagstofa Íslands

**Tafla 11. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega í Helgafellssveit**

Heiti vegar (vegnr.)	Flokkun tegund / ástand	Lengd (km)	Staðsetning
<b>Snæfellsnesvegur (54)</b>	<b>Stofnvegur</b>	27.52	Hraunsfjarðarbrú - [sveitafélagsmörk]
16	C1 / bundið slitlag	7.60	Hraunsfjarðarbrú - Vatnaleið (56)
17	C1 / bundið slitlag	7.44	Vatnaleið (56) - Stykkishólmsvegur (58)
18	C2 / malarvegur	12.48	Stykkishólmsvegur (58) - sveitarfélagsmörk Helgafellssveitar
<b>Vatnaleið (56)</b>	<b>Stofnvegur</b>		
02	C1 / bundið slitlag	5.42	Afleggjari á háheiði -Snæfellsnesvegur (54)
<b>Stykkishólmsvegur (58)</b>	<b>Stofnvegur</b>		
01	C1 / bundið slitlag	6.23	Snæfellsnesvegur (54) - sveitarfélagsmörk Helgafellssveitar.
<b>Helgafellssveitarvegur (577)</b>	<b>Tengivegur</b>		
01	D / malarvegur	11.48	Snæfellsnesvegur (54) hjá Gríshólsá - Snæfellsnesvegur (54) í Berserkjahrauni
<b>Berserkjahraunsvegur (558)</b>	<b>Landsvegur</b>		
01	F1 / malarvegur	10.34	Snæfellsnesvegur (54) norðan Grákúlu -Snæfellsnesvegur (54) vestan Hraunsfjarðar

C1= vegir með tveimur akreinum. Breidd=7.5 m án kantsteina. ADU>100(dreifbýli).

C2 = Vegir með tveimur akreinum. Breidd = 6,5 m með öxlum

D = vegir með einni akrein (með útskotum).

F1 = Slóðir – Seinfær vegur, fær allri almennri umferð að sumarlagi. Einungis slóð, oftast en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Vegir þessir eru oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu.

*Heimild: Vegagerðin*

Vegagerðin hefur annast umferðartalningar um árabíl á svæðinu. Tafla 12 sýnir umferðartölur (árdags-, sumardags- og vetrardagsumferð) fyrir árin 2002 og 2011. Tveir fastir talningarstaðir eru fyrir umferð í Helgafellssveit. Þeir eru Snæfellsnesvegur austan Vatnaleiðar (54-17) og Snæfellsnesvegur 150 m austan Stykkishólmsvegur (54-18).

**Tafla 12. Yfirlit yfir umferð á vegum í Helgafellssveit á árunum 2002 og 2011**

	ÁDU <sup>1</sup>		SDU <sup>2</sup>		VDU <sup>3</sup>	
	2002	2011	2002	2011	2002	2011
<b>Snæfellsnesvegur (54)</b>						
- 17	337	494	529	794	209	294
- 18	86	102	161	204	38	34

<sup>1</sup> ÁDU: Árdagsumferð: Meðalumferð á dag yfir allt árið.

<sup>2</sup> SDU: Sumardagsumferð: Meðalumferð á dag, mánuðina júní, júlí, ágúst og september.

<sup>3</sup> VDU: Vetrardagsumferð: Meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.

Heimild: Vegagerðin

Tafla 12 sýnir að árdagsumferð (ÁDU) um Snæfellsnesveg frá Vatnaleið til Stykkishólmsvegur hefur aukist að meðaltali um 47%, úr 337 bílum í 494 bílum á dag. Sumardagsumferð (SDU) jókst um 66%, úr 529 bílum í 794 bíla á dag og vetrardagsumferð (VDU) jókst um 41%, úr 209 í 294 bíla.

Einnig hefur árdagsumferð (ÁDU) aukist á Snæfellsnesvegi frá Stykkishólmsvegi til sveitarfélagsmarka um 21%, úr 86 bílum í 104 bíla á dag. Sumardagsumferð (SDU) jókst um 19% úr 161 í 204 bíla og vetrardagsumferð (VDU) jókst um 32% úr 38 bílum á dag í 50 bíla á dag.



Berskerkjagata / ljósm. M.A.S.

### Samgönguáætlun 2007 – 2010

Í Vegaáætlun 2007 - 2010 sem er sá hluti Samgönguáætlunar 2007 -2010 sem tekur til vegamála, var gert ráð fyrir 15 milljónum í Helgafellssveitarveg (veganúmer: 577-01), frá Bjarnahafnarvegi að Snæfellsnesvegi, árið 2010 til þess að setja nýtt slitlag á veginn, en ekki hefur það verið efnt enn.

*Heimild: Vegagerðin*

### Göngu- og reiðstígar

Göngu og reiðleiðir um sveitina hafa verið fremur góðar frá ómunatíð, því langleiðis eftir sveitinni eru melgötur, sem voru og eru góðir reiðvegir. Hér skal aðeins getið tveggja nafntogaða leiða, Berserkjagötu neðst í Berserkjahrauni og göngu- og reiðleiðar frá Stykkishólmi um Sauraland, með þjóðvegi yfir í Gríshólsland og þaðan að Kerlingarskarði yfir í Eyja- og Miklaholtshrepp.



Kerling í Kerlingarskarði / ljósm. J.E.R.

### 2.5.2 Samgöngur á sjó og í lofti

Frá fyrstu tíð voru samgöngur innan sveitar mikið á sjó enda voru margar byggðar eyjar innan sveitar. Þá skal þess getið að verslunarstaðir hafa verið í Helgafellssveit allt frá því á 16. öld og þar til Stykkishólmur varð sjálfstætt sveitarfélag árið 1892. Fyrst var verslunin í Kumbaravogi við Bjarnarhöfn og síðar í Búðarnesi við Stykkishólm.

Nú hafa samgöngur á sjó lagst af nema frá Stykkishólmi. Enginn flugvöllur er í sveitarfélaginu en flugvöllur er við Stykkishólm.

## 2.6 Samfélagsþjónusta og rekstrarform

### 2.6.1 Skólastofnanir

Samkvæmt samningi reka Helgafellssveit og Stykkishólmsbær saman skólastofnanir. Hér er átt við grunnskóla með skóladagvist, tónlistarskóla, íþróttahúsi og sundlaug. Bókasafn er við skólann. Helgafellssveit hefur einnig aðgang að leikskóla í Stykkishólmi. Skólaárið 2007 - 2008 var einn nemandi úr Helgafellssveit í grunnskólanum, en 4 börn í leikskólanum. Fjölbrautarskóli Snæfellinga er í Grundarfirði og er Helgafellssveit aðili að honum.

### 2.6.2 Öldrunarmál og heimilishjálp

Helgafellssveit hefur aðgang að dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi. Heimilishjálp er veitt í Helgafellssveit í gegnum Félagsþjónustu Snæfellinga á Hellissandi, sem sveitarfélagið er aðili að.

### 2.6.3 Heilbrigðismál

Heilsugæslan í Stykkishólmi þjónustar Helgafellssveit. Í Stykkishólmi er einnig sjúkrahús. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, sem Helgafellssveit fellur undir, er í Borgarnesi. Aðsetur héraðsdýralæknis er í Stykkishólmi.

### 2.6.4 Félagsþjónusta

Helgafellssveit er með samning við Félagsþjónustu Snæfellinga um m.a. barnaverndarmál og aðstöðu fatlaðra.

### 2.6.5 Kirkjur, prestsetur og kirkjugarðar

Helgafellssveit heyrir undir Snæfells- og Dalaprófastdæmi og Stykkishólmsprestakall. Sóknarkirkja er að Helgafelli en einkakirkja í Bjarnarhöfn. Við báðar þessar kirkjur eru kirkjugarðar. Prestsetur er í Stykkishólmi og þjónar presturinn þar Helgafellssveit. Helgafell hefur verið óslitið kirkjustaður frá því að kristni var lögtekin á Íslandi. Þar var prestsetur fram til ársins 1860, þá færðist prestsetrið í stuttan tíma að Þingvöllum, en síðan í Stykkishólmi. Í Bjarnarhöfn var annexía frá Helgafelli og mun kirkja hafa verið komin þar á 12. eða 13. öld.

### 2.6.6 Söfn

Hreppurinn er aðili að Héraðsnefnd Snæfells- og Hnappadalssýslu, sem m.a. rekur Norska húsið í Stykkishólmi.

### 2.6.7 Slysa-og eldvarnareftirlit, almannavarnir og vinnueftirlit

Stykkishólmsbær og Helgafellssveit reka saman slökkvilið og eldvarnareftirlit er einnig sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög. Helgafellssveit er hluti af almannavarnarnefnd Snæfells- og Hnappadalssýslu. Vinnueftirlit er á Akranesi.

### 2.6.8 Byggingareftirlit og skipulagsmál

Skipulagsmál og byggingareftirlit eru í höndum skipulags- og byggingarfulltrúa, sem hefur aðsetur í Borgarnesi. Hann annast einnig samskipti við sjálfstætt starfandi skipulagshönnuði sem vinna að skipulagsgerð í sveitarfélaginu.

### 2.6.9 Félags- og íþróttaaðstaða

Félagsheimili Helgafellssveitar er samkomuhúsið Skjöldur, sem sveitarfélagið á 80% í, Ungmennafélagið 15% og Kvenfélagið 5%. Tjaldsvæði er við félagsheimilið. Í félagsheimilinu er salur sem rúmar 120-150 manns í sæti og er þessi aðstaða notuð fyrir ýmis konar skemmtanahald. Tjaldsvæðið rúmar um 100 tjöld.

Snyrtiaðstaða er í félagsheimilinu fyrir tjaldgesti.

Í Helgafellssveit eru starfandi eftirtalin félög; kvenfélag (Björk), ungmennafélag, búnaðarfélag og sauðfjárræktarfélag.

Íþróttaaðstaða er sótt til Stykkishólms.

## 2.7 Veitur, lagnir og fjarskipti

### 2.7.1 Kalt vatn

Í heildina tekið er ástand neysluvatnsmála í Helgafellssveit nokkuð gott.

Ein kaldvatnsveita er í Helgafellssveit. Vatnsbólíð er í landi jarðarinnar Hrísa, en vatnsból og vatnsveita í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Vatnsmagn í virkjaðri lind er áætlað yfir 50 l/sek.

Frá vatnsbólínu liggur vatnsveita til Stykkishólms, sem sér Stykkishólmi fyrir neysluvatni svo og jörðum í nágrenni veitunnar. Aðrar jarðir fá vatn sitt úr lindum/brunnum á viðkomandi jörð. Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið út þetta vatnsból og veitu ásamt vatnsbólí fyrir Hraunháls, þar sem stundaður er kúabúskapur. Gera má ráð fyrir að vatnsnotkun á hvern íbúa á jörðum þar sem stundaður er landbúnaður nemi 600-700 l/sólarhring, 300 – 350 l/sólarhr. á íbúa í íbúðarbyggð og í frístundabyggð sé 200 – 250 l/sólarhringsnotkun.

*Heimild: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Freysteinn Sigurðsson jarðfr. og heimamenn*

Í 4. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 segir: „Afla skal starfsleyfis heilbrigðisnefndar áður en eftirlitsskyld vatnsból eða vatnsveitur, sbr. 12. gr., og tilheyrandi búnaður er tekinn í notkun og við eigendaskipti.“

Í 12. gr. sömu reglugerðar segir: „Heilbrigðisnefndir hafa ekki reglubundið eftirlit eða framkvæma heildarúttekt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum, nema þær þjóni matvælaþyrirtækjum.“

Í 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. segir: „Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. [sömu reglugerðar]. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða, sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns.“

Flokkun vatns og skilgreining langtímamarkmiða um varnir gegn mengun vatns hefur ekki farið fram í Helgafellssveit enn sem komið er. Sjá einnig kafla 4.10.1.

Í reglugerð 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda m.s.br. segir í 5. gr.: „*Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun í vatni af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.*“

Í 9. gr. reglugerðarinnar segir: „*Viðkomandi heilbrigðisnefnd skilgreinir og kortleggur sérstaklega vatnasvæði, sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun, eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar.*“

Slík vinna hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu.

*Heimild: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og heimamenn.*

### 2.7.2 Heitt vatn

Heitavatnsborhola er í landi Hofsstæða og heitavatnslögn þaðan til Stykkishólms. Vatnsmagn borholunnar er frá 20 l/sek. upp í 40 l/sek. Notkun getur farið að hámarki í 45 l/sek. Borhola og veita er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

Engir bæir í Helgafellssveit eru tengdir þessari veitu. Þá er heitavatnsborhola á Arnarstöðum, sem sér þeirri jörð fyrir heitu vatni. Á öðrum bæjum í hreppnum er vatn bæði til upphitunar húsa og annarrar neyslu hitað upp með rafmagni eða olú.

*Heimild: Stykkishólmsbær*

### 2.7.3 Rafveitur

Skógarstrandarlína gegnir mikilvægu hlutverki sem tengilína milli Búðardals og Stykkishólms í bilana- og viðhaldstilvikum.

Almenn regla er um að endurnýjun dreifikerfis lína hefjist við aðveitustöðvar og má gera ráð fyrir að fyrsti áfangi endurnýjunar á Skógarstrandarlínu hvað snertir Helgafellssveit hefjist við Vogaskeið og nái að Álftafirði. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á Skógarstrandarlínu á undanförunum árum tengdar sumarþustaðabyggð í Sauraskógi og dælustöð fyrir kaldavatnsdælu OR. Þá var álma að Gríshól endurnýjuð fyrir nokkrum árum með háspennustreng í tengslum við tengingu Lindarvirkjunar við dreifikerfið.

Frá aðveitustöðinni við Vogaskeið sem fyrr er nefnd liggur 66kV flutningslína um Vatnaleið að aðveitustöðinni við Vegamót í Eyja- og Miklaholtshreppi. Þessi lína gegnir mikilvægu hlutverki þar sem hún sér íbúum Stykkishólms, Helgafellssveitar, Grundarfjarðar og hluta íbúa á Skógarströnd fyrir rafmagni.

Línan er í eigu Landsnets, en RARIK hefur séð um skoðanir og viðhald hennar.

Önnur 66 kV flutningslína Landsnets liggur á milli Grundarfjarðar og aðveitustöðvar við Vogaskeið um Helgafellssveit og Kolgrafarfjörð. Báðar þessar línur eru í ágætu lagi og ekkert bendir til endurnýjunar þeirra á skipulagstímabilinu.

Í dag fer endurnýjun dreifilína nær eingöngu fram með háspennustrengjum, þannig að í flestum tilvikum býðst notendum tækifæri til að fá 3ja fasa rafmagn, þegar dreifilínur eru endurgerðar. Þau verkefni eru skoðuð á landsvísu hjá RARIK.

Rétt er að taka fram að búið er að setja 1. áfanga Helgafellslínu frá aðveitustöðinni við Vogaskeið í streng. Þá var lagður háspennustrengur að Bjarnarhöfn sumarið 2009, til þess að koma 3ja fasa rafmagni þangað. Gert er ráð fyrir að

háspennustrengurinn eða hluti hans falli inn í dreifikerfið, þegar Helgafellssveitarlína verður endurnýjuð á því svæði. Hvenær til þessarar endurnýjunar kemur er ekki vitað, en allt bendir til þess að áfram verði haldið þar sem fyrsta áfanga lauk. Til lengri framtíðar má gera ráð fyrir að tenging verði milli Grundarfjarðar og Stykkishólms.

*Heimild: RARIK Stykkishólmi*

#### **2.7.4 Fráveitur**

Í Helgafellssveit enda fráveitukerfi einstakra bæja og sumarbússtaða í flestum tilfellum í rotþróum.

Sveitarfélagið hefur styrkt kaup og niðursetningu rotþróa á lögbýlum.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með losun rotþróa, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 m.s.br. um fráveitur og skólp.

Ekki hafa verið framkvæmdar rannsóknir á hugsanlegri mengun í jarðvegi frá rotþróum í sveitarfélaginu.

#### **2.7.5 Fjarskipti**

Miðað við kröfur nútímans er ástand fjarskipta í Helgafellssveit alls ekki nógu gott.

Sveitarfélagið er innan dreifikerfa helstu fjarskiptafyrirtækja landsins hvað varðar NMT og GSM þjónustu, en GSM kerfið er slitrótt. Sendistaðir fyrir GSM, útvarp og sjónvarp eru á Bjarnarhafnarfjalli og í landi Borgarlands. Ljósleiðari liggur um sveitarfélagið. Ljósleiðarinn getur boðið upp á aðrar leiðir í útsendingarmálum útvarps og sjónvarps t.d. gegn um netið.

*Heimild: Samgönguráðuneytið, Síminn og Ríkisútvarpið*

### **2.8 Úrgangsmál**

Samstarfssamningur er milli Helgafellssveitar og sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um sorphirðu. Flokkaður og ópressaður neyslu- og rekstrarúrgangur frá Helgafellssveit er fluttur á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. að Fíflholtum í Borgarbyggð.

Móttökustaður sorps (gámavöllur) er hjá Skildi. Hvað varðar framtíðaráform í sorpmálum þá vísast í nýja skýrslu sem nefnist „Svæðisáætlun um meðhöndlun sorps suðvestanlands 2009-2020.“

Undanfarið eitt og hálf ár hefur sérstök verkefnisstjórn sorpsamlaganna á Suðvesturlandi unnið að endurskoðun á sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, en það er stefnumótun sorpsamlaganna á svæðinu um hvernig þau ætla að ná þeim markmiðum um meðhöndlun á úrgangi, sem sett eru í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Svæðisáætlunin felur í sér stefnumótun fram til 2020 um úrvinnslu sorps á umræddu svæði. Í stefnumótun þeirri sem fram kemur í áætluninni er lögð áhersla á, að gripið verði til aðgerða til að draga úr urðun á lífrænum úrgangi, sem hefur bein áhrif í þá átt að minnka lyktarmengun og fækka fugli og meindýrum á urðunarstað.

Áætlunin gerir ráð fyrir að þessi atriði komi fljótt til framkvæmda og að urðun á lífrænum úrgangi verði hætt fyrir 2020. Sjá kafla 4.16.

*Heimild: Sorpurðun Vesturlands*



## 2.9 Helstu niðurstöður

Eins og fram er komið er Helgafellssveit mjög rík af menningarminjum, sem skapa ásamt náttúruauðlindinni, sjá 1. kafla, margvísleg sóknarfæri ekki hvað síst á sviði ferðamennsku. Frægar fornsögur og þjóðkunnar persónur eiga hér sinn uppruna og dvalarstað. Allt gefur þetta möguleika á að byggja upp margvíslega möguleika fyrir fólkið á svæðinu, sem getur notfært sér á fjölbreytilegan hátt þessar staðreyndir í atvinnulegu tilliti. Hér er um vannýtta auðlind að ræða.

Hvað varðar verslun og þjónustu eiga hreppsþúar vegna nálægðar við Stykkishólm kost á öflugri þjónustu rétt við bæjardyrnar.

Stefnumörkun þarf að verða skýr varðandi vatnsauðlindina, verndarsvæði og vatnsból og fleiri atriði sem fjallað er um í kafla 2.7.

Endurbætur þarf að gera á fjarskiptum í hreppnum.

Íbúum í Helgafellssveit hefur farið fækkandi að undanfögnu og meðalaldur hækkað.



Sólarlag við Hraunháls / ljósm. J.E.R.



### 3. Kafli. Umhverfisskýrsla



W. A. Collingwood

Þingvallaborg á Þórsnesi

## Samantekt

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 leggur hreppsnefnd áherslu á að skapa umhverfisvæna ímynd af sveitarfélaginu, þar sem lögð er áhersla á verndun náttúru. Verndun menningarminja skipar einnig stóran sess í tillögunni.

Þá er lögð mikil áhersla á styrkingu byggðar með fjölbreytilegum möguleikum á íbúðarlóðum á lögbýlum og svæðum ætluðum frístundabyggð. Samfara því er mótuð stefna um fjölbreytta afþreyingu.

Samhliða þessari uppbyggingu er lögð mjög rík áhersla á að skapa umhverfisvæna ímynd af hreppnum. Í skipulaginu er t.d. gert ráð fyrir jarðvangi (geopark). Fellur sú stefna mjög vel að stefnu og leiðarljósi Earth Check verkefnsins, sem sveitarfélagið er aðili að. Gera má ráð fyrir að slíkur jarðvangur auki aðdráttarafl svæðisins, skapi möguleika á einstakri upplifun og gefi íbúunum ýmis tækifæri til að láta reyna á hugkvæmni sína.

Að auki leggur hreppsnefnd á það áherslu að allar fyrirætlanir taki sterkt mið af náttúru og umhverfi m.a. með framfylgni mótvægisáðgerða og vöktunaráætlana. Þá er lögð áhersla á sögulega arfleifð og sérstöðu og nýtingu hvoru tveggja í þágu ferðamennsku.

## Umhverfisáhrif

Við umhverfismat Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 eru eftirfarandi áhrifaþættir metnir; íbúðarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð, afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði, opin svæði, skógræktar- og landgræðslusvæði, jarðminjagarður, hverfisvernd, vatnsaflsvirkjanir og efnistaka.

Eins og fram kemur í töflu 13 mun íbúðarbyggð stuðla að fjölgun íbúa í hreppnum og styrkja byggð. Gera má ráð fyrir að efnahagslegur ávinningur sveitarfélagsins verði nokkur, auk þess sem störf kunna að skapast innan sveitarfélagsins.

Áhrif slíkrar byggðar getur haft neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf, í misjafnlega miklum mæli þó. Til að sporna gegn slíkum neikvæðum áhrifum eru settar fram mótvægisáðgerðir til að lágmarka slík áhrif.

Tillaga um íbúðarbyggð á þremur jörðum í sveitarfélaginu er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 og er niðurstaða hreppsnefndar sett fram í reglum um íbúðarsvæði í kafla 4.2.

Eins og fram kemur í töflu 14 hefur frístundabyggð jákvæð samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið, þar sem byggð styrkist og aukin eftirspurn verður eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Líkt og með íbúðarbyggð, fylgja frístundabyggð neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og vatna- og fuglalíf. Aukin mengun og meira álag á samgöngukerfi sveitarfélagsins eru einnig óhjákvæmilegir fylgifyiskar aukinnar frístundabyggðar.

Það er því mikilvægt að vandað verði til verka til að lágmarka slík áhrif, meðal annars með framfylgni hugmynda um mótvægisáðgerðir, sérreglna og sérstakra úrræða sem setja má á síðari skipulagsstigum.

Tillaga um frístundabyggð á 7 jörðum í sveitarfélaginu er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 s.s. um atvinnusköpun og uppbyggingu þjónustu í sveitarfélaginu. Niðurstaða hreppsnefndar er sett fram í reglum um frístundabyggð í kafla 4.3.

Niðurstöður mats sýna að áhrif íbúðarsvæða og frístundabyggðarsvæða munu hafa jákvæð áhrif á samfélag og styrkja atvinnulíf. Á móti mun stefnumörkunin hafa nokkur neikvæð áhrif í för með sér s.s. á lífríki dýra- og fugla, rýra upplifun ferðamanna á svæðinu og fela í sér aukna mengunarhættu. Það er því mikilvægt að reynt sé eftir fremsta megni að draga úr þeim neikvæðu áhrifum með mótvægisáðgerðum og vöktunaraðgerðum.

Gert er ráð fyrir nokkuð viðamikilli efnistöku í aðalskipulagstillögunni. Neikvæð áhrif efnistöku á s.s. náttúru og þjóðminjar teljast umtalsverð en engu að síður er talið mikilvægt að fjölbreyttir möguleikar á efnistöku séu fyrir hendi innan sveitarfélagsins. Mikilvægt er að vandað sé vel til verka við efnistöku, og þá í samráði við Umhverfisstofnun og að gengið sé frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt að kostur er.

Gert er ráð fyrir fjórum vatnsaflsvirkjunum í tillögunni. Tvær þeirra hafa nú þegar verið reistar en óvíst er um umfang hinna tveggja. Eru þær taldar hafa jákvæð samfélagsleg áhrif í för með sér t.d. með auknum tækifærum til atvinnusköpunar, styrkingu byggðar og sem framlag til sjálfbærrar þróunar.

Þá er í tillögunni gert ráð fyrir stofnun jarðminjagarðs á svæðinu og er hann talinn hafa mjög jákvæð áhrif á sveitarfélagið að ýmsu leyti, s.s. til atvinnusköpunar á sviði ferðamennsku. Sömuleiðis er talið að hverfisvernd, skógrækt- og landgræðslusvæði, afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og opin svæði muni hafa jákvæð áhrif í för með sér t.d. fyrir ferðaþjónustu og almenna heilsueflingu.

### **Heildarniðurstaða**

Sé litið til markmiða hreppsnefndar Helgafellssveitar, um eflingu byggðar og atvinnu, er talið nauðsynlegt að þeir áhrifaþættir sem teknir eru fyrir í matskýrslu þessari komist til framkvæmda. Vissulega eru umhverfisáhrif sumra þeirra að einhverju leyti í andstöðu við stefnu hreppsnefndar er lýtur að verndun náttúru og menningarminja en til að koma til móts við þau sjónarmið leggur hreppsnefnd Helgafellssveitar á það áherslu að framkvæmdir fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt, auk þess sem hvers kyns raski verði haldið í lágmarki.

### 3.1 Inngangur

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 – 2024 fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en þar segir í 1. grein: „*Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.*“

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framfylgdar aðalskipulagsins og hefur Skipulagsstofnun gefið út leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta. Samkvæmt þeim eru umhverfisþættirnir átta talsins, þ.e. andrúmsloft og veðurfar, vatn, land, vistkerfi, heilsa og öryggi, hagrænir og félagslegir þættir, náttúru- og þjóðminjar og landslag.

Með umhverfismati áætlana er reynt að greina þau áhrif sem skipulagbreytingar kunna að hafa á þá umhverfisþætti sem eiga við hverju sinni, í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir og vægi þeirra metið. Til að meta slík áhrif eru stefnuskjöl stjórnvalda og samþykkt stefnumörkun hreppsnefndar Helgafellssveitar notaðar til viðmiðunar.

Ennfremur er gerð grein fyrir hvort endurmeta beri valkosti eða grípa þurfi til sérstækra aðgerða t.d. í deiliskipulagi eða með gerð vöktunaráætlunar, þannig að draga megj úr umhverfisáhrifum.

Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanatataka um þá þætti, sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi, verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matskýrslu sé að finna röksemdarfærslu hreppsnefndar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

Helstu viðmið sem notuð eru:

Alþjóðlegir samningar:

- Ramsarsamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
- Ríósamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun líffræðilegs fjölbreytileika.
- Heimsminjaskrá: Alþjóðlegur sáttmáli um verndun menningar- og náttúruminja heimsins.
- Bernarsamningurinn: Samningur um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.

Íslensk lög:

- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Lög nr. 107/2001 Þjóðminjalög.
- Lög nr. 123/2010 Skipulagslög.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 3/1955 um skógrækt.
- Lög nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar.

Önnur íslensk stefnuskjöl:

- Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008.
- Náttúruminjaskrá 1996.
- Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009.

Stefnuskjöl hreppsnefndar Helgafellssveitar:

- Earth Check (áður Green Globe) vottun. Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti.

### 3.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði sem beitt var við gerð umhverfismats var eftirfarandi:

- Umhverfisvísar voru valdir af TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur með hliðsjón af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.
- Farið var yfir helstu breytingar í aðalskipulaginu og þær metnar með tilliti til umhverfisvísanna.
- Tekinn var saman listi sem innihélt annars vegar yfirlit yfir framkvæmdir sem mögulega geta fallið undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eða geta haft í för með sér mikil sjónræn áhrif.

### 3.3 Tengsl við aðra áætlanagerð

Engar skipulagsáætlanir hafa verið unnar fyrir sveitarfélagið aðrar en þær deiliskipulagsáætlanir sem taldar eru upp í töflu 1.

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024 tengist skipulagsáætlunum nærliggjandi sveitarfélaga og hefur sérstaklega verið horft á tengsl tillögunnar við eftirfarandi áætlanir:

- Aðalskipulag Snæfellsbæjar 1995 - 2015 m.s.br.
- Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016.
- Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003 - 2015 m.s.br.
- Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020 (staðfest).
- Aðalskipulag Stykkishólmsbæjar 2002 - 2022 m.s.br.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 - 2004, sem enn er í gildi.

### 3.4 Heildarstefna hreppsnefndar

Stefna hreppsnefndar í landbúnaðarmálum er að landnotkun í sveitarfélaginu verði fyrst og fremst til landbúnaðarnota (sbr. skilgreiningu landbúnaðar í jarðalögum nr. 81/2004).

Hreppurinn er aðili Earth Check verkefninu, sem öll sveitarfélög á Snæfellsnesi standa að og felst í því að sættast á sameiginlega stefnumótun í sjálfbærri þróun í umhverfis- og samfélagsmálum á Snæfellsnesi með aðaláherslu á ferðaþjónustu.

Fimm svæði eru sett undir hatt hverfisverndar, og meðal þeirra Drápuhlíðarfjall og Svelgsárhraun, sem hvort tveggja eru merkileg fyrirbæri í jarðfræðilegu tilliti. Þá eru í aðalskipulagstillögunni settar fram hugmyndir um jarðvang í sveitarfélaginu.

Eins og fram kemur í meginforsendum er aðalskipulagstillögu ætlað að skapa góð skilyrði til búsetu- og frístundaiðkunar og styrkja tengsl milli íbúa og dvalargesta. Stefnt er að fjölgun ferðamanna á skipulagstímabilinu og því er gengið út frá þeirri forsendu að ólíkir landnotkunarflokkar fái sinn skerf í aðalskipulagi í því skyni að skapa fjölbreytilegt og eftirsóknarvert umhverfi.

Í tillöggunni er því gert ráð fyrir fjölbreytilegri aðstöðu til frístundaiðkunar sem og skoðunar á náttúru og menningarminum. Boðið upp á afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og opin svæði, og göngu- og reiðleiðir.

Þá er í skipulaginu gert ráð fyrir fjórum vatnsaflsvirkjunum, þar af tveimur sem nú þegar hafa verið reistar og tveimur sem enn eru í undirbúningi.

Þá er lögð á það rík áhersla að tryggja öruggt fjarskiptasamband í sveitarfélaginu.

### 3.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í matsáætlun er gert ráð fyrir mati á nokkrum veigamiklum þáttum aðalskipulagsins, með tilliti til áhrifa þeirra á umhverfisþætti. Eins og áður segir, gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir að landbúnaður sé ríkjandi landnotkunarþáttur, auk þess sem heimild til byggingar íbúðarhúsa á bújörðum, frístundabyggð, náttúruvernd og hverfisvernd setja sterkan svip á tillöguna. Jafnframt er lagt upp úr fjölbreyttum svæðum til útivistar og afþreyingar, sem og mikilvægum samgöngubótum.

Umhverfismatið snýst fyrst og fremst um að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru í aðalskipulagstillöggunni.

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 eru áhrifaþættir sem metnir verða:

- Íbúðarsvæði – Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Frístundabyggð – Gert er ráð fyrir viðamikilli frístundabyggð. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og opin svæði – Gert er ráð fyrir fjölmörgum svæðum sem falla í þessa þrjá landnotkunarflokka. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Skógrækt – Gert er ráð fyrir níu skógræktarsvæðum. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Hverfisvernd – Gert er ráð fyrir fimm hverfisverndarsvæðum. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Jarðvangur – Settar eru fram hugmyndir um stofnun jarðvangs. Áhrif hugmyndanna eru metin og borin saman við núllkost.
- Iðnaðarsvæði – Vatnsaflsvirkjanir. Gert er ráð fyrir fjórum vatnsaflsvirkjunum. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.
- Efnistaka – Gert er ráð fyrir 30 efnisnánum víðsvegar um sveitarfélagið. Áhrif framkvæmdanna eru metin og borin saman við núllkost.

### 3.6 Núllkostur

Ef stefnumiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 - 2024 verður ekki framfylgt verður þróun landnotkunar í sveitarfélaginu væntanlega í samræmi við núllkost, sem hér er miðaður við alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að, íslensk lög, önnur íslensk stefnuskjöl, auk þeirra stefnumiða sem verkefnið Earth Check og verndar-áætlun Breiðafjarðar fela í sér.



Í samræmi við staðal Earth Check hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi og Þjóðgarðurinn á Snæfellsnesi komið sér upp sameiginlegri stefnu um sjálfbæra þróun á svæðnu. Var sú stefna fyrst samþykkt árið 2004. Endurskoðuð útgáfa var samþykkt 1. maí 2010. Þar kemur m.a. fram að lögð sé áhersla á umhverfisvæna ferðamennsku, að komið sé í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda og hvatt sé til þess að málefnum sjálfbærrar þróunar sé fylgt eftir.

Þá hafa sveitarfélögin einsett sér að:

1. Vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum Earth Check fyrir svæðið.
2. Láta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs.

Á hverju ári skila sveitafélögin upplýsingum um árangur sinn í Earth Check verkefninu og taka þær til eftirfarandi umhverfisvísa:

- Losun gróðurhúsalofttegunda.
- Orkunýtingu, orkusparnaðar og stjórnunar.
- Stjórnunar ferskvatnsauðlinda.
- Verndunar og stjórnar vistkerfa.
- Stjórnunar félagslegra og menningalegra áhrifa ferðaþjónustunnar.
- Skipulags og þróunar svæða undir ferðaþjónustu.
- Félagshagfræðilegs ávinnings svæðisins af ferðaþjónustu.
- Verndunar loftgæða og stjórnunar hávaða.
- Stjórnunar fráveitumála og ofanvatns.
- Lágmarkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu.
- Geymslu og notkunar efna sem eru skaðleg umhverfinu.
- Verndunar menningarminja.
- Framleiðslu endurnýjanlegrar orku.
- Nýtingar endurnýjanlegrar orku.

Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000 - 2004 var gefin út í október 2001. Áætlunin er enn í gildi en unnið er að endurútgáfu hennar.

Í 3. hluta þeirrar áætlunar sem nú er í gildi er að finna framkvæmdáætlun þar sem m.a. kemur fram með hvaða hætti skulið unnið að þeim langtímamarkmiðum sem sett hafa verið fram, s.s.:

- Stuðla að og tryggja varðveislu Breiðafjarðar í samræmi við lög og kynna mikilvægi svæðisins.
- Tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis.
- Tryggja varðveislu menningarminja, svo sem mannvistarleifa, örnefna og minja er tengjast atvinnulífi.
- Stuðla að því að land- og sjávarnytjar á Breiðafirði séu í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að rannsóknum á náttúru Breiðafjarðar og koma á skipulagðri vöktun.
- Stuðla að rannsóknum á menningarminjum og lýðfræði Breiðafjarðar fyrr og nú.
- Stuðla að því að útivist og ferðamennska á Breiðafirði sé í anda sjálfbærrar þróunar.
- Stuðla að umhverfisfræðslu um Breiðafjörð og túlkun á umhverfinu.

### 3.7 Umhverfispættir

Við umhverfismat áætla er lagt mat á umfang þeirra þátta sem hafa áhrif (s.k. umhverfisþátta), hvort sem um er að ræða bein áhrif framkvæmda eða áhrif vegna tiltekinnar stefnu hreppsnefndar, á umhverfispætti út frá gefnum viðmiðum (sjá kafla 1).

Þeir umhverfispættir sem liggja til grundvallar umhverfismati Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 byggja á þeim átta umhverfisþáttum sem taldir eru upp í kafla 1 og eru þeir eftirfarandi:

- Landslag og jarðmyndanir
- Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði
- Gróðurfar
- Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf
- Þjóðminjar
- Samfélag og atvinnulíf
- Útivist og ferðaþjónusta
- Samgöngur
- Mengun
- Heilsa og öryggi
- Önnur landnotkun

Þessum umhverfisþáttum er lýst í köflum 1 og 2 í greinargerð aðalskipulagsins.

### 3.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf

Markmið umhverfismatsins er að leiða í ljós þau áhrif sem ólíkir valkostir (áhrifaþættir) hafa á umhverfispætti og hvert eðli og umfang hugsanlegra áhrifa eru, t.d.:

- hvort áhrifin eru varanleg eða til skamms tíma?
- hvort áhrifa áætlunar gæti utan skipulagssvæðisins?
- hvort áhrif áætlunar hafi á heilbrigði fólks og umhverfi?
- hvort ákvörðun hafi takmarkandi áhrif á aðra landnotkun?

Við mat á vægi áhrifa eru þau flokkuð með eftirfarandi hætti:

+	líkleg jákvæð áhrif
0	engin eða óveruleg áhrif
-	líkleg neikvæð áhrif
?	óviss eða óþekkt áhrif

### 3.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum

Niðurstöður umhverfismats geta leitt í ljós nauðsyn á ráðstöfunum til þess að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir hvort nauðsyn sé á að sett verði sérstök ákvæði við gerð deiliskipulags eða hvort viðkomandi framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000.

### 3.10 Umhverfismat

#### 3.10.1 Íbúðarsvæði

Engin svæði sem falla undir skilgreiningu um íbúðarbyggð eru fyrir hendi í sveitarfélaginu fyrir gildistöku Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024. Í tillögnum er gert ráð fyrir íbúðarsvæðum á þremur jörðum, samtals 15 ha.

Tafla 13 sýnir helstu þætti sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabygðar, skv. aðalskipulagstillögnum.

**Tafla 13. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna íbúðarbyggðar**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin mun hafa fremur lítil áhrif á ásýnd lands og jarðmyndana, þó svo hún geti verið nokkur á afmörkuðum svæðum.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á fyrirhuguðum byggingarsvæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin hefur töluverð staðbundin áhrif á gróðurfar.	-
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin hefur nokkur staðbundin áhrif á fuglalíf og gæti haft töluverð áhrif á vatnalíf, þar sem byggð stendur nærri ám.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin hefur mikil áhrif á þjóðminjar á fyrirhuguðum byggingarsvæðum.	-
Samfélag og atvinnulíf	Íbúðarbyggð hefur nokkur áhrif á samfélag, þar sem íbúum mun fjölga og byggð styrkist. Skapar atvinnu í hreppnum, styrkir efnahag hreppsins og um leið kallar á þjónustu af hálfu hreppsins.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Landnotkunin takmarkar útivist og rýrir aðdráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum.	-
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Íbúðarbyggð kallar á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun eykst sennilega óverulega. Þá getur íbúðarbyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun og mögulega spillt neysluvatni.	-
Heilsa og öryggi	Óvist er með áhrif íbúðarbyggðar á stórum lóðum á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Íbúðarbyggð takmarkar aðra landnotkun	-
Markmið hreppsnefndar	Íbúðarbyggð samræmist mjög vel hugmyndum sveitastjórnar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og fjölga íbúum á sama tíma.	+++

### **Núllkostur**

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfispáttá sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaáætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í þeirri framkvæmdaáætlun Earth Check sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Einnig er lögð áhersla á að tryggja að loftgæði verði með því besta sem gerist, að yfirborðsvatn sé ómengað, ástand fráveitumála í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, að neysluvatn sé notað sem minnst og að úrgangsmýndun verði með því minnsta sem gerist.

### **Mótvægisáðgerðir**

Þar sem íbúðarbyggð getur falið í sér neikvæð áhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, mengun fjöru, mengun Gríshólsár og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun og Náttúrustofu Vesturlands. Myndi slík áætlun taka yfir alla þá umhverfispáttá sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni til efnis- og eðlispáttamælinga. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti að fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Þá er mikilvægt að framkvæmdum sé haldið sem best utan viðkvæmra svæða, s.s. fjara og votlendissvæða.

Leggja þarf áherslu á að frágangur við framkvæmdir sé fullnægjandi og í sátt við náttúru og staðhætti svæðisins.

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 13 mun íbúðarbyggð stuðla að fjölgun íbúa í hreppnum og styrkja byggð. Gera má ráð fyrir að efnahagslegur ávinningur sveitarfélagsins verði nokkur, auk þess sem störf kunna að skapast innan sveitarfélagsins.

Áhrif slíkrar byggðar getur þó haft neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf, í misjafnlega miklum mæli þó. Til að sporna gegn slíkum neikvæðum áhrifum eru settar fram mótvægisáðgerðir til að lágmarka slík áhrif.

Tillaga um íbúðarbyggð á þremur jörðum í sveitarfélaginu er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 og er niðurstaða hreppsnefndar sett fram í reglum um íbúðarsvæði í kafla 4.2.

### 3.10.2 Frístundabyggð

Þann 1. des. 2012 voru 25 frístundahús á 7 jörðum í sveitarfélaginu (sjá töflu 10). Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 er gert ráð fyrir 17 frístundasvæðum á 11 jörðum, samtals 517 ha (sjá nánar töflu 22).

Tafla 14 sýnir helstu þætti sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabyggðar.

**Tafla 14. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabyggðar**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir töluvert ásýnd lands og jarðmyndana.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin hefur töluverð staðbundin áhrif á gróðurfar.	-
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin hefur nokkur staðbundin áhrif á fuglalíf, sérstaklega innan verndunarsvæðis við Löngufjörur. Þá gæti byggðin haft töluverð áhrif á vatnalíf, þar sem hún stendur nærri vatni eða árfarvegum.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft mikil staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Landnotkunin mun hafa töluverð áhrif á samfélag, þar sem dvalargestum mun fjölga og dvalartími eykst. Slíkt kallar á aukna þjónustu af ýmsu tagi, og styrkir því þá byggð og aðstöðu sem fyrir er.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Landnotkunin mun að einhverju leyti rýra náttúruupplifun á tilteknum svæðum. Á móti kemur að dvalargestir geta stutt við ferðaþjónustu bæði með beinum og óbeinum hætti.	- / +
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Neysluvatn	Landnotkunin gæti haft áhrif á neysluvatn og því mikilvægt að gætt verði vel að þáttum sem geta valdið grunnvatnsmengun, s.s. frárennismálum.	
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Landnotkunin kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tímum árs og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluverð. Þá getur frístundabyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun og mögulega spillt neysluvatni.	-
Heilsa og öryggi	Óvíst er með áhrif frístundabyggðar á stórum lóðum á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar aðra landnotkun.	0
Markmið hreppsnefndar	Frístundabyggð samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélaginu og skapa fjölbreytta atvinnu.	+++

## **Núllkostur**

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfispáttá sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaáætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í þeirri framkvæmdaáætlun Earth Check sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Einnig er lögð áhersla á að tryggja að loftgæði verði með því besta sem gerist, að yfirborðsvatn sé ómengað, ástand fráveitumála í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, að neysluvatn sé notað sem minnst, að úrgangsmýndun verði með því minnsta sem gerist og að á svæðinu væri rekin öflug ferðaþjónusta í sátt við umhverfi og samfélag, staðfest með óháðri vottun.

## **Mótvægisáðgerðir**

Þar sem frístundabyggð getur falið í sér neikvæð áhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, mengun fjara, mengun áa og vatna (s.s. Hofsstaðavatns og Skjaldarvatns) og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi slík áætlun taka yfir alla þá umhverfispætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni til efnis- og eðlisþáttamælinga. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Þá er mikilvægt að framkvæmdum sé haldið sem best utan viðkvæmra svæða, votlendissvæða og svæða sem njóta verndunar af einhverju tagi. Sérstaklega ber í þessu samhengi að nefna fjörur en mörg svæði undir frístundabyggð liggja skv. skipulagstillögunni að sjó.

Í þeim tilfellum sem frístundasvæði lenda innan viðkvæmra svæða þarf að leggja sérstaka áherslu á að frágangur við framkvæmdir sé fullnægjandi og í fullri sátt við náttúru og staðhætti, hugsanlega með sérreglum eða sérstökum úrræðum sem settar yrðu fram í deiliskipulagi.

## **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 14 hefur frístundabyggð jákvæð samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið, þar sem byggð styrkist og aukin eftirspurn verður eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Líkt og með íbúðabyggð, fylgja frístundabyggð neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og vatna- og fuglalíf. Aukin mengun og meira álag á samgöngukerfi sveitarfélagsins eru einnig óhjákvæmilegir fylgifiskar aukinnar frístundabyggðar.

Það er því mikilvægt að vandað verði til verka til að lágmarka slík áhrif, meðal annars með framfylgni hugmynda um mótvægisáðgerðir, sérreglna og sérstakra úrræða sem setja má á síðari skipulagsstigum.

Tillaga um frístundabyggð á 7 jörðum í sveitarfélaginu er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 s.s. um atvinnusköpun og uppbyggingu þjónustu í sveitarfélaginu. Niðurstaða hreppsnefndar er sett fram í reglum um frístundabyggð í kafla 4.3.

### 3.10.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og opin svæði

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 er gert ráð fyrir áningarstað ferðamanna, tjaldsvæðum, golfvelli og skógarreitum á vegum Skógræktarfélags Stykkishólms.

Tafla 15 sýnir helstu þætti sem kunna að verða undir áhrifum vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða, íþróttasvæða og opinna svæða.

**Tafla 15. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna afþreyingar - og ferðamannasvæða, íþróttasvæða og opinna svæða**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin getur í einhverjum tilfellum breytt ásýnd lands og jarðmyndana.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin getur í einhverjum tilfellum haft áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin getur haft staðbundin áhrif á gróðurfar, sérstaklega innan skógarreitanna.	-
Fiskistofnar, vatna- dýra- og fuglalíf	Landnotkunin getur haft nokkur staðbundin áhrif á fuglalíf, sérstaklega innan skógarreitanna.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin getur haft staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Landnotkunin hefur nokkur á áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem hún stuðlar að aukinni eftirspurn eftir þjónustu og styrkir atvinnu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Landnotkunin hvetur til útivistar hjá ákveðnum hópum fólks en getur spilt náttúruupplifun annarra hópa. Það sama gildir fyrir ferðaþjónustu þar sem svæðin auka aðdráttarafl svæðisins í augum ákveðinna hópa en kann að fæla aðra hópa fólks frá.	- / +
Samgöngur	Landnotkunin gæti mögulega aukið álag á samgöngukerfi sveitarfélagsins.	-- / ?
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Landnotkunin gæti mögulega kallað á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun. Þá gætu tilteknum hópum þótt sjónræn mengun fylgja landnotkun sem þessari.	- / ?
Heilsa og öryggi	Svæðin hafa nokkur áhrif á heilsu, þar sem þau geta stuðlað að aukinni hreyfingu og útivist.	+
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Opin svæði til sértakra nota samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að skapa fjölbreytta afþreyingu og aðstöðu fyrir gesti og íbúa á svæðinu.	+++

#### Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfisþátta sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í þeirri áætlun sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Verði núllkostur fyrir valinu má gera ráð fyrir að náttúruleg framvinda muni eiga sér stað á svæðunum.

### **Mótvægisáðgerðir**

Mikilvægt er að gæta þess að hönnun, framkvæmd og rekstur fyrirhugaðs golfvallar á landi Ytri-Drápuhlíðar taki mið af náttúru, staðhættum, fugla-, vatna- og dýralífi á svæðinu. Þá er mikilvægt að útfærsla og framkvæmd áningarstaðar við afleggjara að Bjarnarhöfn falli vel að sérstæðri og viðkvæmdri náttúru svæðisins.

Eins og kemur fram í næsta kafla (3.10.4 Skógrækt) geta skógarreitir í einhverjum tilfellum haft í för með sér neikvæð áhrif og mikilvægt að allar framkvæmdir í tengslum við þá fari fram í mikilli sátt við umhverfið.

Þá er mikilvægt að útfærsla og framkvæmd tjaldsvæða fari fram í sátt við umhverfi.

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 15 hafa opin svæði, íþróttasvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæði jákvæð samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið, þar sem þeim geta fylgt tækifæri á sviði ferðaþjónustu og atvinnusköpunar. Þá eykur stefnumótunin möguleika heimamanna á afþreyingu og getur gert svæðið eftirsóknarverðara bæði til búsetu sem og til dvalar til skemmri tíma.

Að þessum forsendum gefnum er tillaga um opin svæði, íþróttasvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæði talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024.



### 3.10.4 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 er gert ráð fyrir skógrækt á 9 jörðum, auk þess sem í sveitarfélaginu er að finna þrjú skógræktarsvæði á vegum Skógræktarfélags Stykkishólms. Þó svo síðastnefndu svæðin falli í flokk opinna svæða á eftirfarandi umfjöllun um áhrif skógræktar að sjálfsögðu við um þau einnig. Gera má ráð fyrir að skógrækt hafi margvísleg áhrif á umhverfið og skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum, sem og ruðningur á náttúrulegum skógi, metin í hverju tilviki fyrir sig, hvort skuli matsskyld.

Tafla 16 sýnir helstu þætti sem kunna að verða undir áhrifum vegna skógaræktar.

**Tafla 16. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ræktun skóga færi fram**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Skógrækt getur haft veruleg neikvæð áhrif á landslag og ásýnd lands, þegar skógur hylur jarðmyndanir og takmarkar sýn. Þá getur skógrækt einnig haft veruleg jákvæð áhrif með því að auka fjölbreytileika í landslagi.	- / +
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Skógrækt getur þegar til lengri tíma er litið haft töluverð áhrif á jarðmyndanir, dregið töluvert úr fjölbreytileika vistkerfa eða breytt þeim.	-
Gróðurfar	Getur haft umtalsverð neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika plantna, þar sem skógurinn vex upp en lítil áhrif annars staðar. Skógi vaxið land stuðlar að jafnari dreifingu snjóalaga og jarðvegsraka og getur breytt efnasamsetningu jarðvegs.	-
Fiskistofnar, vatna-dýra- og fuglalíf	Talsverð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika dýra og fugla þar sem skógurinn vex upp en lítil áhrif annars staðar. Getur einnig breytt efnasamsetningu jarðvegs en á heildina litið má vænta lítilla áhrifa.	- / 0
Þjóðminjar	Vænta má að verulegra áhrifa gæti á einstökum stöðum en lítil yfir heildina séð.	-
Samfélag og atvinnulíf	Vænta má nokkurra áhrifa skógræktar á samfélag og atvinnu þar sem hún styrkir atvinnu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Veruleg jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu Skógur veitir skjól og býður upp á fjölbreytilega notkunarmöguleika til útivistar. Bætur oft á tíðum skilyrði til búsetu, til dæmis vegna skjólmyndunar og hitajöfnunar. Getur þó dregið úr birtu og útsýni á einstaka stöðum.	+
Samgöngur	Skógrækt mun hafa hverfandi áhrif á umferð.	0
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Hefur hverfandi áhrif á loftmengun og hljóðmengun.	0
Heilsa og öryggi	Útivistarskógar með skipulögðum göngustígum skapa töluvert jákvæðar aðstæður til heilsueflingar og hreyfingar meðal almennings.	+
Önnur landnotkun	Skógrækt þarf ekki nauðsynlega að koma í veg fyrir aðra landnotkun, en getur torvelað hana í mörgum tilfellum.	- / 0
Markmið hreppsnefndar	Aukin skógrækt á afmörkuðum svæðum innan sveitarfélagsins samræmist markmiðum hreppsnefndar að styrkja þátt skógræktar í landbúnaði, stuðla að fjölbreyttari útivistarmöguleikum og bæta búsetuskilyrði.	++

### **Núllkostur**

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfispáttanna sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í þeirri áætlun sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Verði núllkostur fyrir valinu má gera ráð fyrir að náttúruleg framvinda muni eiga sér stað á þeim svæðum þar sem skógrækt er fyrirhuguð.

Þeir staðir sem gegna menningarsögulegu hlutverki munu lúta áherslum áætlunar Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar sem er í gildi á hverjum tíma.

### **Mótvægisáðgerðir**

Þar sem skógrækt getur falið í sér breytingar á ásýnd lands er mikilvægt að vandað sé til verka varðandi framkvæmd slíkrar ræktunar og þess gætt að hún falli vel að landslagi og staðháttum. Mikilvægt er einnig að framkvæmdum sé haldið sem best utan viðkvæmra svæða, votlendissvæða og svæða sem njóta verndunar af einhverju tagi.

Einnig skal sérstök áhersla lögð á verndun og endurheimt náttúrulegra birkiskóga.

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 16 mun skógrækt í Helgafellssveit auka fjölbreytileika í landslagi og hafa jákvæð sjónræn áhrif í mörgum tilfellum. Skógur getur aukið útivistargildi svæða verulega, t.d. vegna skjólmyndunar og bætt búsetuskilyrði. Þá getur aðgengi að skógi haft jákvæð áhrif á heilsufar fólks, þar sem slíkt getur hvatt til hreyfingar og útiveru.

Hinsvegar getur skógrækt haft neikvæð áhrif á landslag, útsýni, jarðmyndanir og gróðurfar, sé þess ekki vandlega gætt að hún fari fram á afmörkuðum svæðum og fullt tillit sé tekið til þeirra þátta sem nefndir voru. Þá verður að gæta sérstaklega að þjóðminjum þar sem skógrækt er fyrirhuguð, enda vel þekkt að skógrækt getur spillt slíkum minjum.

Sé litið til markmiða hreppsnefndar Helgafellssveitar um tilgang skógræktar í sveitarfélaginu, sbr. töflu 16, þá á skógrækt vel við á afmörkuðum svæðum, þar sem hún spillir ekki landslagi, náttúru- og/eða þjóðminjum og er talin hafa jákvæð áhrif í heildina litið.

### 3.10.5 Hverfisvernd

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 er gert ráð fyrir 5 stöðum eða svæðum sem munu njóta hverfisverndar, annars vegar vegna jarðfræðilegrar sérstöðu og hins vegar sem mikilvægar menningarminjar (sjá töflu 23).

Tafla 17 sýnir helstu þætti sem kunna að verða undir áhrifum vegna hverfisverndar.

**Tafla 17. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna hverfisverndar**

Umhverfispættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin hefur jákvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	+
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur jákvæð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	+
Gróðurfar	Landnotkunin hefur jákvæð áhrif á gróðurfar.	+
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin hefur jákvæð áhrif á fiskistofna, vatna-, dýra- og fuglalíf.	+
Þjóðminjar	Landnotkunin hefur umtalsverð jákvæð áhrif á þær þjóðminjar sem eru innan marka hennar.	+
Samfélag og atvinnulíf	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á samfélag og atvinnulíf, varðandi uppbyggingu á ferðaþjónustutengdri atvinnu, menntun og menningu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að hverfisvernduð svæði hafi veruleg jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu.	+
Samgöngur	Gera má ráð fyrir nokkuð neikvæðum áhrifum á umferð vélknúinna farartækja á hverfisvernduðum svæðum.	-
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Mögulega getur landnotkunin dregið úr hávaða og loftmengun þar sem umferð vélknúinna farartæki kann að takmarksast. Sömuleiðis hamlar landnotkunin framkvæmdum innan svæðanna sem kunna að hafa í för með sér neikvæð sjónræn áhrif.	+
Heilsa og öryggi	Hverfisvernduð svæði skapa jákvæðar aðstæður að töluverðu leyti til heilsuefningar og hreyfingar meðal almennings.	+
Önnur landnotkun	Hverfisvernd þarf ekki nauðsynlega að koma í veg fyrir aðra landnotkun, en getur torvelað hana í mörgum tilfellum..	-
Markmið hreppsnefndar	Hverfisvernd samræmist mjög vel markmiðum sveitarstjórnar um að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti og vernda þjóðminjar.	++

### **Núllkostur**

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfispáttá sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í þeirri áætlun sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Verði núllkostur fyrir valinu má gera ráð fyrir að náttúruleg framvinda muni eiga sér stað á þeim svæðum sem njóta hverfisverndar vegna jarðfræðilegrar sérstöðu.

Þeir staðir sem gegna menningarsögulegu hlutverki munu lúta áherslum áætlunar Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar sem er í gildi á hverjum tíma.

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 17 er hverfisvernd talin hafa afar jákvæð áhrif á sveitarfélagið, þar sem þeim geta fylgt tækifæri á sviði ferðapjónustu og atvinnusköpunar, auk þess sem svæðið kann að verða eftirsóknarverðara bæði til búsetu sem og til dvalar til skemmri tíma.

Á hinn bóginn getur hverfisvernd í einhverjum tilfellum komið í veg fyrir aðra landnotkun, og því lagt ákveðnar hömlur á framkvæmdir, svo sem þær er lúta að stórtækum iðnaði og mannvirkjagerð, sem geta haft umtalsverð áhrif.

Sé horft til markmiða hreppsnefndar Helgafellssveitar, þá samræmist hverfisvernd mjög vel þeim áherslum sem settar hafa verið fram um verndun náttúru- og þjóðminja.

### 3.10.6 Jarðvangur (Geopark)

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 eru settar fram hugmyndir um stofnun jarðvangs sem myndi byggja á að fyrirmynd European Geopark Network, en þar er lögð áhersla á sjálfbæra þróun og verndun jarðminja.

Afmörkun slíks jarðvangs er ekki sett fram í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 né heldur er hann skilgreindur sem sérstök landnotkun í skipulagstillögunni. Hinsvegar eru sett skýringarkort sem sýnir staði sem vænlegir eru í þessu samhengi (sjá Skýringarkort 6).

Tafla 18 sýnir helstu þætti sem kunna að verða undir áhrifum vegna jarðvangs (geopark).

**Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna jarðvangs (geopark)**

Umhverfiþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Vangurinn hefur mikil áhrif á landslag og jarðmyndanir í þeim skilningi að öllu raski yrði haldið í algjöru lágmarki.	+
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Vangurinn hefur mikil áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði þar sem náttúruleg framvinda fær að eiga sér stað óáreitt.	+
Gróðurfar	Vangurinn hefur mikil áhrif á gróðurfar, þar sem náttúruleg framvinda fær að eiga sér stað.	+
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Vangurinn hefur mikil áhrif á fugla-, vatna og dýralíf, þar sem búsvæði, vistkerfi og vistgerðir fengju að langmestu leyti að vera óáreitt.	+
Þjóðminjar	Vangurinn hefur jákvæð áhrif á þjóðminjar í þeim skilningi að þeim væri haldið óröskuðum.	+
Samfélag og atvinnulíf	Vangurinn hefur mikil áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem hann stuðlar að aukinni eftirspurn eftir þjónustu, sem bæði styrkir atvinnu og byggð.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Vangurinn hefur mikil áhrif á náttúruupplifun, þar sem náttúru og vistkerfum væri haldið óröskuðum. Einnig myndi hann styðja vel við ferðaþjónustu á svæðinu vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu og fjölbreyttari tækifærum.	+
Samgöngur	Vangurinn gæti mögulega aukið álag á samgöngukerfi sveitarfélagsins þar sem hann gæti kallað á aukna umferð.	- / ?
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Vangurinn gæti mögulega kallað á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun.	- / ?
Heilsa og öryggi	Vangurinn hefur nokkur áhrif á heilsu, þar sem hann stuðlar að aukinni hreyfingu og útivist.	+
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar að einhverju leyti aðra landnotkun.	- / ?
Markmið hreppsnefndar	Jarðvangur samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að skapa fjölbreytta atvinnu með sjálfbæra þróun og verndun náttúru að leiðarljósi.	++

### **Núllkostur**

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfispáttá sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í þeirri áætlun Earth Check verkefnisins sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum.

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 18 hefur jarðvangur (geopark) mjög jákvæð samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið, þar sem þeim fylgja aukin tækifæri til atvinnusköpunar sem styrkja byggð og geta aukið eftirspurn eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Falla áherslur er lúta að jarðvangi vel að stefnumiðum og leiðarljósi Earth Check verkefnisins og verndaráætlunar Breiðafjarðar, þar sem sjálfbær þróun er í fyrirrúmi. Víst má telja að jarðvangur myndi auka aðdráttarafl svæðisins, enda er þar stuðlað að jarðfræðitengdri ferðamennsku, sem miðar að því að skapa einstaka upplifun bæði hvað varðar náttúru og menningarminjar svæðisins á sjálfbæran hátt.

Hugmyndir um jarðvang í sveitarfélaginu er talin falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 hvað varðar uppbyggingu ferðamennsku í anda Earth Check, verndun náttúru og menningarminja, sköpun atvinnu og styrkingu byggðar (sjá nánar um jarðvang í kafla 4.3).

### 3.10.7 Iðnaðarsvæði – vatnsaflsvirkjanir

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 er gert ráð fyrir fjórum vatnsaflsvirkjunum. Ein virkjun, Lindarvirkjun (580 kW) er nú þegar reist í Gríshóls og Svelgsárvirkjun (655 kW) í landi Hrísa er í undirbúningi. Tvær aðrar virkjanir eru fyrirhugaðar á skipulagstímabilinu. Óljóst er með stærð þeirra og er því erfitt að segja með vissu um áhrif þeirra að svo stöddu.

Tafla 19 sýnir helstu þætti sem kunna að verða undir áhrifum vegna vatnsaflsvirkjana.

**Tafla 19. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna vatnsaflsvirkjana**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin hefur áhrif á landslag og jarðmyndanir.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð staðbundin áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði.	-
Gróðurfar	Landnotkunin hefur mikil staðbundin áhrif á gróðurfar	-
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	Landnotkunin getur haft töluverð áhrif á vatnalíf og fiskistofna í þeim ám sem virkjaðar eru.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin hefur mikil staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem framleiðsla rafmagns getur falið í sér fjárhagslegan ávinning og þannig styrkt byggð á svæðinu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Landnotkunin spillir í flestum tilfellum náttúruupplifun, þó það sé vissulega háð umfangi hvernar virkjunar. Landnotkunin getur haft áhrif á ferðaþjónustu.	- / 0
Samgöngur	Landnotkunin hefur óveruleg áhrif á samgöngur á svæðinu	0
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Landnotkunin felur fyrst og fremst í sér sjónræna mengun.	-
Heilsa og öryggi	Landnotkunin hefur óveruleg áhrif á heilsu fólks og öryggi.	0
Önnur landnotkun	Landnotkunin takmarkar aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Fyrirhugaðar virkjanir samræmast hugmyndum hreppsnefndar um að skapa styrkingu byggðar og sköpun atvinnutækifæra á svæðinu.	++

### Núllkostur

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfisþátta sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í þeirri áætlun Earth Check sem nú er í gildi er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Svæðið er á Náttúruminjasrá 1996 og því má gera ráð fyrir að náttúruleg framvinda eigi sér stað á svæðinu, ef núllkostur verður fyrir valinu.

### **Mótvægisáðgerðir**

Þar sem vatnsaflsvirkjanir geta falið í sér neikvæð áhrif s.s. á lífríki áa er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun og/eða Náttúrustofu Vesturlands. Myndi slík áætlun taka yfir alla þá umhverfisþætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 19 hafa fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir jákvæð samfélagsleg áhrif á sveitarfélagið, þar sem þær auka tækifæri til atvinnusköpunar og styrkja byggð.

Þó svo fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir falli ekki vel að meginmarkmiðum hreppsnefndar og stefnumiðum og leiðarljósi Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hvað varðar verndun náttúru og hugsanlegra menningarminja, þá falla fyrirhugaðar framkvæmdir vel að framleiðslu orku frá endurnýtanlegum orkugjöfum.

Fyrirhugaðar vatnsaflsvirkjanir eru því taldar falla vel að meginmarkmiðum Aðalskipulags Helgafellssveitar 2012 – 2024 hvað varðar sjálfbæra þróun (sjá nánar um vatnsaflsvirkjanir í kafla 4.5).



### 3.10.8 Efnistaka

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 er gert ráð fyrir 25 námum víðsvegar um sveitarfélagið. Flestar þeirra eru bæði til einkanota og til sölu á efni, m.a. til viðhalds vega um svæðið. Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi margvísleg áhrif á umhverfið, og skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 skal áætluð efnistaka sem raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri, ávallt vera háð mati á umhverfisáhrifum. Þetta á einnig við um þar sem fleiri en einn efnistökuastaður nær til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra, og um efnistöku á verndarsvæðum. Í 2. viðauka sömu laga segir að áætluð efnistaka sem raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri, kunni að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og meta skuli hvert tilfelli fyrir sig. Það sama gildir um þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m<sup>2</sup>.

Í töflu 20 eru rakin áhrif fyrirhugaðrar efnistöku.

**Tafla 20. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum efnistöku**

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdirnar hafa neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa býsna neikvæð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði. Áhrif efnistöku á öðrum stöðum gæti haft nokkur áhrif.	-
Gróðurfar	Framkvæmdirnar munu hafa neikvæð áhrif á efnistökusvæðum.	-
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir óverulegum áhrifum efnistöku á fugla og dýralíf.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa umtalsverð áhrif á vatnalíf og fiskistofna, þar sem búsvæðum er raskað.	-
Þjóðminjar	Framkvæmdirnar gætu haft nokkur staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Efnistaka mun hafa, með óbeinum hætti, jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem þær stuðla að betri samgöngum og skapa atvinnu.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi neikvæð áhrif á náttúruskoðun og náttúruupplifun.	-
Samgöngur	Áhrif efnistöku á samgöngur eru mikil enda efnistaka ein meginforsenda þess að hægt sé að við halda og bæta vegi.	+
Hljóðvist, loft-, vatns- og sjónræn gæði	Efnistaka getur falið í sér töluverða sjónræna mengun.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdir hafa í för með sér, með óbeinum hætti, umtalsverð jákvæð áhrif á heilsu og öryggi vegfarenda	+
Önnur landnotkun	Efnistökusvæði eru á landbúnaðarsvæðum og koma í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Framkvæmdirnar falla vel að markmiðum hreppsnefndar er lúta að því að tryggja að nægt efni sé til staðar við hinar ýmsu framkvæmdir, s.s. í tengslum við vegagerð. Á móti stangast framkvæmdirnar á við markmið er varða verndun náttúru og sjálfbæra þróun.	+

### **Núllkostur**

Verði núllkostur fyrir valinu mun þróun þeirra umhverfispáttanna sem hér um ræðir verða í anda stefnu og þess leiðarljóss sem tilgreint er í framkvæmdaráætlun Earth Check verkefnisins og verndaráætlun Breiðafjarðar hverju sinni.

Í báðum þessum áætlunum sem nú eru í gildi, er lögð áhersla á að sérstæð og viðkvæm náttúra Snæfellsness verði vernduð með friðun og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Þá er í Earth Check verkefninu lögð áhersla á að tryggja að loftgæði verði með því besta sem gerist, að yfirborðsvatn sé ómengað, ástand fráveitumála í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, að neysluvatn sé notað sem minnst og að úrgangsmýndun verði með því minnsta sem gerist.

Með núllkosti er gert ráð fyrir að fyrirhuguð efnistökusvæði verði, eftir að efnistöku er hætt, annars vegar nýtt undir hefðbundinn landbúnað, svo sem fyrir beit eða einhvers konar ræktun, þar sem henni verður við komið eða hins vegar að árfarvegir verði látnir óáreittir, og lúti þar með lögmálum náttúrunnar.

### **Mótvægisáðgerðir**

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 leggur hreppsnefnd mikla áherslu á að efnistöku sé haldið í eins miklu lágmarki og kostur er. Í grundvallaratriðum samræmist efnistaka illa markmiðum hreppsnefndar, sem og stefnumiðum og leiðarljósi Earth Check verkefnisins, er lúta að verndun og ásýnd náttúru og þjóðminja.

Hreppsnefnd leggur því ríka áherslu á að vandað sé vel til verka við efnistöku og að haft sé samráð við Umhverfisstofnun um vinnslu og frágang efnistökusvæða. Lögð verður áhersla á að gengið verði frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt og kostur er eftir að efnistöku er lokið (sjá nánar um efnistöku í kafla 4.15).

### **Niðurstaða**

Eins og fram kemur í töflu 20 eru neikvæð áhrif efnistöku mikil, sérstaklega í náttúrufarslegu tilliti. Á hinn bóginn, telur hreppsnefnd mikilvægt að tryggja að nægjanlegur aðgangur sé að efni til hinna ýmsu framkvæmda, sem annars yrði að flytja um lengri veg með tilheyrandi kostnaði og mengun.

Leggur hreppsnefnd áherslu á að vandað sé vel til verka við efnistöku og að gengið sé frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt að kostur er eftir að efnistöku er lokið.

### 3.11 Greinargerð hreppsnefndar

Við Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024 voru umhverfisáhrif áætlunarinnar metin með margvíslegum hætti og tekið tillit til þeirra eins og kostur er.

Í áætluninni er m.a. gert ráð fyrir töluverðri uppbyggingu frístundabyggðar, útivistarsvæða, ferðamannþjónustu auk hefðbundins landbúnaðar o.fl., sem helst í hendur við styrkingu byggðarinnar í sveitinni. Reynt er að taka tillit til mikilfenglegrar náttúru sveitarinnar, fjölbreytilegrar jarðfræði, sögu og minja.

Samvinna hefur verið við nágrannasveitarfélög um gerð Svæðisskipulags Snæfellsness 2014 - 2026. Von okkar er að það geti leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, verndun náttúru og aukna útivist. Það getur leitt til þess, að efla þurfi gistirými á svæðinu og ýmsa aðra þjónustu.

Efnistaka er víða í sveitinni. Þótt henni fylgi ýmis neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir, hefur það góð áhrif á ýmsa atvinnu svo sem uppbyggingu vega- og byggingarsvæða. Eldri námur, þar sem efnistöku hefur verið hætt, verða lagfærðar og reynt að fella þær að landslagi á svæðinu.

Aukin raforkuframléiðsla, sem fyrirhuguð er á svæðinu á skipulagstímabilinu, samræmist hugmyndum sveitarstjórnar um styrkingu byggðar og sköpun fjölbættari atvinnutækifæra á svæðinu.



#### 4. Kafli. Skipulagsáætlunin - landnotkun og þróun byggðar



W.A. Collingwood

Helgafell

## Inngangur

Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 – 2024 er, eins og aðrar sambærilegar áætlanir, stefnumörkun hreppsins um þróun byggðar á því tímabili, sem tilgreint er. Tillögunni er ætlað að skapa rými til eflingar búsetu, atvinnulífs og skilgreina svæði fyrir nýjar atvinnugreinar. Þá er tillögunni ætlað að setja fram leiðir að markmiðum og helstu áhersluatriðum.

Eins og fram kemur á mynd 7 hefur fjöldi íbúa í Helgafellssveit á tímabilinu 1998 – 2012 sveiflast um allt að 17% á milli ára, þó í flestum tilfellum sé sveiflan í aðra hvora áttina minni en 5%. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er mjög erfitt að segja fyrir um íbúabróun á komandi árum en yfirlýst stefna sveitarstjórnar er að fjölga íbúum með fasta búsetu til að styrkja félagsheildina.

Þetta er raunhæft markmið miðað við legu hreppsins, góðar samgöngur til og frá þjónustukjarna í næsta nágrenni, mikla náttúrufergurð og þær vannýttu auðlindir sem þarna eru og lýst hefur verið í köflunum hér að framan. Þessar auðlindir snerta sérstaklega legu, sögu og náttúru svæðisins og vaxandi áhuga innlendra sem erlendra á því að fræðast og ferðast um slík svæði eða búa sér þar samastað til lengri eða skemmri tíma.

Helgafellssveit nýtur góðs af nálægðinni við Stykkishólm bæði hvað varðar atvinnu og þjónustu og m.a. þess vegna hafa engin atvinnu- eða þjónustusvæði byggst upp innan sveitarfélagsins. Í tillögunni er haldið áfram á sömu braut, því ekki er gert ráð fyrir að atvinna og þjónusta byggist upp á afmörkuðum svæðum sem gætu kallað á þróun íbúðarsvæða í tengslum við slíkt. Þess í stað er mörkuð stefna um smáatvinnurekstur sem gæti þróast á einstökum bújörðum í samræmi við þá stefnumörkun sem sett er fram í skipulaginu.

Á þessum forsendum gerir skipulagið ráð fyrir að á öllum lögbýlum (10 ha og stærri) séu sömu möguleikar til hóflegar atvinnuuppbyggingar. Vissulega skapar þetta svigrúm til mikillar fjölgunar íbúa án þess að aðalskipulagi sé breytt en ólíklegt verður að teljast að þær heimildir sem veittar eru, verði nýttar til fulls á hverju lögbýli í sveitarfélaginu.

Hér í 4. kafla verður farið nánar yfir sviðið og settar fram tillögur og mótaðar reglur um notkun þessa glæsilega svæðis á skipulagstímabilinu.

Fyrst er tafla 21, sem greinir frá landnotkun samkvæmt Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024, á einstökum jörðum eða jarðarspildum ( $\geq 10$  ha) sem skráðar voru í Fasteignaskrá í Helgafellssveit 1. desember 2012. Þá er einnig getið um landnotkun á jarðapörtum eða lóðum sem ekki er getið um í Fasteignaskrá 1. desember 2012 en um gilda samningar, sem hafa fengið formlega afgreiðslu Skipulagsstofnunar eða samþykkt sveitarstjórnar.

**Tafla 21. Landnotkun jarða/jarðarspilda\* (≥10 ha) í Helgafellssveit skv. Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024.**

Jörð	Landnotkun skv. AS 2012 - 2024
Arnarstaðir	Landbúnaður, borhola (heitt vatn), samfélagsþjónusta (aðveitustöð), háspennulína (66 kV), hverfisvernd, efnistökusvæði
Álfgeirsvellir	Landbúnaður, efnistökusvæði
Árnabotn	Landbúnaður
Berserkjahraun	Landbúnaður, fornleifar, Náttúruminjaskrá, háspennulína (66 kV)
Bjarnarhöfn	Landbúnaður, verslun og þjónusta, fornleifar, Náttúruminjaskrá, samfélagsþjónusta, (kirkja, kirkjugarður, samfélagsþjónusta (endurvarpsstöð), efnistökusvæði
Borgarland	Landbúnaður, samfélagsþjónusta (endurvarpsstöð), vatnsveita til Stykkishólms, háspennulína (66 kV)
- Tíðás	Opið svæði (skógrækt)
Brettingsstaðir	Landbúnaður, vatnsveita til Stykkishólms
- Helguvík	Landbúnaður
Drápuhlíð innri/Efrihlíð	Landbúnaður, frístundabyggð, hverfisvernd,
- Vatnsdalur	opið svæði (skógrækt)
Drápuhlíð ytri	Landbúnaður, fornleifar, íþróttasvæði (golfvöllur), frístundabyggð
Fjarðarhorn	Landbúnaður
Gríshóll	Landbúnaður, fornleifar, hverfisvernd, iðnaðarsvæði (virkjun), frístundabyggð, efnistökusvæði
- Fosslóð	Stakt frístundahús
Hamrar	Landbúnaður, frístundabyggð
Helgafell	Landbúnaður, samfélagsþjónusta (kirkja, kirkjugarður), Náttúruminjaskrá, fornleifar, vatnsveita til Stykkishólms
Helgafell 1	Landbúnaður
Helgafell 2	Landbúnaður, skógræktar-og landgræðslusvæði (samningur við Vesturlandsskóga)
Hofsstaðir	Landbúnaður, fornleifar, frístundabyggð, borhola (heitt vatn), heitavatnslögn
Hólar	Landbúnaður, frístundabyggð, vatnsveita til Stykkishólms, efnistökusvæði
Hólar 1	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (tjaldsvæði, hjólhýsi, smáhýsi)
Horn	Landbúnaður, Önnur náttúruvernd (Náttúruminjaskrá 1996)
Hraunháls	Landbúnaður, hverfisvernd, háspennulína (66 kV), efnistökusvæði
Hraunsfjörður	Landbúnaður
Hrísakot	Landbúnaður, fornleifar, skógræktar- og landgræðslusvæði (ekki samningur), efnistökusvæði
Hrísar	Landbúnaður, vatnsból, vatnsverndarsvæði, hverfisvernd, iðnaðarsvæði (virkjun) efnistökusvæði
- Helluland	Frístundabyggð, fornleifar
- 20 ha spilda	Landbúnaður
Jónsnes	Landbúnaður, náttúruverndarsvæði (friðlýst æðarvarp)
Kársstaðir	Landbúnaður, fornleifar, stakt frístundahús, veiðihús, skógræktar- og landgræðslusvæði (ekki samningur), iðnaðarsvæði (virkjun)
Kljá	Landbúnaður, efnistökusvæði, háspennulína (66 kV),
-Kljá 2	svæði fyrir 2 frístundahús

Kóngsbakki innri	Landbúnaður, íbúðarsvæði, stök frístundalóð, efnistökusvæði, háspennulína (66 kV)
Kóngsbakki ytri	Landbúnaður, skógræktar- og landgræðslusvæði (ekki samningur), háspennulína (66 kV)
Krókengi	Landbúnaður
Saurar	Landbúnaður, fornleifar, skógræktar- og landgræðslusvæði (samningur við Vesturlandsskóga), skógræktar- og landgræðslusvæði (ekki samningur), stakt frístundahús, vatnslögn til Stykkishólms, efnistökusvæði
- Birkilundur	Íbúðarsvæði, frístundabyggð
- Norðurás	Stök íbúðarlóð
- Sauraskógur	Opið svæði (skógrækt)
Seljar	Landbúnaður, háspennulína (66 kV), Önnur náttúruvernd (Náttúruminjaskrá)
Sellvellir	Landbúnaður, Önnur náttúruvernd (Náttúruminjaskrá 1996)
Skjöldur	Landbúnaður, verslun og þjónusta, (félagsheimili hverfisverndað að hluta), afþreyingar- og ferðamannasvæði (tjaldsvæði), stakt frístundahús
Staðarbakki/Sólbakki	Landbúnaður, fornleifar, háspennulína (66 kV)
Svelgsá	Landbúnaður, fornleifar, frístundabyggð, skógræktar- og landgræðslusvæði (samningur við Vesturlandsskóga), efnistökusvæði, vatnslögn til Stykkishólms, vatnsverndarsvæði, hverfisvernd
Úlfarsfell	Landbúnaður, fornleifar, stakt frístundahús, skógræktar- og landgræðslusvæði (ekki samningur)
Vellir	Landbúnaður, frístundabyggð, hverfisvernd, efnistökusvæði
Þingskálanes I	Landbúnaður, fornleifar, íbúðarsvæði
Þingskálanes II	Landbúnaður
Þingvellir	Landbúnaður, fornleifar, skógræktar- og landgræðslusvæði (ekki samningur), frístundabyggð
Örlygsstaðir	Landbúnaður, fornleifar, afþreyingar- og ferðamannasvæði (tjaldsvæði), iðnaðarsvæði (virkjun), efnistökusvæði

\*Jarðir og jarðarspildur (≥10 ha) sem voru í Fasteignaskrá 1. desember 2012. Þá er undir sumum jörðum eða jarðarspildum getið jarðaparta eða lóða sem samningar gilda um, hafa fengið formlega afgreiðslu Skipulagsstofnunar eða samþykkt sveitarstjórnar fyrir 1. desember 2012.



## 4.1 Landbúnaður

Í stefnumörkun fyrir Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024 segir í meginmarkmiðum: „Stefnt er að því að efla og þróa landbúnað í hreppnum, vistvæna ræktun landbúnaðarvara og framleiðslu sérstakra afurða til matargerðar.“

### Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Í gr. 6.2.g. segir eftirfarandi:

*Landbúnaðarsvæði (L)*

*Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu*

Landnotkun í sveitarfélaginu skal einkum hér eftir sem hingað til vera til landbúnaðar-nota, sbr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004, en þar segir um land í landbúnaðar-notum: „Land sem við gildistöku þessara laga er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar, þar með taldir afréttir, almenningar, þjóðlendur, eyðijarðir, landspildur og lóðir, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum, sbr. þó 6. og 7. gr. [sömu laga].“

Skv. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004 merkir landbúnaður „hvers konar vörslu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi“.

Eins og fram kemur í töflu 9 er 41 jörð í Helgafellssveit, þar af eru 11 í fastri búsetu, en hefðbundinn búskapur er engu að síður stundaður á 15 jörðum. Nokkrar jarðir hafa hins vegar alfarið verið teknar undir annað en hefðbundinn landbúnað. Nú á tímum er lögð vaxandi áhersla á að ræktað land og ræktanlegt land sé auðlegð, sem mönnum beri að halda til haga sem slíku, en ekki rýra eða spilla með annarri landnotkun.

Á aðalskipulagsupprætti er leitast við að sneiða hjá annarri landnotkun á ræktuðu landi. Þess vegna er ræktað land sýnt sérstaklega á upprætti til glöggvunar. Afmörkun ræktaðs lands má færa til, án þess að aðalskipulagi sé breytt, allt eftir áformum bænda um viðbótarræktun og stefnu aðalskipulagsins að öðru leyti hvað landbúnaðarsvæði varðar.

### **Reglur og viðmið á landbúnaðarsvæðum**

- Heimilt er á landbúnaðarsvæðum án þess að aðalskipulagi sé breytt að reisa byggingar tengdar búrekstri og minni háttar verkstæðisbyggingar svo og smávirkjanir (allt að 200 kW).
- Ennfremur er heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt að reisa:
  - Fjögur stök íbúðarhús á jörðum eða jarðarspildum sem er 10 ha eða stærri. Fjöldi þegar byggðra stakra íbúðarhúsa (sjá nánar töflu 10) dregst frá heimildinni. Heimildin fellur einnig úr gildi hafi sérstakt íbúðarsvæði verið afmarkað á jörðinni eða jarðarspildunni í aðalskipulagi.
  - Húsin geta verið tengd eða ótengd búrekstri og skulu ávallt standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum. Í þessum húsum geta verið litlar vinnustofur af ýmsu tagi.
  - Þrjú frístundahús á jörðum eða jarðarspildum sem er 10 ha eða stærri. Fjöldi þegar byggðra stakra frístundahúsa (sjá nánar töflu 10) dregst frá heimildinni.
  - Húsin verða að standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum og mælst er til þess að þau séu í nágrenni hvert við annað.
  - Hús fyrir bændagistingu á jörðum eða jarðarspildum á sérstaklega afmörkuðum lóðum.

- Veiðihús á jörð eða jarðarspildu á afmarkaðri lóð.
- Fuglaskoðunarbirgi og gangnamannakofa á lögbýli á afmarkaðri lóð.

Framkvæmdir skv. liðum eru allar deiliskipulagsskyldar.

#### Leiðir til eflingar landbúnaðar

- Gert er ráð fyrir að áfram verði leitað leiða til að styrkja stöðu hefðbundins landbúnaðar með kindur, kýr og hross.
- Mælst er til að á ræktuðu landi verði ekki leyfð svæði fyrir íbúðar- eða frístundabyggð.
- Gefinn verði gaumur að ýmsum þróunarmöguleikum í ræktun s.s. lífrænni ræktun landbúnaðarafurða, t.d. korns og lækningajurta af ýmsu tagi.
- Lögð verði vinna í að þróa nýjar leiðir til þess að nýta á fjölbreyttan hátt hráefni til matargerðar, sem framleitt er og á uppruna sinn á svæðinu.
- Lögð verði áhersla á að nýting hlunninda verði markviss og fjölbreytt.
- Gefinn verði gaumur að sölu afurða beint frá býli.

#### 4.2 Íbúðarbyggð

Í inngangskafli greinargerðar koma fram þau félagslegu markmið og markmið hvað varðar þjónustu og atvinnu, sem hreppsnefnd hefur sett sér. Þar er fólksfjölgun efst á blaði. Ekki er þó nefnd tala í þessu sambandi. Hugmyndir um ný atvinnutækifæri t.d. á sviði ferðamennsku

og þjónustu við ferðamenn gætu leitt til fjölgunar íbúa svo og fjölbreytt lóðaframboð, en hreppsnefnd hefur sett þá reglu varðandi íbúðarbyggingar að í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 sé heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt að reisa fjögur íbúðarhús á sér lóðum á jörðum eða jarðarspildum (sjá kafla 4.1), sem eru 10 ha eða stærri.

Aðalskipulagstillagan gerir auk þess ráð fyrir íbúðarsvæðum á Innri Kóngsbakka (1 ha), Saurum (9,6 ha) og í Þingskálanesi I (4,4 ha).

Lög og reglur, sem getið er um hér á eftir og lúta að íbúðarsvæðum eiga engu að síður við hvað varðar deiliskipulag (þ.m.t. íbúðarhús) á bújörðum. Deiliskipulagsgerðin getur hins vegar orðið mjög fjölþætt og breytileg, þar sem hún mótast út frá sérstöðu svo margra, einstakra jarða.

Hér á eftir eru talin upp lög og reglur um íbúðarbyggð til glöggvunar fyrir hlutaðeigandi.

##### Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Í gr. 6.2.a. segir eftirfarandi:

*Íbúðarbyggð (ÍB)*

*Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.*

## Lög og reglur er lúta að íbúðarbyggð

- Skv. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á deiliskipulagsverkefni því um íbúðarbyggð sem til stendur að vinna þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu o.s.frv. Ef jarðareigandi/framkvæmdaaðili vinnur að gerð deiliskipulags skv. samþykki sveitarstjórnar skal sveitarstjórn samþykkja lýsinguna. Ennfremur skal leita umsagnar á lýsingunni hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, og kynna niðurstöður fyrir almenningi.
- Greina þarf landslag fyrirhugaðra svæða fyrir íbúðarbyggð, áður en deiliskipulagning þeirra hefst, til að kanna m.a. að framkvæmdir séu í samræmi við 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og aðrar greinar þeirra laga.
- Framkvæmdir skulu vera í samræmi við 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og 11. gr. sömu laga varðandi fornleifaskráningu.
- Framkvæmdir skulu vera í samræmi við 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
- Við deiliskipulagningu íbúðarsvæða skal gætt að fjarlægð bygginga frá vegum séu í samræmi við gr. 5.3.2.5.d í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- Fjarlægð bygginga frá loðdýra-, alifugla- og svína búum skal vera í samræmi við 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Gera þarf úttekt á skriðuhættu, grjóthruni og flóðahættu, þar sem slíkt á við, þegar svæði er skipulagt og afmarka þau svæði sem ekki eru byggileg af þeim sökum.
- Ef lóðir eru fleiri en 10 þarf að sýna fram á að a.m.k. 25% af heildaríbúðarsvæði fari undir vegi, stíga og útivistarsvæði.
- Svæði þurfa að vera í góðum tengslum við stofnvegakerfið.
- Í deiliskipulagi skal gerð grein fyrir öflun neysluvatns og til brunavarna.
- Burðarþol vega innan íbúðarsvæða þarf að nægja 20 tonna slökkvibíl og fyrir rotþróahreinsun.
- Í deiliskipulagi skal leggja áherslu á heildaryfirbragð bygginga og þær falli vel að landslagi.
- Vakin er sérstök athygli á helgunarsvæði háspennulína og aðkomu að þeim, sjá kafla 4.14.4.

### Lög og reglur er lúta að íbúðarsvæðum, nokkur dæmi.

#### 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.:

*Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:*

*a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,*

*b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,*

*c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,*

*d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,*

*e. sjávarfitjar og leirur.*

#### 10. gr. þjóðminjalaga nr.107/2001:

*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*

#### 6. gr. laga nr.54/1995 um vernd Breiðafjarðar:

*Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.*

#### 5.3.2.5.d. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

*Utan þéttbýlis skal ekki staðsetja íbúðir eða fristundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.*

#### 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002:

*Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svinabú nær mannabústöðum, matvælaþyrtingum eða vinnustöðum annarra en sjálfs bú síns en sem nemur 500 metrum.*

### 4.3 Frístundabyggð og ferðamennska

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 er gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu frístundabyggðar. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir frístundabyggðarsvæðum á jörðum við vestanverðan Álftafjörð.

Eins og fram kemur í töflu 10 eru 25 frístundahús í sveitarfélaginu og þar af 19 innan svæða sem í aðalskipulagstillögunni eru skilgreind undir frístundabyggð.

Á Innri Kóngsbakka, Kársstöðum, Saurum, Skildi, Gríshóli og Úlfarsfelli eru stök frístundahús, eitt á hverri jörð.

#### **Skipulagsreglugerð nr.90/2013**

##### Í gr. 6.2.h seqir eftirfarandi:

*Frístundabyggð (F).*

*Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónusta sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.*

### Lög og reglur er lúta að svæðum fyrir frístundabyggð

- Skv. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á deiliskipulagsverkefni því sem til stendur að vinna þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu o.s.frv. Ef jarðareigandi/framkvæmdaaðili vinnur að gerð deiliskipulags skv. samþykki sveitarstjórnar skal sveitarstjórn samt samþykkja lýsinguna. Ennfremur skal leita umsagnar á lýsingunni hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, og kynna niðurstöður fyrir almenningi.
- Greina þarf landslag fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð, áður en deiliskipulagning þeirra hefst, til að kanna m.a. að framkvæmdir séu í samræmi við 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og annarra greina þeirra laga.
- Framkvæmdir skulu vera í samræmi við 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 og 11. gr. sömu laga hvað varðar fornleifaskráningu.
- Framkvæmdir skulu vera í samræmi við 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
- Við deiliskipulagningu frístundabyggðarsvæða skal gætt að fjarlægð bygginga frá vegum séu í samræmi við gr. 5.3.2.5. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

#### **Lög og reglur er lúta að svæðum fyrir frístundabyggð, nokkur dæmi**

##### 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.:

*Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndarog skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:*

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,*
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,*
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,*
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,*
- e. sjávarfitjar og leirur.*

##### 10. gr. þjóðminjalaga nr.107/2001:

*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*

##### 6. gr. laga nr.54/1995 um vernd Breiðafjarðar:

*Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.*

##### 5.3.2.5.d. gr. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013

*Után þéttbýlis skal ekki staðsetja [...] frístundahús nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi. Aðrar byggingar skal ekki staðsetja nær stofn- og tengivegum og öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m eins og þeir eru skilgreindir í aðalskipulagi.*

##### 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002:

*Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 metrum.*

- Gera þarf úttekt á skriðuhættu, grjóthruni og flóðahættu, þar sem slíkt á við, þegar svæði er skipulagt og afmarka þau svæði sem ekki eru byggileg af þeim sökum.
- Lágmark 25% af afmörkuðum frístundabyggðarsvæðum fari undir götur, stíga og opin svæði (leik- eða útivistarsvæði). Skal aðgangur að almennum leiksvæðum vera í hóflegri fjarlægð frá lóðum. Er þá ekki tekið tillit til breytilegs landslags (s.s. klettabelta), fornminja og veitulagna, sem í mörgum tilfellum getur hækkað þetta hlutfall.
- Ef lóðir fyrir frístundabyggð eru fleiri en 30 á tilteknu svæði skal gera ráð fyrir sparkvelli í tengslum við svæðið og leikja- og útivistaraðstöðu.
- Sýna verður fram á öruggt vega- og stígakerfi að svæðunum og innan svæða og að gönguleiðir tryggi stöðu gangandi umferðar innan svæðis og milli aðliggjandi svæða.
- Gera skal skýra grein fyrir vatnsöflun, bæði til neyslu og slökkvistarfa og sýna nærsvæði vatnsbóla í deiliskipulagi.
- Miðað skal við að rotþrær fyrir frístundabyggð verði færri og stærri og fleiri hús tengist sömu rotþró.
- Mælst er til að notuð séu örnefni af viðkomandi svæði.
- Sorpgámar eru heimilaðir á frístundabyggðarsvæðum.
- Vakin er sérstök athygli á helgunarsvæði háspennulína og aðgengi að þeim, sjá kafla 4.14.4.
- Almennt má ekki byggja nær vötnum ám eða sjó, en sem nemur 50 m. Þá má ekki hindra leið fótgangandi meðfram þeim.

Tafla 22 sýnir yfirlit yfir jarðir þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð, stærð svæða og hámarksfjölda lóða miðað við að stærð lóða sé að lágmarki 0,5 ha og að 25% svæðis fari undir götur, stíga og opin svæði.

**Tafla 22. Stærð og staðsetning svæða undir frístundabyggð.**

Hámarksfjöldi lóða miðast við að byggingarsvæði nemi um 75% af heildarstærð svæðis og hver lóð sé að lágmarki 0,5 ha að stærð.

Jörð	Fjöldi svæða	Heildarstærð svæðis (ha)	Stærð byggingarsvæðis (ha)	Hámarksfjöldi lóða
Drápuhlíð ytri	1	12,3	9,3	18
Hamrar	1	7,9	5,9	12
Hofsstaðir	2	30,1	22,6	45
Hrísar				
- Helluland	1	33,8	25,4	50
Hólar	3	31,9	23,9	47
- Hólar*	1	6,3	-	20
Kljá 2 **	1	4,0	4,0	2
Saurar	1	62,4	46,8	93
- Birkilundur***	1	32,9	-	45
Svelgsá	1	22,5	16,9	33
Vellir	1	10,2	7,7	15
Þingvellir	2	87,3	65,5	131
<b>Samtals</b>	<b>16</b>	<b>341,6</b>		<b>511</b>

\* Hólar – Til er óstaðfest deiliskipulag fyrir Hóla. Svæðið er því undanskilið þeim forsendum, sem getið er um í töfluheiti.

\*\* Kljá 2 - Sérstakir þinglýstir samningar

\*\*\* Birkilundur - Staðfest deiliskipulag – svæðið er því undanskilið þeim forsendum, sem getið er um í töfluheiti.

**Ferðamennska**

Á síðustu áratugum hefur orðið geysileg fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi og á árabílinu 1999 – 2008 fjölgaði erlendum ferðamönnum um rúm 90% úr 260 í 500 þúsund eða um 8% að meðaltali milli ára. Ef gert er ráð fyrir að frekari aukning erlendra ferðamanna eigi sér stað má vel búast við að erlendum ferðamönnum fjölgi í Helgafellssveit á skipulagstímabilinu og er gengið út frá því að svo verði í þessari áætlun.

Þá má einnig búast við því, að innlendum ferðamönnum fjölgi á svæðinu ekki síst ef fjölgað verður þar tækifærum til fjölþættra athafna, fræðslutilboða og gistingar. Almennt má búast við að kröfur ferðamanna erlendra sem innlendra aukist hvað snertir fjölbreytni í aðbúnaði og óskir um að sérhæfðar og fræðandi upplýsingar um svæðið sem ferðast er um séu fyrir hendi. Efla þarf kannanir á fjölda ferðamanna og áhugasviði svo hægt sé að vera markviss í endurbótum og uppbyggingu aðstöðu.

**Skoðunarferðir, fæðsluferðir og veiðiferðir**

Á þessu sviði eru tækifærin fjölþættari, en víðast hvar á landinu. Fuglaskoðun, selaskoðun, fjöruskoðun, veiðar af ýmsu tagi, fræðsla um einstaka jarðfræði, plöntur og líf fólksins í landinu fyrr og síðar, fornminjar, sögu, menningu, sérstakt mataræði o.m.fl. eru allt þættir, sem fólk hefur áhuga á að skoða og fræðast um. Þá mætti með samræmdum aðgerðum t.d. Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps stofna til fræðslu- og skoðanaferða um fjöllin á mörkum sveitarfélaganna. Í kafla hér á eftir er fjallað um einn möguleika í þessu sambandi þ.e.a.s. stofnun jarðvangs í Ljósufjöllum.


Vitneskja um þessa þætti styrkir einnig sjálfsvitund íbúanna og gerir þá meðvitaðri um svæðið sem þeir búa á og sérstöðu þess. Eins og fram kemur í köflum 1.4, 1.6 og 2.1 er nú þegar mikið fræðsluefni til, sem undirstrikar styrk svæðisins og auðveldar mönnum að skipuleggja og ráðast í margvíslegar aðgerðir á þessu sviði.

**Gistiaðstaða o.fl.**

Mikilvægt er að í sveitarfélaginu sé góð aðstaða til gistingar t.d. góð tjaldsvæði og aðstaða fyrir tjaldvagna, húsbíla o.þ.h. Þá er einnig vert að athuga möguleika á bændagistingu, gestavinnustofum fyrir vísindamenn, listamenn af ýmsu tagi og aðra sem hyggjast vinna að verkefnum sem tengjast svæðinu.

Þá getur þjónusta við frístundabyggð, umsjón með friðuðum svæðum o.fl. kallað á atvinnuskapandi eftirlits og viðhaldsstörf fyrir heimamenn.

Skýringarkort 3. Áhugaverð svæði vegna jarðminja, náttúruminja og menningarminja.



Heimild: Lovisa Ásbjörnsdóttir



### Jarðvangur (Geopark)

Komið hefur fram hugmynd um að kanna möguleika á því að setja á fót, í samvinnu við Eyja- og Miklaholtshrepp, jarðvang í hreppnum. Slík svæði hafa mjög mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og bjóða upp á mjög fjölbætta möguleika til fræðsluferða af ýmsu tagi. Hér á eftir verður þessi hugmynd útskýrð nánar og hvernig mætti byrja á því að undirbúa málið.

Jarðvangar eru svæði með tiltekinn fjölda jarðminjastaða innan sinna vébanda auk staða, sem tengjast fornleifum, sagnfræði, menningu, vistfræði og lífríki.

Fyrirmyndin er sótt til Evrópu og hefur þróast mjög hratt. Forgöngumenn voru jarðfræðingar, sem töldu jarðminjar mjög vanmetnar, ekki síst með tilliti til ferðamennsku. Nú eru jarðvangar um allan heim. Utan um þessa þróun heldur Meningarmálastofnun Sameinuðupjóðanna UNESCO).

Í Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi eru fjölbreytilegar jarðminjar eins og víða kemur fram í þessari greinargerð. Fjölbreytileiki jarðminja á svæðinu felst í mismunandi gerð eldstöðva og hrauna, áhugaverðri jarðsögu og ölkeldum.

Ljósufjöll eru áberandi í miðju svæðisins og landslagið tilkomumikið. Á svæðinu eru fjölmargir staðir þar sem saga lands og þjóðar hefur verið skráð í handrit og víða eru sögusvið fornra sagna að mestu óröskuð.

Jarðvangur verður að vera með skýra stefnu í sjálfbærri þróun og góða áætlun um hvernig skuli framfylgja þeirri stefnu. Í jarðvöngum er stuðlað að jarðfræðitengdri ferðamennsku (Geoturism), sem miðar að því að skapa einstaka upplifun bæði hvað varðar náttúru- og menningarminjar svæðisins á sjálfbæran hátt.

Sjálfbær ferðaþjónusta ber virðingu fyrir umhverfinu, tryggir verndun náttúrulegra- og menningarlegra auðlinda til langs tíma og hefur kosti frá félagslegu- og efnahagslegu sjónarmiði.

Jarðvangur hefur bein áhrif á viðkomandi svæði með því að bæta aðstæður heimamanna.

Markmiðið er að auðvelda heimamönnum að endurmeta gildi svæðisins og fá þá til að endurvekja/styrkja menningu þess. Til að árangur náist er frumskilyrði að hreppurinn (íbúarnir í hreppnum) séu þátttakendur í uppbyggingu jarðvangsins. Starfsemi innan jarðvangs er mikilvæg og þar skipta heimamenn miklu máli. Heimamenn sem þekkja vel sína heimahaga og nýta sér náttúruauðlindir þeirra á sjálfbæran hátt og skila jákvæðri ímynd um svæðið til þeirra sem heimsækja það.

Jarðvangur er fyrst og fremst gæðavottun, sem stuðlar að verndun jarðminja, en setur ekki kröfur varðandi verndun eða friðun svæða innan hans. Ákvörðun um slíkt er alfarið í höndum þar til bærra stjórnvalda.

Evropean Geoparks eru svæði eða jarðvangar innan Evrópu, sem eru aðilar að samtökunum Evropean Geopark Network.

Þar gildir sú regla, að öll starfsemi innan jarðvangs verður að vera í þeim anda sem tengslanet Evropean Geopark Network leggur áherslu á þ. e. sjálfbær þróun og verndun jarðminja. Þetta á sérstaklega við um jarðfræðitengda ferðaþjónustu og hvers konar framleiðslu innan svæðisins. Allir jarðvangar Evrópu vinna að sama markmiði, sem er að gera sín svæði að sérstökum áfangastað ferðamanna og áhugaverðum stað heim að sækja.

Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppur gætu í góðu samstarfi hafist handa við að byggja upp áhugaverðan jarðvang að fyrirmynd Evropean Geopark Network, sem myndi stuðla að aukinni ferðamennsku innan svæðisins og styrkja atvinnulíf þar. Það er ekki síst vegna möguleikanna á sviði atvinnulífs, sem fjallað er um hugmyndir um jarðvang í tillögu að Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024.

Hér er því slegið fram, til þess að styrkja hugmyndina, að hrepparnir tveir, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppur, leituðu jafnvel efir því að Stykkishólmur yrði með í þessu samstarfi og uppbyggingu, þar sem notið væri góðs af þeirri þekkingu/starfsemi sem þar er fyrir hendi t.d. hjá Náttúrustofu Vesturlands, Háskólasetrinu, Eldfjallasetrinu og hjá útibúi Fornleifastofnunar Íslands í Stykkishólmi á sviði menningarminja og verndunar þeirra. Þá gæti einnig verið æskilegt að Dalabyggð (eða hluti af fyrrum Skógarstrandarhreppi) tæki þátt í samstarfinu vegna mikilla sögu og menningarminja, þar um slóðir, en einnig vegna vega og gönguleiða, sem tengja hreppana. Þar að auki væri samstarf við Borgarbyggð æskilegt vegna ákveðinna landsvæða meðfram Haffjarðará í fyrrum Kolbeinsstaðahreppi. Þannig væru heildstæðar jarðfræðilegar myndanir eins og Rauðamelskúlurnar báðar og hraunin, sem runnið hafa frá þeim, innan jarðvangsins.

Á skipulagsupprætti hefur ekki verið sýnd sérstök afmörkun hugsanlegs jarðvangs eða hann skilgreindur sem sérstök landnotkun enda ekki tímabært á þessu stigi. Á skýringarkorti 3 í greinargerð eru til glöggvunar dregnir grænir hringir (1-5) um svæði sem gætu verið sérstaklega áhugaverð í þessu sambandi og nær kortið yfir stærra svæði en hreppinn.

Fyrstu skref í undirbúningi að stofnun svæðisins væru þau að láta vinna vel skilgreinda samantekt um náttúru og sögu svæðisins og í framhaldi af því væri svo unnið að afmörkun hans, umfangi og frekari skilgreiningum. Nú þegar liggur fyrir mikið efni, sem hægt væri að nota, en færa þarf í viðeigandi búning. Jarðvangar í tveimur eða fleiri sveitarfélögum kalla síðan á samvinnu viðkomandi sveitarfélaga og samræmingu aðalskipulags þeirra.

### **Helgafellssveit og EarthCheck**

Vottunarsamtökin EC3 Global eru áströlsk samtök, sem sjá um vottun samfélaga og ferðaþjónustuaðila og veita þeim umhverfismerki, ef þau standast kröfur. Samtök þessi hafa umsjón með Earth Check vottunarkerfinu, sem byggir á hugmyndafræði Dagskrár 21 um ábyrga stjórnun og sjálfbæra þróun og var sett á fót með stuðningi Alþjóða ferðamálaráðsins og Alþjóða ferðamannasamtakanna árið 1994.

Í upphafi gekk vottunarkerfið undir nafninu Green Globe, en vottunin var endurnýjuð vorið 2010 og þá undir merkjum Earth Check. Árlega skilar samfélagið mælanlegum upplýsingum um frammistöðu sína á eftirfarandi sviðum og skal stefnt að stöðugum úrbótum:

- a. Losun gróðurhúsaáhrifa
- b. Orkunýting, orkusparnaður og stjórnun
- c. Stjórnun ferskvatnsauðlinda
- d. Verndun og stjórn vistkerfa
- e. Stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðaþjónustunnar
- f. Skipting og þróun svæða undir ferðaþjónustu

- g. Félagslegur ávinningur svæðisins af ferðapjónustu
- h. Stjórnun fráveitumála og ofanvatns
- i. Lágmrörkun úrgangs, endurnýting og orkuvinnsla
- j. Geymsla og notkun efna, sem eru skaðleg umhverfinu
- k. Verndun menningarminja

Auk þessara ákveðnu vísa getur hvert samfélag búið sér til sína eigin vísa, sem fylgst verður með. Sem dæmi má nefna að á Snæfellsnesi er mæld sú endurnýtanlega orka, sem framleidd er á svæðinu og sama er að segja um endurnýjanlega orku, sem neytt er á svæðinu.

Heimild: [www.stykkishólmur.is](http://www.stykkishólmur.is)

### Leiðir til eflingar

- Góð og aðlaðandi svæði fyrir tjöld, húsbíla og húsvagna eru mikilvæg fyrir ferðamenn. Gera þarf úttekt á þeim sem fyrir eru í sveitarfélaginu og athuga hvernig er hægt að efla þau og styrkja.
- Bændagistingu mætti efla og tilboðum í sambandi við heimsóknir og dvöl á bændabýlum. Göngu og reiðleiðir mætti bæta.
- Starfsemi félagsheimilisins Skjaldar mætti efla í þágu félagslífs og fræðslu. Þá er við hæfi að efla slíkt einnig á Helgafelli og tengja kirkjuna þar við þá starfsemi. Þar væri einnig hugsanlegt að koma á fót gestavinnustofu. Svipað á við um Bjarnarhöfn.

### 4.4 Iðnaðarsvæði

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 eru sýndar á skipulagsupprætti fjórar vatnsaflsvirkjanir, sem falla undir þennan landnotkunarflokk.

Hér er um að ræða Lindárvirkjun, í landi Gríshóls. Virkjunin er 580 kW og er hún þegar risin.

Virkjun í landi Hrísa, Svelgsárvirkjun, 655 kW, hefur þegar verið umhverfismetin af Skipulagsstofnun og er ekki talin háð mati

á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir við hana eru ekki hafnar.

Tengingar þessara tveggja virkjana við veituhverfið eru sýndar á aðalskipulagsupprætti.

Virkjanir í landi Örlygsstaða og Kársstaða, sem sýndar eru á aðalskipulagsupprætti eru aðeins fyrirhugaðar og ekki vitað um stærð þeirra né hugsanlegar tengingar við veitukerfið<sup>5</sup>.

Deiliskipulagning þeirra kallar á breytingar á aðalskipulagi.

#### Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Í gr. 6.2.f. segir eftirfarandi:

*Iðnaðarsvæði (I).*

*Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin hafa mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsaflsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.*

<sup>5</sup> Á aðalskipulagsupprætti fá þær tvær síðarnefndu lit iðnaðarsvæða. Í kafla 3.1 kemur fram að smávirkanir, smærri en 200 kW, séu heimilaðar innan landbúnaðarsvæða. Reynist stærð virkjana innan þess viðmiðs munu viðkomandi iðnaðarsvæði falla út úr skipulagsáætluninni.

#### 4.5 Verslun og þjónusta

Vegna nálægðar svæðisins við Stykkishólm er í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024, aðeins gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi í tengslum við ferðaþjónustu bænda í Bjarnarhöfn. Þá er félagsheimilið Skjöldur sýnt í verslunar- og þjónustulit á aðalskipulagsupprætti svo og veiðihús á Kársstöðum.

Þess ber þó að geta að stærð merkinga á upprætti segir hvorki til um landstærð né nákvæma staðsetningu. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir breytingum á umfangi svæðanna sem fyrir eru frá því sem nú er.

##### **Skipulagsreglugerð nr. 90/2013**

###### Í gr. 6.2.c. segir eftirfarandi:

*Verslun og þjónusta (VP).*

*Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum gistiheimilum, gistiskálum veitingahúsum og skemmtistöðum.*

##### **Leiðir til eflingar**

- Sjá kafla 2.4.3. og kafla 4.3.

#### 4.6 Samfélagsþjónusta

Eins og kom fram í kafla 2.6 er samvinna á milli nágrannasveitarfélaga og Helgafellsveitar um samfélagsþjónustu á mörgum sviðum. Kirkjurnar að Helgafelli og í Bjarnarhöfn ásamt kirkjugörðunum við kirkjurnar falla t.d. undir þá skilgreiningu. Þá teljast endurvarpsstöðvar í landi Kothrauns og Borgarlands til þessa flokks og aðveitustöð við Vogaskeið í landi Arnarstaða.

##### **Skipulagsreglugerð nr.90/2013**

###### Í gr. 6.2.d. segir eftirfarandi:

*Samfélagsþjónusta (S)*

*Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.*

Svæði fyrir þjónustustofnanir eru merkt á aðalskipulagsupprætti. Þess ber þó að geta að stærð merkinga segir hvorki til um stærð lóðar né nákvæma staðsetningu, en í tillögunni er ekki gert ráð fyrir breytingum á núverandi umfangi þessara svæða Sjá nánar kafla 2.6.

##### **Leiðir til eflingar**

- Leggja þarf áherslu á að þjónustustofnanir á svæðinu geti sinnt hlutverki sínu sem best.
- Lögð verður áhersla á að tryggður verði sem víðtækastur aðgangur svæðisins að nýjustu tækni hvað varðar gagnaflutninga.



Helgafellskirkja / ljósm. J.E.R.

## 4.7 Náttúra

### 4.7.1 Náttúruverndarsvæði

Í 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 segir:

„Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri,
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- sjávarfitjar og leirur."

#### Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Í gr. 6.3.e. segir eftirfarandi:

Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar og orkunýtingaráætlunum.

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 er gerður fyrirvari um þau atriði 37. gr. er varða leyfisveitingar til fram-kvæmda, þar sem sveitarfélagið hefur ekki verið kannað, að því leyti sem um getur, með fullnægjandi hætti. Skal í þessu sambandi sérstaklega nefna gróðurfar, mýrar og flóa. Fullkomnari skráning þarf að fara fram á þessum þáttum. Þangað til það er gert verður að líta á einstök mál ef upp koma á þessu sviði sem sér mál, sem þá þarf að athuga sérstaklega.

Ísland er aðili að Ramsarsamningi, sem er alþjóðlegur samningur um verndun og skynsamlega nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæðis fyrir votlendisfugla. Skv. samningnum skulu aðildaríki hans meðal annars stuðla að verndun

votlendis og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur sem votlendin eru á skrá eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi.

Eins og fram kemur í kafla 1.8 eru fjögur svæði í hreppnum á Náttúruminjaskrá 1996 og eru þau talin upp þar og gerð grein fyrir eðli þeirra. Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 eru þessi svæði sýnd sem önnur náttúruvernd á aðalskipulagsupprætti. Sjá einnig skýringarkort 4.

Meðal svæða á Náttúruminjaskrá 1996 eru Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn, þ.e. Selvallavatn, Hraunsfjarðarvatn og Baulárvallavatn. Á þessu svæði er sérstæð jarðsaga og einstakar náttúruminjar t.d. við Mjósund, sem er eini staðurinn á Íslandi, þar sem hraun hefur runnið út í fjörð. Í hrauninu sjálfu eru merktar þjóðminjar s.s. Berserkjagata og Berserkjadys. Svæðið er kjörið útivistarsvæði. Helgafell og umhverfi þess, sem er á Náttúruminjaskrá 1996, er merkilegt í náttúrufarslegu tilliti, auk þess sem það nýtur söguhelgi. Sama má segja um fjörur í Hofsstaðavogi, Álftafirði og Vigrafirði, sjá kafla 1.8 og 2.1.



Berserkjadys / ljósm. M.A.S

Vakin skal athygli á því að áhrifasvæði Múlavirkjunar í Straumfjarðará í Eyja- og Miklaholtshreppi nær til bæði Hraunsfjarðarvatns og Baulárvallavatns þar sem þau eru notuð sem vatnsmiðlanir fyrir virkjunina. Bæði þessi vötn eru eins og áður er fram komið á Náttúruminjaskrá 1996 og eru að mestu í Helgafellssveit.

**Leiðir til eflingar**

- Stefnt skal að því að fá svæði innan hreppsins, sem hafa alþjóðlegt mikilvægi viðurkennd, en slíkt hefði þýðingu fyrir rannsóknir á sviði náttúrufræða og uppbyggingu ferðamennsku.
- Stuðla þarf að rannsóknum og fræðslu um þær fjölbreyttu náttúruminjar sem eru í hreppnum, gerð upplýsingabæklinga, korta og merkinga á þessum stöðum.
- Stefnt er að verndum þjóðleiða og merkingu leiða um náttúruverndarsvæði til að auðvelda aðgengi til dæmis að merktum stöðum, og til að hlífa að öðru leyti viðkvæmum svæðum. Ennfremur er stefnt að því að halda gömlum reiðleiðum opnum.

**4.8 Minjavernd**

Fáir staðir í Íslandi eru jafn ríkir af sögu og Helgafellssveit.

Eins og fram er komið í kafla 2.1 eru 36 menningarminjar friðlýstar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 í hreppnum. Áhugi er á meðal heimamanna að kanna hvort ekki væri ástæða til að beina sjónum að fleiri stöðum/svæðum, sem rétt væri að friðlýsa eða vernda með öðrum hætti. Svo sem gamlar þjóðleiðir, bæjarhóla, vörður og útræði.

Pá eru tvær kirkjur friðaðar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001, sjá kafla 2.1.3.

Nauðsynlegt er að efla rannsóknir á þessu sviði á svæðinu umtalsvert á næstu árum. Sérstaklega mætti nefna frekari rannsóknir og skráningu á hjáleigubbyggð, ítarlegri skráningu og rannsóknir á mörgum þeim þáttum sem tilgreindir eru í töflu 7 og leita eftir samvinnu við Minjastofnun Íslands um að húsakönnun fari fram í hreppnum.

Staðir sem eru friðlýstir skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 og lögum nr. 104/2001 eru merktir með rauðum þríhyrningi á aðalskipulagsupprætti. Sjá einnig skýringarkort 4.

**Leiðir til eflingar**

- Leita þarf eftir samstarfi við þjóðminjayfirvöld um hvernig haga meggi átaki í þessum eignum og með hvaða hætti þessum menningarminjum, verði best til haga haldið.
- Kortleggja þarf hvernig þjóðminjar svæðisins nýtist best til eflingar svæðisins í margvíslegum skilningi.
- Stuðla þarf að rannsóknum og fræðslu um þær fjölbreyttu þjóðminjar sem finna má í sveitarfélaginu og auðvelda aðgengi að þeim.
- Stefnt skal að gerð húsakönnunar í sveitarfélaginu og mögulegri varðveislu eldri bygginga og annarra mannvirkja, sem merk þykja í hreppnum.
- Stefnt skal að því að hnitasetja fornminjar fyrir árið 2016.


**Skipulagsreglugerð nr. 90/2013**

Í gr. 6.3.f. segir eftirfarandi:

*Minjavernd (MV)*

*Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki, sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.*

Skýringarkort 4. Friðlýstar fornleifar samkv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 ásamt friðuðum kirkjum sbr. lög nr. 104/2001. Ennfremur er sýnt friðlýst æðarvarp í Jónsnesi, hverfisvernduð svæði, svæði á Náttúruminjakrá 1996 (merkt sem önnur náttúruvernd á korti) og vatnsverndarsvæði vatnsbóls á Hrísum.



#### 4.9 Hverfisvernd

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 eru gerðar tillögur um hverfisvernd á nokkrum stöðum, bæði vegna sérstæðrar náttúru en einnig vegna þjóðminja sem þar eru.

Tafla 23. sýnir flokkun þeirra staða/svæða sem gerð er tillaga um að njóti hverfisverndar og gerð grein fyrir ástæðum hverfisverndarinnar. Við flokkun svæða var notast við eftirfarandi viðmið:

- Svæði sem flokkast undir jarðmyndanir:
  - Um er að ræða svæði sem búa yfir sérstökum jarðmyndunum sem má ekki spilla með jarðraski, óviðeigandi gróðri eða mannvirkjagerð.
- Svæði sem flokkast undir menningarminjar:
  - Um er að ræða svæði þar sem ekki má aðhafast neitt, sem rýrir gildi svæðanna sem menningarminja.

Hér á eftir eru talin upp þau svæði/staðir, sem gerð er tillaga um að hverfisvernda og settur fram rökstuðningur fyrir þeim tillögum og megin reglur, sem gilda um hvert

#### Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

*Í gr. 6.3.i. segir eftirfarandi:*

*Hverfisvernd (HV).*

*Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.*



svæði fyrir sig. Gróf áfmörkun svæðanna er sýnd á aðalskipulagsuppdraetti með þeirri merkingu sem gildandi skipulagsreglugerð kveður á um. Hreppsnefnd sér um að framfylgja reglunum.

**Tafla 23. Flokkun staða/svæða sem tillaga er gerð um að njóti hverfisverndar.**

	Jarðmyndanir	Menningarminjar
Drápuhlíðarfjall	X	
Hlaðinn veggur við Hraunháls		X
Svelgsárhraun	X	
Skjöldur eldri hluti mannvirkis		X

### Drápuhlíðarfjall

Gerð er tillaga um hverfisvernd á fjallinu sem jarðsögulegu fyrirbæri.



Drápuhlíðarfjall / ljósm. ók.

### Hlaðinn veggur við Hraunháls

Dæmi um forna vegghleðslu. Gerð er tillaga um hverfisvernd sem menningarminjar. Ekki má taka grjót úr veggnum eða raska honum með öðrum hætti.

### Svelgsárhraun

Merkilegt fyrirbæri í jarðsögulegu tilliti. Gerð er tillaga um hverfisvernd á hrauninu sem jarðsögulegu fyrirbæri. Hrauninu má ekki raska með neinum hætti.

### Skjöldur

Eldri hluti byggingarinnar er hugsanlega gerður eftir uppdráttum Rögnvaldar Ólafssonar arkitekts. Hverfisverndað þar til niðurstöður húsakönnunar liggur fyrir.

Hverfisvernduð svæði eru merkt með svörtum rúðustrikuðum línunum yfir aðra landnotkun á aðalskipulagsuppdraetti.

### Leiðir til eflingar

- Þar sem hverfisvernd felur ekki í sér lögformlega friðun, er mikilvægt að hreppsnefnd gæti þess að hverfisvernduðum svæðum verði ekki spillt og þau verði nýtt í þágu eflingar fræðslu, rannsókna og ferðamennsku.
- Vinna þarf að frekari kynningu og upplýsingum um þessi svæði með markvissum hætti.

### 4.10 Vatnsvernd

Við flokkun vatnsverndarsvæða ber að fylgja reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, sjá og 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkanna skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnssviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu.

#### 4.10.1 Flokkun vatnsverndarsvæða

Vatnsverndarsvæði eru skilgreind með eftirfarandi hætti í 13. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn:

##### I. flokkur. Brunnsvæði.

Það er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

##### II. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er meðal annars átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðanotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

##### III. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins, en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirsmáli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Vatnsból í landi Hrísa, vatnsverndarsvæði umhverfis það og vatnsveita frá því er sérstaklega merkt á aðalskipulagsupprætti með merkingu sem gildandi skipulagsreglugerð segir til um.

Vegna skorts á upplýsingum um vatnsból og vatnsverndarsvæði á einstökum jörðum eru önnur vatnsból ekki sýnd á skipulagsuppdraetti. Aðkallandi er að unnið sé í þessum málum og sett fram skýr stefna. Hreppsnefnd stefnir að skráningu vatnsbóla og afmörkun vatnsverndarsvæða. Áformað er að þeirri vinnu verði lokið í síðasta lagi árið 2016. Þá verði á sama tíma lokið mótun langtímamarkmiða varðandi vatnsmál í hreppnum.

#### Leiðir til eflingar

- Hefjast verður handa um að marka stefnu um vatnsöflun og vatnsvernd á einstökum svæðum og hugleiða kosti þess að fleiri bæir sameinist um vatnsveitur. Bent er á að samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn og skulu í aðalskipulagi koma fram langtímamarkmið. Einnig skal kortleggja viðkvæm svæði fyrir mengun og menguð svæði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Stefna þarf að því að heilbrigðisnefnd í samráði við sveitarstjórn flokki vatnasvæði í hreppnum og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.
- Tímamörk sem hreppsnefnd hefur sett sér varðandi alla þessa þætti koma fram hér að ofan.

#### 4.11 Afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og opin svæði

##### Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 er gert ráð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæðum sem hér segir:

- Tjaldsvæði á Skildi.
- Tjald-, hjólhýsa- og smáhýsasvæði á Hólum 1.
- Fyrirhugað tjaldsvæði á Örlygsstöðum.
- Þá er sýnt svæði fyrir áningarstað nálægt gatnamótum vegar nr. 54 og vegar nr. 577.

##### Íþróttasvæði

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 er gert ráð fyrir golfvelli í landi Drápuhlíðar ytri.

##### Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

###### Í gr. 6.2.i segir eftirfarandi:

*Afþreyingar- og ferðamannasvæða (AF)*  
Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar

###### Í gr. 6.2.j segir eftirfarandi:

*Íþróttasvæði (ÍÞ)*  
Svæði fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

###### Í gr. 6.2.l segir eftirfarandi:

*Opin svæði (OP)*  
Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

##### Opin svæði

Eins og segir í kafla 4.12 eru skógræktarsvæði, sem falla undir þessa skilgreiningu í Borgarlandi, á Saurum og í Vatnsdal, neðst í hlíðum Drápuhlíðarfjalls og eru svæðin öll í umsjón Skógræktarfélagi Stykkishólms. Þetta eru svæði, sem eru að talsverðu leyti opin almenningi, útivistarskógar, fyrir heimamenn og ferðalanga þar sem lögð er

áhersla á að efla útivistargildi svæðanna, t.d. með því að bæta gönguleiðir/stígagerð um svæðin o.fl.

Vakin skal ennfremur athygli á því að einnig innan svæða á Náttúruminjaskrá 1996 eru fjölmörg svæði með mikið og sérstakt útivistargildi. Gott dæmi um slíkt svæði er t.d. umhverfi Hraunsfjarðar.

#### 4.12 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Fram kemur í forsendukafla 1.7 um skóga, skógrækt og landgræðslu, að þrjár jarðir í Helgafellssveit, Saurar, Svelgsá og Helgafell séu með samning við Vesturlandsskóga um skógrækt á tæplega 200 ha svæði samtals. Afmörkun samningssvæða er sýnd með dökkgrænni línu utan um svæðin á skipulagsuppdraetti. Auk þess eru á uppdraetti sýnd gróf afmörkun á öðru landi, sem eigendur/ábúendur Hrísakots, Kársstaða, Saura, Ytri - Kóngsbakka, Úlfarsfells og Þingvalla vilja nýta til skógræktar.

Þá eru sýnd á uppdraetti skógræktarsvæði sem falla undir landnotkunarflokkinn „opin svæði“. Þessi svæði eru í Borgarlandi (rúmir 18 ha), Drápuhlíð (Vatnsdal 50 ha) og á Saurum (50 ha), sjá nánar kafla 4.11. Hinn forni upprunalegi Sauraskógur um 50 ha er í eigu Skógræktar ríkisins, en öll eru þessi þrjú svæði í umsjá Skógræktarfélags Stykkishólms (sjá nánar kafla 1.7) og hafa mikið gildi sem útivistarsvæði. Hér skal þess getið að rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins vinnur nú að skógræktarkönnun, sem felur í sér endurkortlagningu náttúrulegra/upprunalegra birkiskóga á Íslandi. Gert er ráð fyrir að því verkefni verði lokið árið 2014. Meðal þeirra svæða sem skoðuð eru er Sauraskógur.

Í kafla 1.7 segir frá 605 ha landgræðslusvæði í umsjá Landgræðslu ríkisins í Stórholtum norðan Kerlingarfjalls. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða, sem áriðandi er að verði sinnt áfram.

#### Lög og reglur er lúta að skógræktarsvæðum

- Að votlendi verði undanskilið skógrækt, sbr. Ramsarsaminginn um verndun votlendis sem Ísland er aðili að.
- Að ræktun skóga sé í samræmi við Ríósamninginn um verndun líffræðilegs fjölbreytileika og Bernarsamninginn um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.
- Um nýræktun skóga gildir sú regla að fari stærð skógræktarsvæðis að og yfir 200 ha og/ef skógræktarsvæði fer yfir verndarsvæði, þarf að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, auk þess sem sækja ber um framkvæmdarleyfi til hreppsnefndar áður en hafist er handa.
- Ræktun útlendra plöntutegunda verður að vera í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.
- Skógrækt skal vera í samræmi við 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br. Sjá hér að framan.
- Náttúrulegur/upprunalegur birkiskógur s.s. Sauraskógur fellur undir 39. gr. náttúruverndarlaga, en Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun skulu vinna að verndun og eftirliti með slíkum náttúrulegum birkiskógum.
- Skógarhögg og grisjun skóga verður að vera í samræmi við 6. gr. laga nr. 3/1955 um skógrækt.

- Ræktun skóga skal vera í samræmi við 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- Ræktun skóga skal vera í samræmi við 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.
- Ekki verði plantað nær vatnsbakka en sem nemur 30 - 50 metrum, sbr. tilmæli Umhverfisstofnunar.
- Þá eru tilmæli frá orkugeiranum þess efnis að ekki sé viðhöfð skógrækt innan helgunarsvæðis háspennulína og þess gætt að plöntur sái sér ekki innan þess. Tryggja þarf aðgengi meðfram slikum línunum til viðhalds og eftirlits. Um getur verið að ræða ýmis vélknúin ökutæki allt eftir eðli verkefnis hverju sinni.
- Í 36. gr. laga nr. 44/1999 m.s.br. um náttúruvernd segir, að við skógrækt og skjólbeltagerð skuli þess gætt að ræktunin falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Forsendur skógræktar á stærri svæðum skal því vera vönduð ræktunaráætlun, sem kynnt er fyrir hreppsnefnd.
- Áriðandi er að landnotkun á bújörðum og landbúnaðarsvæðum sé skipulögð þannig, að ekki sé gengið á þá auðlind sem felst í landkostum á viðkomandi jörð.

**Lög og reglugerðir er lúta að skógrækt - nokkur dæmi-**

10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda:

*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó.*

6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955 m.s.br.:

*Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grísað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.*

37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 m.s.br.:

*Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:*

- eldvörp, gervigigar og eldhraun,*
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,*
- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,*
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,*
- sjávarfitjar og leirur.*

10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001:

*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*

6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

*Framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, eru leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminjum eða lífríki að mati Umhverfisstofnunar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.*

Gert er ráð fyrir að skógræktarsvæðin flokkist í meginatriðum í þrjá flokka auk skjólbelta:

- Fjölnytjaskógur. Um er að ræða skóg sem upprunalega getur hafa verið gróðursettur sem landgræðsluskógur / rannsóknarskógur (þ.e. gerð er rannsókn á því hvaða trjátegundir henta best til ræktunar á svæðinu). Í skóginum eru líkur á að finna fjölbreytilegar trjátegundir, bæði lauf- og barrtré, þó með áherslu á ræktun hinna fyrrnefndu. Skógurinn er verndaður fyrir beit og öðrum átroðningi. Lögð er áhersla á gönguleiðir um skóginn. Sveppir og ber gefa skóginum einnig gildi til útivistar.
- Landbótaskógur. Um er að ræða skóg sem ræktaður er með það meginmarkmið að fegra land, bæta jarðveg og nýta verndarmátt skóga. Í slíkum skógi væri að finna harðgerðar tegundir s.s. birki, víði, og elri. Göngu- og reiðleiðir, sveppir og ber gefa

skóginum m.a. útivistargildi. Hér er hugtakið landbótaskógur einnig notað um „sjálfgræðsluskóg“ sem vex upp þegar svæði hefur verið beitarfriðað.

- c. Verndarskógur/útivistarskógur. Á slíkum svæðum er fyrst og fremst birki- og víðitegundir að finna. Skóglendið er verndað gegn beit og öðrum átroðningi og reynt að halda því við í sem upprunalegastri mynd.

Rétt er að minna á að skógur skapar skjól, dregur úr rykmengun og eykur hita. Skógur getur dregið úr neikvæðum áhrifum mannvirkja á umhverfið. Skógur bætir oft aðstæður til útivistar og með skipulagi hans er hægt að stýra snjóalögum og vindi. Þá skapar skógur efnisauðlind til framtíðar og bindur CO<sub>2</sub> (að meðaltali 4.5 tonn á ári á ha). Landgræðslan fer með framkvæmd laga nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti. Hvað varðar landgræðslu þá er stefnt að því að græða upp land á þeim svæðun þar sem rof í gróðurlendi er fyrir hendi. Hugað verði að áframhaldandi uppgræðslu lítt eða ógróins lands, m.a. til að fyrirbyggja mögulegt rof, auka frjósemi og viðnám jarðvegs og bæta vatnsmiðlun lands.

## 4.13 Samgöngur

### 4.13.1 Vegir

Í kafla 2.5 er gerð grein fyrir helstu vegum, stofn- og tengivegum. Í stefnumörkun hreppsnefndar kemur m.a. fram að lögð er sérstök áhersla á endurbætur og viðhald vega í sveitarfélaginu í því skyni að gera þá öruggari.

Vegir eru sýndir á aðalskipulagsupprætti og tekur áætlunin til stofn- og tengivega, en aðrir vegir eru sýndir í almennum skýringum.

### 4.13.2 Göngu- og reiðleiðir

Í „Leiðbeiningum um gerð og uppbyggingu reiðvega“ sem unnar hafa verið í samvinnu Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar kemur fram flokkun reiðleiða í þrjá meginflokka eftir hlutverki þeirra. Flokkarnir eru:

- Stofnleiðir. Aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.
- Þéttbýlisleiðir. Leiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir milli hesthúsaferfa.
- Héraðsleiðir. Tengingar milli bæja og fornar leiðir, sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

Á aðalskipulagsupprætti eru sýndar þær göngu- og reiðleiðir, sem fengist hafa upplýsingar um. Hins vegar hefur ekki verið unnin heildstæð stefnumörkun um göngu- og reiðleiðir í Helgafellssveit samfara gerð þessa aðalskipulags.

Full ástæða er til að slík áætlun verði gerð hið fyrsta, ekki síst vegna þess að margar leiðir fara um mjög viðkvæm svæði þar sem sögu- og náttúruminjar eru fyrir hendi. Í slíkum tilvikum þarf að marka vandaða stefnu um umfang gatnanna, gerð þeirra og notkun. Í þessu sambandi skal minnt á að hrossum hefur farið fjölgandi á síðustu árum (sjá kafla 2.4.1) sem gæti þurft að hafa sérstaklega í huga við uppbyggingu stíga.

**Leiðir til eflingar.**

- Lögð verður áhersla á að vinna að stefnumörkun og yfirliti yfir göngu- og reiðleiðir í Helgafellssveit.
- Áherslu þarf að leggja á kynningu og merkingar á göngu- og reiðleiðum og því að þeim sé ekki lokað með farartálmum.

**4.14 Veitur**

Stofnkerfi rafveitu í dreifbýlinu eru sýnd á aðalskipulagsupprætti með tilheyrandi merkingum. Þá eru sýndar borholur fyrir heitt og kalt vatn og stofnlagnir frá þeim inn að sveitarfélagamörkum við Stykkishólm.

**4.14.1 Kalt vatn**

Á aðalskipulagsupprætti er vatnsból í landi Hrísa sýnt með bláum punkti, verndarsvæði þess sýnt sérstaklega og stofnlögn til Stykkishólms. Sjá einnig kafla 2.7.1. Vakin er athygli á að samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn er nú þegar krafa um að mjólkurframleiðendur hafi starfsleyfi fyrir vatnsveitu og skilgreint sé verndarsvæði, það er brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði veitunnar á upprætti. Í aðalskipulagsáætluninni er slíkt ekki gert þar sem upplýsingar um vatnsból í dreifbýli liggja ekki fyrir. Stefnt er að því að búið verði að hnitasetja öll vatnsból og afmarka vatnsverndarsvæði fyrir þau í seinasta lagi árið 2016.

**4.14.2 Heitt vatn**

Núverandi heitavatnsborhola í landi Hofstaða þjónar einvörðungu Stykkishólmi, sbr. kafla 2.7.2 og holan á Arnarstöðum einvörðungu þeim bæ.

Áhugavert er að skoða frekari möguleika á aukinni heitavatnsöflun fyrir hreppinn.

Borholurnar eru sýndar á aðalskipulagsupprætti með rauðum punkti.

**4.14.3 Fráveitur**

Lögð verður áhersla á að rotþrær verði sameinaðar á nýjum byggingarsvæðum, svo sem unnt er og reglur kveða á um, í því skyni að fækka þeim. Bent er á lög nr. 9/2009, en þau kveða skýrt á um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Í 4. gr. laganna er t.d. skýrt tekið fram hvenær beri að setja niður safnveitur í dreifbýli.

**4.14.4 Rafveitur**

Ekkert liggur fyrir um stærð virkjana í landi Örlygsstaða og Kársstaða, (sjá nánar kafla 4.4). Óskir hafa verið settar fram af eigendum jarða varðandi þessa virkjunarkosti og er því staðsetning þeirra sýnd á upprætti.

Hreppsnefnd leggur áherslu á að bújarðir verði sem fyrst tengdar 3ja fasa rafmagni.

Aðgengi að 3ja fasa rafmagni er almennt háð því hve langt notendur eru frá 3ja fasa dreifikerfi og hækkar kostnaður notenda eftir því sem fjarlægð eykst, (sjá nánar kafla 2.7.3). Búið er að setja fyrsta áfanga Helgafellssveitarlínu frá aðveitustöðinni við Vogaskeið í streng og sumarið 2009 var lagður háspennustrengur að Bjarnarhöfn til þess að koma þangað 3ja fasa rafmagni. Gert er ráð fyrir að háspennustrengur eða hluti hans falli inn í dreifikerfið þegar Helgafellssveitarlína verður endurnýjuð á því svæði. Sú framkvæmd er hins vegar ekki tímasett. Sama á við um endurnýjun Skógarstrandarlínu.

Tekið skal fram að ákvörðun byggingarbanns (helgunarsvæðis) háspennulína fer nú fram skv. staðlinum IST EN 50341-1:2001 og íslenskum viðauka EN 50341-3-12: 2001. Staðlarnir hafa lagastöð í reglugerð nr.586/2004. Þá skal þess einnig getið að skipulögð trjárækt innan helgunarsvæða þykir óheppileg.

Byggðalínur veitukerfa Landsnets og RARIK eru sýndar á aðalskipulagsupprætti ásamt jarðstrengjum.

#### 4.14.5 Fjarskipti

Svæði fyrir fjarskiptamannvirki nær til stofnkerfa ljósleiðara og endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. Eins og fram kemur í kafla 2.7.5 er ástand fjarskipta ekki nógu gott í sveitarfélaginu. Enginn aðgangur er t.d. að ljósleiðara sem liggur um hreppinn. Til þess að bæta samkeppnisaðstöðu hreppsins þarf að vinna að úrbótum á þessu sviði.

#### Leiðir til eflingar

- Heimilt er að reisa smávirkjanir allt að 200 kW á landbúnaðarsvæðum, sem ekki njóta friðunarákvæða.
- Áhersla er lögð á að rannsakaðir verði möguleikar á að bora eftir heitu vatni, sem nýtt yrði í þágu hreppsúa.
- Stefnt er að því að vatnsból og vatnsverndarsvæði verði hnitasett í síðasta lagi á árinu 2016.
- Áhersla verður lögð á það á skipulagstímabilinu að raflínur verði lagðar í jörð og sem flestir bæir eigi kost á þriggja fasa rafmagni.
- Leggja verður mikla áherslu á að greiður og öflugur aðgangur sé að öllum fjarskiptum í hreppnum.

#### 4.15 Efnistökusvæði

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 eru sýndar 30 efnisnámur víðsvegar um sveitarfélagið.

Tafla 24 sýnir staðsetningu efnistökusvæða, eignarhald, gerð, áætlað efnismagn og notkun.

Efnistökusvæði stærri en 150 þús. m<sup>3</sup> eða 50 þús. m<sup>2</sup> eiga samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Efnistökusvæði stærri en 50 þús. m<sup>3</sup> eða 25 þús. m<sup>2</sup> eða á verndarsvæðum eru tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar matsskyldu (sjá einnig í kafla 4).

Samkvæmt 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga háð framkvæmdarleyfi hreppsnefndar Helgafellssveitar og Breiðafjarðarnefndar. Engin slík náma er sýnd í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024.

#### Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Í gr. 6.2.g segir eftirfarandi

*Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).*

*Svæði þar sem ráðgert er að að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði er svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.*

*Efnilosunarsvæði eru svæði á landi, sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð s.s. jarðefni, sem til falla vegna byggingarframkvæmda.*



Tafla 24. Yfirlit yfir efnistökusvæði í Helgafellssveit þann 1. desember 2012

Jörð	Náma	Eignarhald	Gerð	Áætlað efnismagn (þús. m <sup>3</sup> )	Notkun
Álfgeirsvellir	1	Einkaeign	Möl	30	Einkanot / sala
Gríshóll	2	Einkaeign	Möl	10	Einkanot / sala
Ytri	3	Einkaeign	Möl	20	Einkanot / sala
Drápuhlíð					
Bjarnarhöfn	4	Einkaeign	Möl	25	Einkanot / sala
"	5	Einkaeign	Möl	20	Einkanot / sala
"	6	Einkaeign	Möl	25	Einkanot / sala
"	7	Einkaeign	Möl	45	Einkanot / sala
"	8	Einkaeign	Möl	25	Einkanot / sala
"	9	Einkaeign	Möl	10	Einkanot / sala
Kársstaðir	10	Einkaeign	Möl	20	Einkanot / sala
Vellir	11	Einkaeign	Möl	10	Einkanot
"	12	Einkaeign	Möl	30	Einkanot
"	13	Einkaeign	Möl	30	Einkanot
"	14	Einkaeign	Möl	45	Einkanot / sala
Hrísar	15	Einkaeign	Möl	30	Einkanot / sala
Hrísakot	16	Einkaeign	Möl	45	Einkanot / sala
Svelgsá	17	Einkaeign	Möl	30	Einkanot / sala
Hólar	18	Einkaeign	Möl	45	Einkanot / sala
Staðarbakki	19	Einkaeign	Möl	15	Einkanot / sala
Hraunháls	20	Einkaeign	Möl	35	Einkanot / sala
Arnarstaðir (Miklholt)	21	Einkaeign	Grjót	20	Sala
Arnarstaðir	22	Einkaeign	Grjót	20	Sala
Arnarstaðir (Ármót)	23	Einkaeign	Sandur	20	Einkanot / sala
Saurar	24	Einkaeign	Grjót	20	Einkanot / sala
....."	25	Einkaeign	Grjót	20	Einkanot / sala
Þingvellir	26	Einkaeign	Möl	20	Einkanot / sala
Kljá	27	Einkaeign	Möl	20	Einkanot / sala
Kóngsbakki innri	28	Einkaeign	Möl	20	Einkanot / sala
....."	29	Einkaeign	Möl	20	Einkanot / sala
....."	30	Einkaeign	Grjót	20	Einkanot / sala

Heimild: Heimamenn

Óheimilt er að veita framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar ef ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag sem fyrrgreindir aðilar hafa gefið umsögn um samkvæmt 33. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Bent skal jafnframt á að samkvæmt 3. mgr. 47. gr. sömu laga er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota

nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Af þessum 30 efnistökusvæðum, sem tilgreind eru í töflunni eru 19 af þeim 20 þús. m<sup>3</sup> eða minni og engin þeirra nær 50 þús. m<sup>3</sup>.

Hins vegar eru aðeins þrjár af námunum skilgreindar einungis til einkanota og tvær eru einungis ætlaðar til að selja grjót úr þeim.

Námur nr. 1 og 2 eru sýndar innan fyrirhugaðra byggingarsvæða. Gert er ráð fyrir að þessar tvær námur víki þegar umrædd byggingarsvæði koma til framkvæmda.

Stefnt er að frágangi allra náma að vinnslutíma loknum sbr. reglur þar um frá 2002.

Þá hefur hreppsnefnd sett sér að setja reglur um meðferð og umgengni þeirra á næstu árum og skulu þær reglur vera fullunnar í síðasta lagi árið 2016.

#### **Leiðir til eflingar**

- Leggja verður áherslu á skipulega nýtingu efnistökuastaða og snyrtilegan frágang þar þegar efnistöku lýkur.

#### **4.16 Sorp og sorphirða**

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs skal sveitarstjórn „... semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs, sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst 12 ára í senn og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar. Í áætluninni skal gera grein fyrir með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnota og endurnýta úrgang og förgunarleiðum.“

Sorpgámar eru heimilaðir á landbúnaðar- og frístundabyggðarsvæðum en staðsetning þeirra er ekki gefin upp á aðalskipulagssupprætti.

Nauðsynlegt er að þessi mál séu í sífelldri athugun og mótun hjá sveitarfélögum.

Sjá einnig kafla 2.7.4 og 2.8.

Í áætlun sem ber heitið „*Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020*“ og 34 sveitarfélög og fjögur sorpsamlög eru aðilar að þ.m.t. Borgarbyggð og Sorpurðun Vesturland getur að líta eftirfarandi tillögur. Tillögurnar miða að því að ná fram þeim markmiðum sem sett eru í lögum nr. 55/22003 um meðferð úrgangs og landsáætlun um meðferð úrgangs fyrir tímabilið 2004-2016. Þá miðast tillögurnar við það að uppfylla þá stefnu sorpsamlaga að eftir verði engin lífræn eða brennanleg efni urðuð á starfsvæði samtakanna.

Hreppsnend Helgafellssveitar tekur undir þessi sjónarmið og gerir ráð fyrir að reynt verði að fylgja þeirri framkvæmdáætlun eftir, sem fram er sett í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs (nr. 557/2003). Jákvæð afstaða hreppsnefndar til þessarar áætlunar skuldbindur hreppinn hins vegar ekki til neinna fjárútláta.

**Leiðir til eflingar**

- Vinna þarf heildstætt og markvisst yfirlit yfir móttöku og flokkunarstöðvar fyrir sorp í hreppnum.
- Áhersla er á að jarðgera lífrænan úrgang sem til fellur.
- Stefnt er að því að upplýsingar um losun byggingarúrgangs og spilliefna verði látnar fylgja byggingarleyfi.

**4.17 Náttúruvá**

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mun stofnunin vinna að dreifbýlishættumati vegna ofanflóða fyrir allar byggðir landsins. Meðan niðurstöður liggja ekki fyrir mælist Veðurstofan til að Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012 - 2024 sé staðfest með fyrirvara um gerð ofanflóðahættumats, samkvæmt lögum 49/1997 við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.


*Heimild: Veðurstofa Íslands.*

Gæta þarf varúðar við skipulagningu byggðar nálægt ströndinni vegna hættu á landbroti. Fjarlægð frá sjávarbakka og gólfhæðir bygginga þurfa að vera í samræmi við skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hættu er á flóðum.

*Heimild: Siglingastofnun Íslands.*



## 5. kafli - Um mat á umhverfisáhrifum



W.A. Collingwood

Helgafell horft til Bjarnarhafnarfjalls

### 5.1 Tilgangur og hlutverk mats á umhverfisáhrifum.

Í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir eftirfarandi:

„Markmið laga þessara er:

- *Að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.*
- *Að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið.*
- *Að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.“*

### 5.2 Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum

Í 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi:

- *„Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þessi lög skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.“*
- *Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.*
- *Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.*
- *Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.*

### 5.3 Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum

Í 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi:

„Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.“ Ef fyrirhuguð framkvæmd fellur undir 2. viðauka ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun sem tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin teljist matsskyld eður ei.

Í Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 – 2024 gætu eftirfarandi framkvæmdir fallið undir 2. viðauka og gætu því talist matsskyldar:

- *Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk.*
- *Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.*
- *Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.*


Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmda og kveður upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ákvarðanir og úrskurði Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra.

Í 7. grein sömu laga segir: „Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfivertenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.“





## 6. kafli. Framfylgd aðalskipulags og heimildir



W.A. Collingwood

Blótsteinn á Þórsnesi

Framfylgd stefnu aðalskipulags er að hluta til ákveðin í aðalskipulaginu sjálfu, þ.e. sem leiðir að þeim markmiðum sem sett eru. Eftir staðfestingu aðalskipulagsins þarf nánari útfærslu. Skilgreina þarf verkefni, framkvæmdir, aðgerðir og málsmeðferð m.ö.o. gera þarf framkvæmdaáætlun.

Skipulagslög nr. 123/2010 gera ráð fyrir nokkrum stjórnækjum til að framfylgja aðalskipulagi en auk þess er hægt að beita ýmsum aðferðum við að framfylgja stefnu aðalskipulags.

### **Lögbundin stjórnækki**

Þau stjórnækki sem felast í skipulagslögum, í sambandi við framfylgd aðalskipulags eru deiliskipulag, byggingarleyfisveiting og framkvæmdaleyfisveiting. Auk þess gegnir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, hlutverki við framfylgd skipulagsáætlana.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, sem skilgreindar eru í sveitarstjórnarlögum skipta miklu máli í þessu sambandi.

### **Deiliskipulag**

Aðalskipulag mótar ramma fyrir deiliskipulag einstakra hverfa, svæða eða reita. Í deiliskipulagi eru útfærð nánar markmið og ákvæði aðalskipulagsins.

Sveitarstjórnin sér um að samræmi sé milli aðalskipulags og deiliskipulags.

### **Byggingar- og framkvæmdaleyfi**

Hlutverk leyfisveitenda (byggingar- og skipulagsnefndar, sveitastjórnar) er m.a. að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum.

### **Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda**

Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er undanfari framkvæmda sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Í matinu er meðal annars athugað samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og skoðaðar nánar forsendur ákvarðana um viðkomandi framkvæmd með tilliti til umhverfisáhrifa.

### **Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga**

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarstjórnir gera fjárhagsáætlanir um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Gera skal áætlun sem nær til 3 ja ára sem setur ramma um gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Við gerð fjárhagsáætlunar gefst tækifæri til að forgangsraða framkvæmdum og verkefnum sem skilgreind hafa verið í aðalskipulagi.

### **Aðrar aðferðir**

Auk lagalega skilgreindra stjórnækja er hægt að beita ýmsum aðferðum við að framfylgja stefnu aðalskipulags. Þær geta til dæmis verið verklagsreglur og gátlistar embættismanna, verkefnaáætlanir, starfshópar um tiltekin málefni, reglubundin vöktun forsenda, mat á árangri markmiða og Staðardagskrá 21.

**Framkvæmda- og verkefnaáætlanir**

Stefnu aðalskipulags er hægt að útfæra í framkvæmdaáætlun fyrir einstaka málaflokka sveitarfélagsins. Í framkvæmdaáætlun eru framkvæmdir og aðgerðir tímasettar og kostnaður áætlaður.

**Starfshópar**

Mögulegt er að skipa starfshópa um tiltekin viðfangsefni sem hafa það að hlutverki að vinna að framfylgd og útfærslu stefnu aðalskipulagsins um viðkomandi málefni.

**Verklagsreglur**

Verklagsreglur og gátlista má nýta til að gera yfirferð yfir deiliskipulagstillögur og byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknir markvissar og til að gæta samræmis við afgreiðslu mála.

**Vöktun og endurskoðun**

Reglulegt mat á því hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag er liður í að framfylgja skipulagsáætluninni. Þannig er með reglulegu millibili skoðað hvernig gengur að ná fram markmiðum skipulagsins og hvort breyttar forsendur kalli á breytingar í stefnu skipulagsins.

**Staðardagskrá 21**

Aðalskipulag getur verið grundvöllur fyrir Staðardagskrá 21 sem er umhverfisframkvæmdaáætlun sveitarfélagsins, gerð á grundvelli Dagskrár 21 alþjóðlegrar samþykktar um umhverfismál.

Í Staðardagskrá 21 er hægt að skilgreina nánar verkefni, framkvæmdir og áform í umhverfismálum sem ætlað er að stuðla að sjálfbærri þróun. Verkefnum er þá forgangsraðað, kostnaður áætlaður, tímasett hvenær verkefnum skuli lokið og skilgreint hvernig eigi að vinna að framkvæmd þeirra.

## 6.1 Heimildir

Bændasamtökin: Ólafur R. Dýrmundsson og Guðlaug Eypórsdóttir  
Fornleifastofnun Íslands FS 281-05091 Reykjavík 2005  
Fornleifavernd ríkisins: Skrá um friðlýstar fornminjar. Fyrsta útgáfa 1990 af  
<http://www.fornleifavernd.is/files/8/20060404110211841.pdf>  
Hagstofa Íslands: Lárus Blöndal  
Haukur Jóhannesson-, „Yfirlit um jarðfræði Snæfellsness“-2006  
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
Heimamenn  
Landgræðsla ríkisins  
Lovísa Ásbjörnsdóttir, jarðfræðingur  
Náttúrufræðistofnun Íslands. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar  
Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002 af  
[http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/skyrslur\\_2002/NI-02016\\_vefur.pdf](http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/skyrslur_2002/NI-02016_vefur.pdf)  
Náttúruminjaskrá 1996  
Oddviti Helgafellssveitar: Benedikt Benediktsson  
RARÍK Stykkishólmi: Björn Sveinsson  
Ríkisútvarpið. Upplýsingar af <http://www.ruv.is/um-ruv/dreifikerfi/sjonvarpsdreifing> og  
<http://www.ruv.is/um-ruv/dreifikerfi/fm-dreifing>  
Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands  
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða. Grein sótt á  
<http://www.raekto.is/Efni.asp?Skoda=Article&ID=649>  
Samgönguráðuneytið. Upplýsingar af [www.samgonguraduneyti.is](http://www.samgonguraduneyti.is)  
Siglingastofnun Íslands; Kristján Helgason.  
Síminn. Upplýsingar af <http://www.siminn.is/adstod/dreifikerfi/>  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Helgafellssveitar: Jökull Helgason  
Skipulagsstofnun  
Skógræktarfélag Stykkishólms: [www.simnet.is/skogur/forest.htm](http://www.simnet.is/skogur/forest.htm)  
Snæfellsnes II Helgafell saga höfuðbóls og klausturs. Hermann Pálsson 1967.  
Sorpurðun Vesturlands  
Stykkishólmsbær: Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir  
Sýslumaður Snæfellinga  
Tómas G. Gunnarsson, forstöðumaður rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi  
Umhverfisstofnun  
Veðurstofa Íslands. Upplýsingar um veðurfar af <http://www.vedur.is/Medaltalstoflur-txt/Manadargildi.html>  
Veðurstofa Íslands: Sigrún Karlsdóttir og Trausti Jónsson  
Vegagerðin. Upplýsingar um vegaáætlun af <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/aaetlanir/vegaaetlun/>  
Vegagerðin. Upplýsingar um vegi og umferðartölur af  
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferd\\_thjod\\_2002/\\$file/Umfer%C3%B0%202002.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferd_thjod_2002/$file/Umfer%C3%B0%202002.pdf) og  
[http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferd\\_thjod\\_2008\\_skyrsla/\\$file/Umfer%C3%B0\\_%C3%A1\\_%C3%BEj%C3%B3%C3%B0vegum\\_2008.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferd_thjod_2008_skyrsla/$file/Umfer%C3%B0_%C3%A1_%C3%BEj%C3%B3%C3%B0vegum_2008.pdf)  
Veidikortið. Upplýsingar sóttar af <http://www.veidikortid.is/Pages/137> og  
<http://www.veidikortid.is/Veidisvaedi/Vesturland/Hraunsfjardarvatn>  
Veidimálastofnun: Upplýsingar um veiðitölur af  
[http://www.veidimal.is/default.asp?sid\\_id=22188&tre\\_rod=001|003|002|&tId=1](http://www.veidimal.is/default.asp?sid_id=22188&tre_rod=001|003|002|&tId=1)  
Verndaráætlun Breiðafjarðar. Upplýsingar af  
<http://www.breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Verndaraaetlun/index.htm>  
Vesturlandsskógar